LEIKSKÓLABÖRN RÆÐA UM JÓLIN

## Kannski eru jólasveinarnir með galdralykil?

22

Heitasta jólagjöfin
dúnsokkar
Aðeins 5.900,-
Betra BAK
Opið í dag til kl. 19



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. desember 2008 — 349. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


SUNNUDAGUR

BYGGÐ Á ÓGEÐFELLDRI EIGIN REYNSLU

Steinar Bragi Guðmundsson rithöfundur hefur vakið mikla athygli fyrir skáldsögu sína Konur.

HELGARVIÐTAL 20

**Á SKÍÐUM SKEMMTI ÉG MÉR** Opið var í Bláfjöllum í gær og er þessi síðasta helgi fyrir jól fyrsta helgin sem opið er í Bláfjöllum í vetur. Færi var gott og þeir ekki sviknir sem mættu á staðinn. Útlit er gott fyrir skíðaiðkun í dag. Skíðasvæði voru einnig opin á Akureyri og á Sauðárkróki. FRÉTTABLÐIÐ/VILHELM

VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT** Í dag verður allhvöss eða hvöss norðaustanátt suðaustan til annars strekkingur. Snjókoma suðaustan og austan til annars él á víð og dreif. Víðast vægt frost.

VEÐUR 4

# Sveitarfélög ganga hart að skuldurum

**Þúsundir krafna sveitarfélaga á einstaklinga eru í innheimtu hjá innheimtufyrirtækjum. Hjá fjórum stærstu sveitarfélögunum nemur upphæðin um 683 milljónum króna. Hafnarfjarðarbær skiptir ekki við innheimtufyrirtæki.**

**SVEITARFÉLÖG** Skuldir þúsunda einstaklinga við sveitarfélag sitt eru í innheimtu hjá innheimtufyrirtækjum, til dæmis Intrum eða Momentum. Í slíkri innheimtu bætist við kostnaður fyrir skuldarann. Hafnarfjörður er eina sveitarfélagið af þeim fimm stærstu sem skiptir ekki við slík fyrirtæki.

Ýmiss konar gjöld eru í innheimtu; fasteignagjöld, gatnagerðargjöld, leikskólagjöld, gjöld fyrir frístundaheimili og skólamáltíðir í grunnskólum, svo eitthvað sé nefnt.

Hjá Reykjavík eru 6.000 kröfur í innheimtu hjá Momentum og útistandandi skuldir nema 570 milljónum króna. Fjöldi greiðenda gæti verið minni þar sem hver og einn gæti átt fleiri en eina skuld.

Í Kópavogi eru skuldir 98 einstaklinga í innheimtu upp á 6,3 milljónir króna. Þar að auki eru 23 fyrirtæki. Aðeins er ein krafa á hvern greiðanda samkvæmt upplýsingum frá bænum.

Akureyrarbær á útistandandi 37 milljónir í ógreiddum gjöldum sem eru í innheimtu. Fjöldi mála er 774, en þær kröfur deilast á 368 einstaklinga. Stærstur hluti upphæðarinnar, um 17 milljónir, er vegna fasteignagjalda, en 6,5 milljónir vegna leik- og grunnskóla.

Í Garðabæ eru 70,2 milljónir í innheimtu hjá innheimtufyrirtækjum, í 113 kröfum á 85 einstaklinga. Í flestum tilfellum er um að ræða fasteignagjöld, en stærsta krafan er vegna gatnagerðargjalda. Tekin hefur verið sú ákvörðun að hætta að senda gatnagerðargjöld í milliinnheimtu.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að ástæða þess að ekki sé skipt við innheimtufyrirtæki þar á bæ sé tvíþætt. Reiknað hafi verið út að varðandi vanskil á fasteignagjöldum sé hagkvæmara að sveitarfélagið innheimti sjálft dráttarvexti.

„Svo er um að ræða alls kyns viðkvæma innheimtu, félagsíbúðir, skólamáltíðir og fleira. Þetta er mjög vandmeðfarið og við viljum stýra því hvernig meðferð hvert mál fær. Það getur þurft að taka tillit til sérstakra aðstæðna og þá má ekki vera þessi fjarlægð.“

- kóp

Gamalárskvöld:

## Allar svítur eru bókaðar

**FÓLK Allar frægustu svítur höfuðborgarsvæðisins eru bókaðar um áramótin. Nóttin á þeirri dýrustu, forsetasvítunni á Nordica Hilton, kostar 125. þúsund krónur. Sprengjugleði þjóðarinnar hefur dregið ferðamenn hingað til lands árum saman og árið í ár verður ekki undantekning á því. Þau hótel sem Fréttablaðið hafði samband við eru öll nær fullbókuð.** - fgg/sjá síðu 38


OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
ALLTAF í Skeifunni
24 Skeifan
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
ALLTAF í Skeifunni
24 Skeifan
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Auðunn, varstu í algjöri messi þegar þú hittir hann?*

„Ekki frá því að það verði smá þynnka, en ég lifi það af."

Auðunn Blöndal, sjónvarpsmaður með meiru, var staddur í Barcelona á dögunum þar sem hann vinnur að sjónvarpsþætti um líf og starf íslenskra atvinnumanna í íþróttum. Á ferðum sínum hitti Auðunn undrabarnið Lionel Messi, leikmann Barcelona, og fór vel á með þeim félögum.

Sífellt fleiri fjölskyldur sækja sér umkomulausa ketti í Kattholt:

# Aldrei meiri áhugi á köttum

**DÝRAHALD** „Þetta er átjánda starfsárið okkar og ég man ekki eftir öðru eins," segir Sigríður Heiðberg í Kattholti um mikinn áhuga fólks á því að taka að sér ketti Kattholts.

„Það læðist að mér grunur um að kreppan hafi áhrif á aukinn áhuga fólks á köttum," segir Sigríður. Hún segir gæludýr hafa góð áhrif á fólk. „Maður hefur fundið fyrir miklum hraða í þjóðfélaginu á undanförnum árum en það er enginn vafi að dýrin gera mikið fyrir þann sem líður illa," segir Sigríður.

Hún segir aldrei færri en 70 ketti dvelja í Kattholti svo nóg sé til fyrir þá sem vanti ketti. Öll dýr, sem aldur hafi til, séu tekin úr sambandi, hreinsuð og örmerkt en það sé meðal annars gert til að halda nákvæma skrá yfir ketti sem koma í Kattholt.

„Fólk er búið að vera út og suður en ætli það sé ekki einhver lending núna. Það er farið að hægja á og fólk fer að horfa á það sem skiptir máli," segir Sigríður.

**- ovd**

**KATTHOLT** Sigríður Heiðberg með einn af vinum sínum í Kattholti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ölvaður á bíl móður sinnar:

# Númeraplatan varð eftir

**LÖGREGLUMÁL Átján ára ökumaður fólksbíls slapp án meiðsla þegar hann ók bíl sínum í gegnum girðingu og inn í garð við Norðurgötu á Akureyri í gærmorgun.**

**Maðurinn flúði af vettvangi en skildi aðra númeraplötuna af bílnum eftir í garðinum. Lögreglan var því fljót að hafa uppi á honum þar sem hann reyndist hafa ekið heim til sín. Þá reyndist maðurinn, sem var á bíl móður sinnar, hafa ekið á að minnsta kosti tvo bíla áður en hann ók inn í garðinn. Að sögn lögreglu var maðurinn undir áhrifum áfengis og lyfja en hann var yfirheyrður síðdegis í gær.** **- ovd**

**HANS EIGN** Forsetinn ávarpaði fundarmenn, sagðist eiga Simbabve og hét því að láta aldrei undan þrýstingi um að segja af sér. NORDICPHOTOS/AFP

Samráðsstjórnin að falla:

# Auknar líkur á kosningum

**SIMBABVE, AP** Robert Mugabe, forseti Simbabve sagði í gær að flokksfélagar hans í Zanu-Pf ættu að byrja að undirbúa snemmbúnar forsetakosningar og að þeir ættu að safna liði til að tap kosninganna í mars síðastliðnum endurtæki sig ekki.

Ummælin lét Mugabe falla í lok tveggja daga flokksfundar þar sem hann sagði um 5 þúsund flokksfélögum að til nýrra kosninga yrði boðað ef samráðsstjórnin félli.

Mugabe varð í öðru sæti í forsetakosningum sem fram fóru í mars. Tsvangirai, sem sigraði í kosningunum dró framboð sitt til baka í annarri umferð kosninganna þar sem hann sagði stjórnvöld styðja ofbeldi sem stuðningsmenn hans voru beittir. **- ovd**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Leit að göngumönnum

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar leituðu í gærkvöldi að tveimur göngumönnum sem villst höfðu á Skarðsheiði. Annar mannanna fannst ómeiddur um klukkan 21 en hinn var enn ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun.

# Fé til menntamála gæti minnkað 2009

**Menntamálaráðherra segir „kröfurnar þess eðlis að við þurfum jafnvel að skera ennþá meira niður á næsta ári." En einnig að skoða þurfi framlög í ljósi mikillar aðsóknar. HÍ fái líklega 212 milljónir til viðbótar í verðlagsuppfærslur.**

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðherra segist hafa fullan skilning á þeim erfiðleikum sem Háskóli Íslands stendur frammi fyrir í ljósi þess að 1.630 nemendur bætast nú í hópinn, um leið og fjárframlög hafa verið minnkuð um tíu prósent frá því sem áætlað var. Rektor skólans hefur orðað það svo að skólinn sé í „verulega alvarlegri klemmu".

**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

„Ég hef haldið þeim sjónarmiðum á lofti við ríkisstjórnarborðið að það eigi að hafa svigrúmið eins mikið og hægt er í þágu menntunar. En kröfurnar eru þess eðlis að við þurfum jafnvel að skera ennþá meira niður á næsta ári. Svigrúmið núna er jafnvel meira en það verður 2009," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Það sé hins vegar mikill misskilningur að framlög til HÍ hafi verið skorin niður um milljarð. Verið sé að fresta framlagi upp á 655 milljónir vegna rannsóknarsamnings við skólann.

„Þetta er minna en miðað við fjárlagafrumvarpið 2009 en heildarframlög til menntamála eru samt 10 prósent meiri 2009 en 2008. Þannig að við erum að bremsa okkur af."

Þorgerður kveður svigrúm háskólans hafa aukist mikið á síðustu árum. „En síðan verð ég að segja að miðað við þessa miklu aðsókn þurfum við að skoða þetta þegar komið er nýtt ár. En eins og staðan er núna eru ekki til fjárheimildir fyrir meiru."

**HÁSKÓLATORGIÐ** Svo getur farið að um 1.630 manns til viðbótar berjist um laus sæti við þetta torg eftir áramót. En alls óvíst er hvort fleiri stólar verði keyptir til að mæta fjöldanum. Skólamönnum til hughreystingar mun vera von á 212 milljónum í verðlagsuppfærslur, sem ekki var rætt um við fjárlagagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

En hvernig á HÍ að bregðast við fleiri nemum á sama tíma og framlögum er frestað?

„Háskólinn verður að gera það sem hann getur til að taka inn þessa nema, það er það sem við erum að vonast til í ljósi þess að fjárheimildir til hans hafa aukist mjög mikið á síðustu árum."

Rektor HÍ sagði í blaðinu í gær að annaðhvort þurfi að segja nei við umsækjendur eða taka áhættu á að aukinn fjöldi bitni á gæðum námsins. Ekki komi til greina að minnka gæðakröfur.

„Mér finnst það mjög skrítið ef þeir [í HÍ] ætla ekki að þjappa eins og aðrir. Sveitarfélögin eru líka að reyna að forgangsraða, til dæmis með því að fjölga í bekkjum," segir Þorgerður: „Þetta er mjög erfitt ástand, það er kreppa. En það koma inn, að mér skilst, milli annarrar og þriðju umræðu fjárlaga 212 milljónir, sem eru verðlagsuppfærslur þannig að það getur verið að þetta verði ekki eins sársaukafullt." Þetta hafi ekki komið fram við umræður á þinginu.

**klemens@frettabladid.is**

**SKÓNUM KASTAÐ** Hugmyndin að skókastinu er líklega fengin úr fréttum af því þegar írakskur fréttamaður kastaði skóm sínum að George Bush Bandaríkjaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Mótmæli á Austurvelli:

# Hentu skóm í Alþingishúsið

**MÓTMÆLI** Um fimm hundruð manns komu saman á Austurvelli í gær þar sem mótmælt var ellefta laugardaginn í röð undir yfirskriftinni Breiðfylking gegn ástandinu.

Sem fyrr voru kröfur mótmælenda þær að núverandi stjórnir Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins víki og boðað verði til kosninga.

Fundarmenn sýndu samstöðu og mótmæltu með ellefu mínútna þögn en að því loknu hentu nokkrir mótmælendur skóm og snjó í Alþingishúsið auk þess sem púað var á Alþingi. **- ovd**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Nauðgara enn leitað

Lögreglan leitar enn að Robert Dariuz Sobiecki, sem dæmdur var í hæstaréttí í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga stúlku á salerni á Hótel Sögu. Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir hans eða dvalarstað eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 444 1100.

Nýfermdur trompetleikari spilaði einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í gær:

# Þriðju kynslóðar lúðraþeytir

**MENNING** „Þetta gekk mjög vel. Mjög gaman og frábær lífsreynsla," sagði Baldvin Oddsson, fjórtán ára trompetleikari, eftir að hafa spilað einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í gær.

Ekki á Baldvin langt að sækja hæfileika sína á tónlistarsviðinu því faðir hans, Oddur Björnsson, er básúnuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Afi hans, Björn R. Einarsson, var einnig básúnuleikari við hljómsveitina á árum áður. Enginn þrýstingur kemur frá þeim að verða tónlistarmaður í framtíðinni, segir Baldvin.

„Þetta er undir mér komið og þeir styðja mig í öllu sem ég ákveð að gera," segir hann.

Trompetinn tekur mestan frítíma Baldvins en hann hefur einnig gaman af fótbolta og er stuðningsmaður Liverpool auk þess að vera áhugamaður um flugvélar. Hann segir jafnvel koma til greina að læra flugmanninn, en þó eigi trompetleikurinn hug hans allan þessa stundina.

Spurður um framtíðina segist hann sjá fyrir sér að fara út til Bandaríkjanna í trompetnám.

„Draumurinn er síðan New York-fílharmóníuhljómsveitin," segir Baldvin sem stefnir hátt.

Árlegir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru í gær. Baldvin lék trompetkonsert eftir Giuseppe Tartini og skólakór Kársnesskóla söng nokkur vel valin jólalög. **- vsp**

**SJALDAN FELLUR EPLIÐ**... Þrjár kynslóðir tónlistarmanna samankomnar. Björn R. Einarsson, Baldvin Oddsson og Oddur Björnsson eftir tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Nýr banki verður til # 1

# Á nýju ári munum við breytast í Íslandsbanka.

Nýr eigandi og ný stjórn hefur tekið við starfsemi Glitnis á Íslandi. Það er okkar hlutverk að reisa nýjan banka, sem tekur þátt í uppbyggingu efnahagslífsins og verður einn af máttarstólpum íslensks samfélags.

Mikil vinna er nú framundan. Við þjóðinni blasir nýr veruleiki og mun allt starfsfólk bankans leggjast á eitt við að móta nýja stefnu í breyttu umhverfi.

**Þann 20. febrúar tökum við upp nafnið Íslandsbanki.**

### 1 Nýir tímar

Við tökum þátt í uppgjöri við fortíðina af heilum hug. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að liðsinna óháðum aðilum í úttekt á starfsemi undanfarinna ára. Mikilvægt er að skapa sátt í samfélaginu svo unnt sé að beina kröftum að verkefnum framtíðarinnar.

### 2 Breytt umhverfi

Starfsumhverfi okkar hefur gjörbreyst. Í samfélaginu fer fram endurskoðun á verðmæta- og gildismati. Traustur, áreiðanlegur og öruggur viðskiptabanki er ríkur þáttur í fjárhagslegri velferð heimilanna og órjúfanlegur hluti af heilbrigðum atvinnurekstri. Við viljum rækta þetta hlutverk okkar vel.

### 3 Uppbygging á Íslandi

Mikið endurreisnar- og uppbyggingarstarf er framundan á Íslandi. Okkar verkefni er að vinna með fólki og fyrirtækjum að því að takast á við viðfangsefnin, hversu erfið sem þau kunna að vera. Okkur ber að varðveita þau verðmæti sem okkur hefur verið treyst fyrir. Við munum beita okkur af alefli í uppbyggingarstarfinu, því fjárhagslegur styrkur fólksins og fyrirtækjanna í landinu er samtvinnaður velgengni bankans og styrk.

### 4 Varðveitum þekkinguna

Hjá bankanum starfa um þúsund starfsmenn sem hafa á þessu ári tekist á við gríðarlegar áskoranir. Á umrótstímum er mikilvægt að varðveita þá þekkingu og reynslu sem byggð hefur verið upp. Vel menntað, reynslumikið og ánægt starfsfólk er lykillinn að því að við náum þeim markmiðum sem við setjum okkur í nýjum banka.

### 5 Skoðanir viðskiptavina

Við teljum mikilvægt í þessu ferli að hlusta eftir skoðunum og væntingum viðskiptavina. Í því skyni munum við opna vefsvæði fyrir skoðanaskipti og setja hugmyndakassa í útibú. Í breyttu umhverfi eru viðhorf almennings jafnvel enn mikilvægari en áður.

### 6 Gegnsætt regluverk

Við munum skerpa á og skýra betur þær reglur sem bankinn starfar eftir. Lánareglur bankans, starfsreglur stjórnar og starfsreglur áhættunefndar verða öllum aðgengilegar á vef bankans. Um langt árabil hafa einstaklingar getað skotið ákvörðunum bankans um skuldamál sín til umboðsmanns skuldara hjá bankanum. Hlutverk umboðsmanns hefur nú verið útvíkkað og eftirleiðis geta fyrirtæki gert slíkt hið sama.

### 7 Eitt skref í einu

Nýr banki verður ekki til á einni nóttu. Breytingar munu koma innan frá með virkri þátttöku starfsfólks. Umhverfi okkar er að taka miklum breytingum og sú aðlögun sem nú er að eiga sér stað kallar á hagsýni og ráðdeild. Framkvæmd nafnabreytingar mun taka mið af því.

### 8 Hverri áskorun fylgja ný tækifæri

Sóknarfærin liggja í náttúru Íslands, auðlindum og mannauði þjóðarinnar. Bankinn hefur ávallt verið í forystu í þjónustu við fyrirtækin í landinu. Við ætlum að byggja áfram á þeim sterka grunni og taka virkan þátt í að skapa verðmæti með íslenskum fyrirtækjum. Þannig styðjum við atvinnusköpun og skjótum styrkum stoðum undir íslenskt efnahagslíf og heimilin í landinu.

Stjórn og starfsfólk Nýja Glitnis

www.glitnir.is/nyrbankiverdurtil

Við erum að búa okkur undir endurbyggingu íslensks efnahagslífs og laga okkur að breyttum aðstæðum. Þann 20. febrúar munum við taka upp nafnið Íslandsbanki.

GLITNIR

## GENGIÐ 19.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,11 | 121,69 |
| Sterlingspund | 181,12 | 182 |
| Evra | 169,72 | 170,66 |
| Dönsk króna | 22,779 | 22,913 |
| Norsk króna | 17,332 | 17,434 |
| Sænsk króna | 15,474 | 15,564 |
| Japanskt jen | 1,3619 | 1,3699 |
| SDR | 187,47 | 188,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 217,6413

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmenn samþykktu að fela kjararáði að úrskurða að nýju um launalækkanir:

# Laun ráðamanna lækka um áramót

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti í gærmorgun að fela kjararáði að úrskurða að nýju um 5 til 15 prósenta launalækkun þingmanna og ráðherra. Ráðinu er ætlað að kveða upp úrskurð sinn fyrir áramót og skal lækkunin taka gildi 1. janúar næstkomandi. Þá er kjararáði óheimilt að hækka laun ráðamanna á næsta ári.

Samkvæmt lagabreytingunni er kjararáði jafnframt ætlað að endurskoða sem fyrst, kjör annarra sem undir það heyra. Endurskoðunin nær þó ekki til forseta Íslands.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun kjararáð funda um málið á mánudaginn.

**FRÁ ALÞINGI** Laun þingmanna hækkuðu um 20.300 krónur 1. maí síðastliðinn en í gær ákváðu þeir að fela kjararáði að úrskurða að nýju um launalækkanir æðstu ráðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjararáð ákvað á fundi sínum 27. ágúst síðastliðinn að hækka mánaðarlaun þeirra sem ákvörðunarvald ráðsins nær til um 20.300 krónur á mánuði. Hækkunin var afturvirk frá 1. maí 2008 og var hún meðal annars rökstudd með því að verulegar breytingar hefðu orðið á þeim launum í þjóðfélaginu sem ráðið ætti að miða við í úrskurðum sínum. Á árinu hefði meðal annars verið samið um laun og starfskjör á almennum vinnumarkaði og við opinbera starfsmenn.

Alls 49 þingmenn samþykktu lögin í gær, 12 voru fjarverandi en þingmennirnir Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Magnússon sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

- ovd

Breytingar á fjárlagafrumvarpi:

## Vilja selja sendiherrabústaði

**EFNAHAGSMÁL Í breytingartillögum meirihluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarp næsta árs er meðal annars lagt til að veitt verði heimild til að selja sendiherrabústaði Íslands í New York, Washington, London og Ósló.**

**Leggur meirihlutinn til að hluta söluverðsins verði varið til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði fyrir sendiherra í borgunum. Tillögu þessa efnis var dreift á Alþingi síðdegis í gær en þriðja og síðasta umræða um fjárlögin fer fram á mánudaginn. Þingfundur hefst klukkan 9.30 og eru umræður um fjárlög annað mál á dagskrá fundarins.** - ovd

**Í VANDA** Yves Leterme, forsætisráðherra Belgíu, sem sést hér með Geir H. Haarde, bauðst á föstudaginn til að segja af sér embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Konungur reynir að sætta:

## Salan á Fortis að buga Belga

**BELGÍA,AP Albert II, konungur Belgíu fundaði í gær með helstu ráðamönnum landsins í tilraun sinni til að ráða bót á þeim pólitíska vanda sem upp er kominn í kjölfar efnahagsþrenginga í landinu.**

**Ríkisstjórn landsins hefur að undanförnu reynt að selja frönskum banka, BNP Paribas, meirihlutann í Fortis, stærsta banka landsins en vegna fjármálakreppunnar neyddist Fortis til að leita aðstoðar stjórnvalda. Gangi salan eftir eiga þúsundir Belga á hættu að missa vinnuna. Undirréttur úrskurðaði nýlega að hluthafar í Fortis hefðu átt að fá að taka þátt í ákvörðunum um söluna. Á föstudaginn bárust svo féttir þess efnis að Yves Leterme, forsætisráherra Belgíu hefði reynt að hafa áhrif á niðurstöður áfrýjunarréttar í málinu.** - ovd

# Stjórnvöld samþykkja að hækka tekjuskatt

**Níu frumvörp urðu að lögum á Alþingi í gær. Tekjuskattur var hækkaður um 1,25 prósent. Heimild var veitt til gjaldtöku á sjúkrahúsum. Varaformaður VG kallar það sjúklingaskatt. Þak fæðingarorlofs lækkar um 80 þúsund krónur.**

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst ríkisstjórnin ganga of skammt í þessum aðgerðum," segir Ármann Kr. Ólafsson, alþingismaður og varaformaður félags- og tryggingarmálanefndar Alþingis.

Þakið á fæðingarorlofssjóði hefur verið fært úr 480 þúsund krónum í 400 þúsund krónur. Frumvarp þess efnis var samþykkt á Alþingi í gær.

„Ég hefði viljað taka meira af þessum bótum og miða við árið 2007 með verðbólgu. Þá hefðum við getað sparað tvo milljarða," segir Ármann. Með þessum aðgerðum sparast hins vegar um 400 milljónir að sögn Ármanns.

Ástæða þess að ákveðið var að skera niður úr sjóðnum segir Ármann hafa verið að stjórnarmeirihlutinn vildi ná niður rekstrarkostnaði ríkisins. Ekki hafi hins vegar verið vilji til að lækka bæturnar mikið og þess vegna hafi verið ákveðið að lækka bæturnar á þá sem hafa mest.

Vinstri grænn sátu hjá við atkvæðagreiðslu um lækkun þaks fæðingarorlofsins.

„Þetta er ekkert óeðlilegur niðurskurður. Þakið var haft hátt á sínum tíma og sumum fannst það of hátt þá. Þetta er að vissu leyti ekkert óeðlileg ráðstöfun," segir Katrín Jakobsdóttir varaformaður Vinstri grænna.

Katrín segir Vinstri grænn hins vegar hafa verið mjög mótfallin öðru nýsamþykktu frumvarpi um heimild til að leggja á gjald vegna innlagnar á sjúkrahús.

„Þetta er bara sjúklingaskattur og ekkert annað. Við [í VG] hefðum viljað sjá þrepaskiptar skattahækkanir í staðinn," segir Katrín.

**ALÞINGISTÍÐINDI** Tíðindamikið var á Alþingi í gær. Níu frumvörp urðu að lögum.

### SAMÞYKKTIR Á ALÞINGI Í GÆR

- Hækkun tekjuskatts um 1,25 prósent. Heimild til að hækka útsvar um 0,25 prósent.
- Sóknargjöld til trúfélaga voru lækkuð.
- Þak var sett á búvörusamninga.
- Reglum breytt um tilraunadýranefnd.
- Breyting var á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.
- Heimild fyrir ríkissjóð að veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu sem hyggja á málssókn gegn breskum yfirvöldum vegna beitingar hryðjuverkalaga.
- Launalækkun Alþingismanna um 5-15 prósent eftir úrskurði Kjararáðs.
- Framlenging ákvæða um lækkun gjalda af vistvænum ökutækjum.
- 31 veittur ríkisborgararéttur.
- Breyting á tollfrjálsum innflutningi ferðamanna á varningi.
- Heimild til gjaldtöku fyrir innlögn á sjúkrahús.
- Þak fæðingarorlofs lækkað um 80 þúsund krónur.

Vinstri Grænn lögðu fram tillögur í skattamálum í fyrradag. Þar lögðu þau til að tekjuskattur yrði hækkaður þrepaskipt en ekki flatt á alla um 1,25 prósent eins og samþykkt var á Alþingi í gær. Að auki að fjármagnstekjuskattur yrði hækkaður úr tíu í fjórtán prósent.

„Þá mundu þeir sem hafa hæstu launin borga mest. Við teljum að þá sé verið að dreifa þessu á réttlátari hátt. Með þeim tillögum hefði orðið 5,5 milljarða tekjuauki, varlega áætlað," segir Katrín.

Níu frumvörp voru samþykkt á Alþingi í gær. Ýmist ný lög eða breytingar á eldri lögum. Næsti þingfundur verður á mánudaginn. Þá verða meðal annars fjárlögin og eftirlaunafrumvarpið til umræðu.

vidirp@frettabladid.is

Endurskoðunarskrifstofur:

## Ráðherra vill meiri fjölbreytni

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst þessi tillaga ekki raunhæf," segir Margrét G. Flovenz formaður félags löggiltra endurskoðenda um ummæli Björgvins G. Sigurðssonar um að lögleiða hámarksstærð endurskoðunarskrifstofa.

„Endurskoðunarskrifstofur á Íslandi eru ekki stórar og ef þær væru mikið minni þá væri nánast ógerlegt að standa undir öllum þeim kröfum sem gerðar eru til okkar, faglega og lagalega," segir Margrét.

Ummæli Björgvins voru svar við spurningu Álfheiðar Ingadóttur alþingiskonu á fimmtudag.

„Hvað varðar skilanefndirnar má kannski fyrst velta fyrir sér hvort þessar aðstæður kalli ekki á það [...] að við setjum hámarksstærð á endurskoðunarskrifstofur svo þær séu fleiri og fjölbreyttari en núna þegar þær eru fáar og stórar og erfitt að velja þar á milli," sagði Björgvin. - vsp

Gjaldeyrisviðskipti:

## Sparisjóðirnir selja tékka

**EFNAHAGSMÁL „Við erum búin að vera að kaupa ávísanir, viðskiptatékka og ferðatékka en á fimmtudaginn byrjuðum við að selja viðskiptatékka," segir Anna Þórunn Reynis, framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu Sparisjóðabankans. Hún segir sparisjóðina selja viðskiptatékka í öllum helstu myntum. Fólk kaupi mest af ávísunum á danskar krónur, ensk pund og evrur.**

**Að svo stöddu muni sparisjóðirnir þó ekki selja viðskiptatékka í bandaríkjadölum. Fólk sem þurfi á ávísunum í erlendri mynt að halda geti því leitað til næsta sparisjóðs. „Þetta á þó bara við um viðskiptatékka því það er alfarið hætt að selja ferðatékka á Íslandi," segir Anna Þórunn.** - ovd

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvaður út af í Kömbunum

Lögreglan á Selfossi tók tvo ökumenn fyrir ölvunarakstur aðfaranótt laugardagsins. Annar þeirra hafði ekið bíl sínum út af í Kömbunum ofan Hveragerðis. Hann sakaði ekki. Hinn ökumaðurinn var tekinn í Þorlákshöfn. Lögreglan stendur nú fyrir sérstöku átaki gegn ölvunarakstri.

## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BREYTINGA AÐ VÆNTA**

Eftir langvarandi frostakafla horfir nú til breytinga. Strax á morgun hlýnar talsvert á landinu sunnan- og vestanverðu með reyndar allhvössum eða hvössum vindi og á þriðjudag, á Þorláksmessu verða hlýindin komin yfir meginhluta landsins. Aðfangadagur verður hlýr en eitthvað kólnar á Jóladag. Það eru því afgerandi breytingar í kortunum eftir daginn í dag.




**Á MORGUN** 13-20 m/s sunnan og vestan til annars 8-13.

**ÞRIÐJUDAGUR** 13-20 m/s, hvassast á vesturhluta landsins.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Amsterdam | 10° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 11° |
| New York | 3° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 3° |
| París | 10° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Allt sem þú Óskar þér!

DAGUR & STEINI

**Páll Óskar, Silfursafnið**

**1.990 kr.**

BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM!

**Telefunken digital rammi**

Verð til viðskiptavina Nova:

**14.900 kr.**

Fullt verð 18.900 kr.
Myndgæði: 489x234 pixel
Minni: 128 Mb

## Bíókort – frábær jólagjöf!

Ef þig vantar ekki nýjan síma getur þú keypt Nova bíókort á frábæru verði.

**Verð til viðskiptavina Nova: 3.990 kr.**
**Fullt verð: 6.000 kr.**

**Nokia 6120**

útborgun

**3.900 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun á mán.
í 12 mánuði og Bíókort
– 6 x í bíó fylgir.

Staðgreitt: 27.900 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. gjald vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## KJÖRKASSINN

*Er eðlilegt að innflytjendur þurfi að standast íslenskupróf til að fá ríkisborgararétt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 88% |
| NEI | 12% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu búin(n) að kaupa allar jólagjafirnar?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Félag íslenskra flugumferðarstjóra gagnrýnir vinnubrögð samgönguráðherra:

# Algjör handarbaksvinna

**SAMGÖNGUR** „Þetta er algjör handarbaksvinna," segir Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, FÍF.

Flugumferðarstjórar hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fengu í september bréf um að störf þeirra yrðu lögð niður og Flugstoðir ohf. tækju við ráðningarsamningi þeirra 1. janúar 2009.

Kristján L. Möller samgönguráðherra tilkynnti á föstudag að ekkert yrði af fyrirhuguðum flutningi um áramótin heldur tækju þeir við starfi í nýju opinberu hlutafélagi Keflavíkurflugvallar ohf. sem tekur við rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Loftur segir að flugumferðarstjórum hafi ekki verið tilkynnt þetta sjálfum.

„Það fyrsta sem við sáum um þetta var frétt á mbl.is á föstudaginn," segir Loftur, en FÍF hefur enn ekki borist formleg tilkynning þess efnis. Samgönguráðherra hefur heldur ekki falast eftir fundum við félagið.

Stjórn FÍF sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem segir að stjórnin líti svo á að flugumferðarstjórarnir hafi verið ráðnir til Flugstoða og verði þar starfsmenn frá og með 1. janúar 2009, en ekki starfsmenn Keflavíkurflugvallar ohf.

LOFTUR JÓHANNSSON

„Það getur vel verið að menn séu tilbúnir að fara til Keflavíkurflugvallar ohf. en það yrði ekki nema samsvarandi samningar yrðu gerðir og gerðir voru við Flugstoðir í janúar 2007," segir Loftur. Ekki náðist í Kristján L. Möller vegna málsins. - vsp

Hafrannsóknastofnun:

# Engin loðna á komandi vertíð

**SJÁVARÚTVEGUR Að svo stöddu er ekki hægt að mæla með loðnuveiðum á komandi vetrarvertíð, miðað við niðurstöður mælinga í nýafstöðnum rannsóknarleiðangri Hafrannsóknastofnunar.**

**Veiðistofninn, tveggja til þriggja ára gömul loðna, reyndist 270.000 tonn, en gert er ráð fyrir að hann sé um 400.000 tonn til að hægt sé að leggja til loðnukvóta.**

**Undanfarin ár hefur ekki tekist að mæla endanlega stærð stofnsins fyrr en á fyrstu tveimur mánuðum ársins og verður því mælt að nýju í janúar.**

- kóþ

Sjálfstæðismenn í Árborg:

# Vilja einhliða upptöku annars gjaldmiðils

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðismenn í Árborg hvetja stjórnvöld til að taka einhliða upp annan gjaldmiðil, óháð inngöngu í Evrópusambandið.

EYÞÓR ARNALDS

„Takmarkaður áhugi hefur verið á ESB hjá mörgum og við vildum vekja athygli á því að menn hoppi ekki á ESB sem einu lausnina í gjaldeyrismálum," segir Eyþór Arnalds, oddviti bæjarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins í Árborg. Í tilkynningu sem sjálfstæðismenn í Árborg sendu frá sér í gær segir: „Verðmæti sem felast í sjálfstæðinu eru mikil og þau ber að varðveita með öllum ráðum."

Fáir fulltrúar landsbyggðarinnar eru í Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins að sögn Eyþórs og þetta var því kjörið tækifæri til að láta heyrast í grasrótinni í Árborg.

„Þetta á að vera samtal milli Evrópunefndarinnar og grasrótarinnar, en ekki eintal," segir Eyþór. - vsp

## LÖGREGLURFRÉTTIR

### Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði ökumann fólksbifreiðar á þjóðveginum við Baulu í Borgarfirði í gær. Við athugun reyndist maðurinn vera undir áhrifum fíkniefna. Hann var því fluttur á lögreglustöð en sleppt að lokinni yfirheyrslu.

# Segir forsendur brostnar fyrir opinberri eigu HS

**Orkuveita Reykjavíkur ætlar að selja hluta sinn í Hitaveitu Suðurnesja, sem Grindavík seldi OR, með það í huga að fyrirtækið yrði í almannaeigu. Stjórnarformaður OR segir forsendur þessa brostnar. Fyrirtækinu hefur verið skipt og er stefnt að því að dreifingarhlutinn, HS-Veita, verði í meirihlutaeigu Reykjanesbæjar.**

**ORKA** „Þegar Grindavík seldi okkur var miðað við að æskilegt væri að Hitaveita Suðurnesja yrði í eigu opinberra aðila. En í ljósi þess að núverandi meirihluti er myndaður af Reykjanesbæ og Geysi Green Energy, og í ljósi nýrra laga frá Alþingi, eru þær forsendur brostnar," segir Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveitan samþykkti nýverið að selja hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja, og hefur fulltrúi VG í stjórn Orkuveitu, Svandís Svavarsdóttir, gert athugasemd við að ekki sé tryggt að auðlindirnar haldist í eigu almennings.

Guðlaugur bendir á að meirihlutasamstarf GGE og Reykjanesbæjar sé sterkt. Reynt hafi verið að fá hluthafasamþykkt fram, sem átti að tryggja hagsmuni minnihlutans, en því hafi verið hafnað.

„Við höfum því skilið það svo að menn ætluðu í uppskiptingu fyrirtækisins og það hefur engu skipt hvort um sveitarfélög er að ræða eða ekki," segir hann. Hitaveitan sé nú allt annað fyrirtæki en þegar hluturinn var keyptur.

Þann 1. desember var Hitaveitu Suðurnesja skipt í tvennt. HS-Veita á að sjá um dreifingu orkunnar, og HS-Orka um framleiðslu og sölu hennar. Samkvæmt nýjum orkulögum skulu opinberir aðilar eiga dreifingarfyrirtæki, en einkaaðilar mega eiga framleiðslufyrirtæki.

> Það hefur engu skipt hvort um sveitarfélög er að ræða eða ekki.

GUÐLAUGUR G. SVERRISSON
STJÓRNARFORMAÐUR OR

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarstjóri Grindarvíkur tekur í svipaðan streng og Guðlaugur, nú sé „nýr tími í öllu tilliti".

„Ég myndi segja að ríkið sjálft hafi gefið tóninn í þessu þegar það steig fram og seldi sinn hlut. Þá hófst þessi darraðadans allur. En HS-Veita verður þó í eigu almennings áfram," segir hún. Jóna hefði líka viljað sjá hluthafasamþykkt ganga í gegn.

Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar segir bæjarfélagið hafa áhuga á að styrkja stöðu sína í veitufyrirtækinu. „Við höfum sýnt því mikinn áhuga og það fer enginn [opinber aðili] út úr henni nema með því að selja öðrum slíkum," segir hann. Reykjanesbær muni engu að síður halda einhverjum hlut í samkeppnisfyrirtækinu HS-Orku. Ekki náðist aftur í Árna til að spyrja hann um hluthafasamþykktina, sem var hafnað.

klemens@frettabladid.is

**HITAVEITA SUÐURNESJA** Allt bendir til að framleiðsla og sala fyrirtækisins verði að meirihluta til í eigu einkaaðila.

## RÍKIÐ EINKAVÆÐIR

Þegar 15 prósenta hlutur ríkisins í HS var auglýstur til sölu vorið 2007 tók einkavæðinganefnd fjármálaráðherra fram að hann yrði einungis seldur til einkaaðila. Sveitarfélögum var þannig bannað að gera tilboð.

## EIGENDUR HITAVEITUNNAR

Reykjanesbær er stærsti hluthafi í Hitaveitu Suðurnesja, með 34 prósenta hlut, og nýtir hann í meirihlutasamstarfi við Geysi Green Energy, sem á 32 prósent.

Minni hluthafar eru Orkuveita Reykjavíkur, með 16 prósenta hlut, Hafnarfjarðarbær með 15 prósent, og Grindavík, Garður og Vogar, sem eiga innan við eitt prósent hvert.

Orkuveitan ætlaði að kaupa hlut Hafnarfjarðarbæjar í fyrirtækinu en óvíst er um þau kaup, sérstaklega í ljósi úrskurðar Samkeppniseftirlitsins, sem hefur sagt að Orkuveitan megi einungis eiga 10 prósenta hlut.

Gefur þú stærstu jólagjöfina í ár?

Allir sem eiga miða í **desember 2009** geta átt von á sérstökum **75 milljóna króna vinningi** sem dreginn verður út í seinni útdrætti þann mánuðinn. Númerið fer einu sinni í pottinn fyrir hvern greiddan mánuð, þannig að sért þú með strax frá upphafi árs, getur þú **tólffaldað möguleikana**.

**Nú fást miðar í sérstakri gjafaöskju á afmælissýningu okkar í Smáralind, hjá aðalumboði og umboðsmönnum um allt land.**

Gleddu vin og stuðlaðu um leið að uppbyggingu Háskólans. Svo getur þú auðvitað keypt einn fyrir þig í leiðinni! Nánari upplýsingar á sölustöðum, í síma 800 6611 eða á hhi.is.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

75 ára milljónir á einn miða

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083868

# netto

ÞÚ SPARAR
1.000 kr

HUMAR Í ÖSKJU 2 kg
**2.990 kr/pk.**
~~3.990~~ kr/pk.

30% afsláttur

EKTA HANGIFRAMPARTUR, ÚRB.
**1.539 kr/kg**
~~2.199~~ kr/kg

KONFEKTTERTA
**1.595 kr/stk.**
~~1.895~~ kr/stk.

AFTER DINNER MINTS
**99 kr/pk.**

NÓA SIRÍUS KONFEKT
HVÍTUR KASSI
**1.699 kr**

ÓTRÚLEGT VERÐ!

MALT & APPELSÍN
DÓS 500 ml
**99 kr/stk.**

TILBOÐIN GILDA 20. - 21. DESEMBER

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
Kíktu á tilboðin á www.netto.is

KEA
*Klikkar ekki!*

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Lögregluskóli ríkisins brautskráði nýverið 32 nemendur:

# Tugir nýrra lögreglumanna

**LÖGGÆSLUMÁL** Rúmlega þrjátíu nemendur voru nýverið brautskráðir úr Lögregluskóla ríkisins. Þar af voru sjö konur.

Arnar Guðmundsson skólastjóri sagði þetta ár einstakt í 40 ára sögu lögreglumenntunar á Íslandi því 45 nemendur hefðu verið brautskráðir frá skólanum í apríl og að viðbættum þeim 32 sem nú væri verið að brautskrá yrðu samtals 77 nemendur brautskráðir á árinu.

Arnar sagði að fimmtán nemendur væru nú um það bil að ljúka námi á fyrstu önn grunnnáms og búið væri að velja 31 nemanda til að hefja nám á fyrstu önn í janúarbyrjun 2009. Hann sagði að mikið álag hefði verið á alla starfsmenn skólans á þessari haustönn og þakkaði þeim sérstaklega fyrir áhuga og dugnað.

Varðandi starfsemi framhaldsdeildar Lögregluskóla ríkisins nefndi Arnar sérstaklega námskeið um akstur með forgangi. Skólinn mun leiða sérstakt átak á því sviði. Á næstu misserum er gert ráð fyrir að þjálfa 300 til 350 lögreglumenn í forgangsakstri.

**NÝIR LÖGREGLUMENN** Skólastjóri Lögregluskólans sagði við brautskráningu að það væru góðir eðliskostir lögreglumanna að vera prúðmenni.

Í ræðu sinni minnti Arnar nemendur á að lögreglustarfið væri erfitt, lögreglumenn þyrftu að búa yfir hugrekki og ráðkænsku; hafa stjórn á sér og vera heiðarlegir.

- jss

# Ítalskur skiptinemi með 9,14 í einkunn

**Veronica Piazza, ítalskur skiptinemi, fékk tíu í einkunn í íslenskuprófi fyrir erlenda nema í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Hún segir að Ítalir telji Norðurlandabúa kalda í viðmóti en að Íslendingar séu feimnir, hlýir og yndislegir.**

**MENNTUN** „Íslenska er mjög fallegt tungumál," segir Veronica Piazza, sautján ára ítalskur skiptinemi, sem nýlega fékk 10 í einkunn í íslenskuprófi fyrir erlenda nema í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Meðaleinkunn Veronicu úr jólaprófunum er 9,14 og er árangur hennar enn glæsilegri sé litið til þess að hún kunni ekki stakt orð í íslensku þegar hún kom til landsins fyrir tæpum fjórum mánuðum á vegum AFS-samtakanna.

Fyrstu vikurnar talaði íslensk fósturfjölskylda Veronicu bæði íslensku og ensku við hana en svo var tekin ákvörðun um að á heimilinu yrði bara töluð íslenska. Það hefur hjálpað henni mikið við að ná tungumálinu. Hún segir íslensku vera allt öðruvísi en ítölsku og enn skilji hún ekki allt sem við hana er sagt.

Veronica kemur frá smábæ skammt frá Mílanó á Ítalíu. Hún segist hafa valið að koma til Íslands þar sem henni hafi þótt landið svo framandi. „Á Ítalíu er lítið talað um Ísland en margir spurðu mig af hverju ég færi ekki til Bandaríkjanna. Ég hef hins vegar alltaf haft áhuga á að kynnast Íslandi, landinu og menningunni," segir Veronica.

**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Veronica Piazza ásamt íslenskri vinkonu sinni, Elísu Birtu Ingólfsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ítalir hafa þá hugmynd um íbúa Norðurlandanna að þeir séu svo kaldir í viðmóti. Að þeir tali ekkert og ég var svolítið hrædd um þetta þar sem ég er ekkert ofsalega opin í samskiptum. Ég held þó að ég hafi lært að til að kynnast fólki sé mikilvægt að taka fyrsta skrefið. Ég reyni því að kynnast fólki og þannig hef ég lært margt þessa mánuði sem ég hef búið á Íslandi," segir Veronica.

Henni finnst Íslendingar þó svolítið skrítnir. „Fyrst eru þeir feimnir en svo þegar maður kynnist þeim þá eru þeir svo hlýir og yndislegir. Í fyrstu var ég svolítið áttavillt þar sem á Ítalíu er venjan að faðma fólk og kyssa, jafnvel þótt þú þekkir það ekki. Ég komst þó fljótt að því að þannig eru Íslendingar ekki," segir Veronica og hlær.

„Mér líður vel á Íslandi. Ég bjóst ekki við að Íslendingar væru svona yndislegt fólk og ég er mjög ánægð hérna hjá íslensku fjölskyldunni minni. Svo hef ég eignast fullt af góðum vinum," segir Veronica sem ráðgerir að dvelja á Íslandi fram í júní á næsta ári.

olav@frettabladid.is

# ALLT FYRIR JÓLIN

## OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

Komdu í Holtagarða fyrir jólin og klárað innkaupin í þægilegu umhverfi. Úrval verslana, næg bílastæði og gott aðgengi.

**Um helgina munu jólasveinar ganga um gólf milli kl. 15 og 16 og gleðja unga sem aldna.**

HOLTAGARÐAR

Ein frábær ferð

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2540

Holtagarðar verða opnir til 22 alla daga fram að jólum og til 23 á Þorláksmessu.

**BJÖRGUNARSTÖRF** Pakistanskir björgunarmenn leituðu í gær að fólki í rústum verslunarkjarna í Rawalpindi í Pakistan en verslunarkjarninn hrundi eftir að hann varð eldi að bráð. Að minnsta kosti einn hefur fundist látinn í rústunum og þá hafa tólf fundist alvarlega slasaðir. NORDICPHOTOS/AFP

Formaður Sambands sveitarfélaga segir sameiningar kost í sparnaðaraðgerðum:

# Mikið sparast við fækkun yfirstjórna

**STJÓRNSÝSLA** Sameining sveitarfélaga er ráðstöfun sem hlýtur að koma til alvarlegrar skoðunar í hagræðingaraðgerðunum sem nú er gripið til í samfélaginu öllu. Þetta er mat Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Halldór telur reynsluna af þeim sameiningum sem orðið hafa á síðustu tæpu tuttugu árum almennt góða en frá 1990 hefur sveitar-félögum fækkað úr 224 í 78. „Þegar hefur verið hagrætt mikið en ég er sannfærður um að það eru miklir möguleikar á frekari hagræðingu," segir Halldór sem er til dæmis þeirrar

**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

skoðunar að sameina beri öll sveitarfélög á Vestfjörðum í eitt.

Halldór segir að við sameiningu sveitarfélaga sparist fyrst og fremst peningar með fækkun yfirstjórna. Þar geti hlaupið á talsvert háum fjárhæðum. Á móti komi að oft verði til nýr kostnaður, til dæmis, vegna almenningssamgangna og margvíslegrar nærþjónustu. Nettóniðurstaðan sé engu að síður sparnaður en hafa beri í huga að hann skilar sér ekki endilega strax.

Fyrir nokkrum árum kynnti Þórður Skúlason, þáverandi framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga, eigin hugmyndir um sameiningu. Gerðu þær ráð fyrir rúmlega þrjátíu sveitarfélögum í landinu. Halldór segist telja hugmyndir Þórðar góðar, raunhæft sé að fækka sveitarfélögum um rúmlega helming. - bþs

Rúmlega tvítugur maður:

# Í fangelsi fyrir kókaínsmygl

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir að flytja með flugi frá Kaupmannahöfn 215,52 grömm af kókaíni sem hann faldi innvortis. Efnin ætlaði hann til sölu og dreifingar.**

**Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dóminum. Umræddur maður á sakaferil að baki, bæði ítrekuð fíkniefnabrot og ölvunarakstur.**

**Við ákvörðun refsingar nú leit dómurinn til þess að maðurinn er ungur að árum og hefur játað brot sitt. Vegna alvarleika málsins þótti skilorðsbinding hins vegar ekki koma til greina.** - jss

Siv Friðleifsdóttir:

# Fékk aldrei lán fyrir Decode

**STJÓRNMÁL** Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknar, segist aldrei hafa fengið lán til hlutabréfakaupa í Decode.

**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Hún vísar á bug fullyrðingum sem gengið hafa um netið ljósum logum. Þar er hún sögð hafa fengið 75 milljónir á vildarkjörum til að kaupa hlutabréf í Decode. Þetta lán sé verið að afskrifa í Landsbankanum.

„Ég hef ekki tekið lán til hlutabréfakaupa í Landsbankanum, sem er minn viðskiptabanki, og ég hef ekki fengið neitt afskrifað. Punktur." - kóþ

# Úr þinginu í orgelleik um jól

**Illugi Gunnarsson þingmaður verður organisti Flateyrarkirkju í messunni á aðfangadag. Hann hefur numið orgelleik í Róm og tók þátt í páskamessu hjá Jóhannesi Páli páfa í Vatíkaninu.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur fengið það vandasama verkefni að vera organisti í Flateyrarkirkju á aðfangadag. „Ég var organisti þarna meðfram öðrum störfum eftir snjóflóðið 1995 en þá vann ég í verksmiðjunni Skelfiskur," segir Illugi. „Ég hafði svo sem ekki mikinn bakgrunn í orgelspili en ég tók þetta að mér að spila í messunum og ætli mér hafi ekki orðið einstaka sinnum á í messunni líka," segir hann og hlær við.

Að þessu sinni mun hann þó koma með dýrmæta reynslu að orgelinu í Flateyrarkirkju. „Ég fór út og var nokkra mánuði í Róm árið 1997 þar sem ég lærði hjá James Edward Goettsche sem var yfirorganisti í Vatíkaninu. Þetta var alveg ógleymanlegur tími. Svo var ég svo lánsamur að fá að taka þátt í páskamessunni í Vatíkaninu. Framlag mitt var reyndar ekki svo ýkja mikilfenglegt en ég hafði það hlutverk að fletta nótnablöðunum fyrir

**ILLUGI GUNNARSSON VIÐ PÍANÓIÐ** Þingmaðurinn mun sjá um orgelleik í messunni á aðfangadag í Flateyrarkirkju. Fjárlögin verða ekki á efnisskránni.

organistann. En hvað sem því líður þá hef ég allavega upplifað það að vera við messu hjá Jóhannesi Páli páfa II."

Illugi hefur verið, eins og aðrir þingmenn, í karpi um fjárlögin og gefst því ekki mikill tími til undirbúnings við orgelleikinn. Í gamansemi segir hann það miður að ekki skuli vera hægt að slá þessu tvennu saman og spila fjárlögin.

Aðspurður hvort hann kvíði því að spila í messunni vegna lítils tíma til undirbúnings segir hann, „nei,nei. Það er nú venjulega þannig að ef réttu nóturnar eru fleiri en feilnóturnar þá er manni alveg óhætt að láta sjá sig meðal fólks á eftir," segir hann hógvær. Þeir sem vilja heyra fínpússaðan hljóðfæraleik þingmannsins geta eflaust gert það þótt hann sé önnum hlaðinn en hann gaf út geisladisk með píanóleik sínum árið 2004.

Hann vann til margra ára á Flateyri og fer þangað oft enda giftur Brynhildi Einarsdóttur sem er þaðan; dóttur Einars Odds heitins Kristjánssonar.

jse@frettabladid.is


Jólatilboðum fylgir

12.000 kr. inneign

Verslanir Símans eru fullar af glæsilegum símum á jólatilboði. Með öllum 3G símunum fylgir M, vefur Símans í farsímanum, sem þú getur notað þegar þú átt lausa stund og vantar afþreyingu. Farðu á netið í símanum og sláðu inn m.siminn.is til að opna fésbókina þína, spjalla á MSN, skoða tölvupóstinn eða kíkja á nýjasta nýtt á YouTube.

2 lög á M-inu á 0 kr.

Farðu á M-ið og náðu þér í nýtt lag með Buff eða Baggalúti á 0 kr.

Síminn og tónlist.is bjóða viðskiptavinum Símans að fara á M-ið og ná í „Kósíkvöld í kvöld" í flutningi Buff eða lagið „Í gær" í flutningi Baggalúts fyrir 0 kr. Hægt er að ná í lögin fram að áramótum.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

ENNEMM / SÍA / NM36436

Fyrrum leiðtogi Bosníu-Serba:

# Karadzic nýtur ekki friðhelgi

**HAAG, AP** Dómarar á vegum Sameinuðu þjóðanna (SÞ) hafa úrskurðað að samningur um friðhelgi sem Radovan Karadzic, fyrrum leiðtogi Bosníu-Serba, segist hafa gert við friðarerindreka SÞ árið 1996 sé ógilt. Hin meinta friðhelgi muni því ekki koma í veg fyrir að réttað verði yfir Karadzic vegna ákæru um þjóðarmorð.

Karadzic heldur því fram að hann hafi gert samninginn við bandaríska friðarerindrekann Richard Holbrooke í skiptum fyrir að láta af völdum árið 1996. Holbrooke neitar því að slíkur samningur hafi verið gerður. Dómarar SÞ taka einnig fram að þó svo að slíkur samningur hefði verið gerður væri hann ekki lagalega bindandi. - kg

**KARADZIC** Er sakaður um þjóðarmorð í Serbíu milli 1992 og 1995.

Bætt GSM-samband á Vestfjörðum:

# Samband á Gemlufallsheiði

**SAMSKIPTI** Uppbyggingu kerfis til að tryggja farsímasamband á þjóðvegum og ferðamannastöðum á Vestfjörðum lauk í vikunni þegar hringt var úr stærsta farsíma í heimi af Gemlufallsheiði sem er milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar.

Haraldur Júlíusson, formaður Björgunarfélags Ísafjarðar, hringdi þaðan í Neyðarlínuna þótt ekki væri hann staddur í neinum háska heldur til þess að segja Þórhalli Ólafssyni, framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar, frá þessum áfanga. Ekki lét hann þar við sitja heldur hringdi einnig í Kristján Möller samgönguráðherra sem fagnaði því að GSM-þjónusta á Vestfjörðum væri orðin sambærileg við það sem gerist annars staðar á landinu. Sagði samgönguráðherrann að þessi áfangi myndi auka öryggi vegfarenda og auka lífsgæðin í fjórðungnum. - jse

**Í SAMBANDI** Haraldur hringdi úr þessum risasíma í framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar til að segja að samband væri komið á uppi á Gemlufallsheiði.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á vetrarsólstöðum

## Hækkandi sól

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Á vetrarsólstöðum er rétt að íhuga mikilvægi þess boðskapar sem felst í máltækinu „öll él birtir upp um síðir“. Svartasta skammdegið hefur ekki bætt úr skák í öllu krepputalinu undanfarnar vikur. En með hækkandi sól á bjartsýnin leik.

Það hve mikil ástæða er til bjartsýni veltur hins vegar að miklu leyti á þeim ákvörðunum sem íslenzk stjórnvöld taka á nýju ári. Við blasir að aðgerðaleysi er ekki valkostur. Að vísa til forskriftar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að skýra niðurskurðaraðgerðir í ríkisrekstrinum (eins og heyrðist í umræðunni um endurskoðuð fjárlög) og aðrar óvinsælar kreppuráðstafanir er óábyrgur Svarta-Péturs-leikur. Ísland þarf að halda frumkvæðinu í að ráða fram úr ástandinu. Það er mikilvæg forsenda þess að bæði almenningur í landinu og ekki síður hinir alþjóðlegu markaðir öðlist það lágmarkstraust á íslenzku efnahagslífi og aðgerðum stjórnvalda til enduruppbyggingar þess sem nauðsynlegt er til að þær skili tilætluðum árangri.

Af reynslu annarra þjóða, sem gengið hafa í gegnum erfiðar efnahagskreppur á liðnum áratugum, hefur verið hægt að draga þann lærdóm að í megindráttum eru tvær leiðir út úr slíkri kreppu. Annars vegar er svonefnd „sjokkþerapía“, sem felur í sér að það versta sé tekið út strax, en fyrir vikið náist að vinna bug á kreppunni á styttri tíma en ella. Hin leiðin er sú að reyna að mýkja áhrif kreppunnar með því að ganga ekki eins langt í aðhaldsaðgerðum, en það er því verði keypt að erfiðara er að ná tökum á hallarekstri hins opinbera og kreppan varir lengur.

Segja má að sú áætlun sem hérlend stjórnvöld komu sér saman um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og endurskoðuðu fjárlögin eru liður í, sé eins konar blanda af þessum tveimur leiðum. Væri „sjokkþerapíuleiðinni“ fylgt alveg þá væri séð til þess að misræmið milli útgjalda og tekna hins opinbera á komandi ári yrði ekki meira en árið eftir, eins og nú er gert ráð fyrir. Með því má segja að því sé slegið á frest að taka út það versta og þar með fallizt á að kreppan vari lengur en hægt væri að komast af með.

Undir þessum kringumstæðum er auðvelt að tapa sér í svartsýni: kaupmáttarhrun, skuldaklafar, fjöldagjaldþrot, fjöldaatvinnuleysi, jafnvel fjöldalandflótti.

En aftur að hækkandi sól og bjartsýninni. Það er ekki ónýtt að sjálfur páfinn í Róm, Benedikt XVI, votti einmitt á þessum tímamótum að hann hafi þá trú á þeirri „hugrökku og seigu þjóð“ sem þetta harðbýla eyland byggir að hann sé þess fullviss að hún muni standa af sér þessa erfiðleikatíma og koma undir sig fótunum efnahagslega á ný. Er hann tók á móti nýjum sendiherra Íslands gagnvart Páfagarði fyrir helgina sagðist hans heilagleiki biðja fyrir því að forystumenn í íslenzkum stjórnmálum og viðskiptalífi hafi „vizku, framsýni og almannaheill“ að leiðarljósi er þeir taka ákvarðanir um framtíð þjóðarinnar. Þetta eru verðug skilaboð til íslenzkra ráðamanna nú er sól fer hækkandi á ný og nýtt ár með nýjum tækifærum fer í hönd.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mikið hringt

Staða Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, skipulagsfræðings og hugsanlegs tilvonandi formannsframbjóðanda í Framsóknarflokknum, hefur breyst dag frá degi að undanförnu. Á föstudaginn sagðist hann ekki einu sinni vera skráður í Framsóknarflokkinn og ekki á leið í pólitík. Í gær sagðist hann hins vegar hafa fengið mikið af símtölum frá framsóknarmönnum og því væri hann að íhuga málið. Hann hafi því ákveðið að nýta næstu daga til að tala við fólk og athuga hvernig landið liggur. Þá hafi hann talið sig hafa misst trúna á pólitík og að hún væri í tengslum við fólkið í landinu. Hvort sem Sigmundur Davíð ákveður að taka slaginn eða ekki er ljóst að hann er farinn að æfa pólitísku frasana.

### Samstaða mótmælenda

Nokkrir mótmælendur á Austurvelli í gær tóku sig til og köstuðu skóm sínum í Alþingishúsið. Fyrirmyndina er líklega að finna hjá írökskum blaðamanni sem mótmælti veru Bandaríkjamanna í Írak með því að kasta skóm sínum í átt að George Bush, forseta Bandaríkjanna. Í Írak þykja slíkar skóathafnir merki um mikla vanþóknun. Fjöldi íslenskra barna hefur gengið í lið með íslenskum og írökskum mótmælendum fyrir þessi jól og sett skó sína út í glugga.

### Í kjafti svínsins

Jón Gerald Sullenberger er nú í óðaönn að undirbúa stofnun nýrrar matvöruverslunar til höfuðs sínum fornu Bónusfjendum af víkingaskútunni góðu. Jón hefur hvatt þá, sem luma á ódýru og góðu verslunarhúsnæði, til að hafa samband við sig. Þangað til arkar hann sjálfur milli verslana og kynnir sér hvernig samkeppnin nýtir sér sitt húsnæði. Til Sullenbergers sást í gær í nýrri verslun við Hallveigarstíg. Þar gekk hann um eins og herforingi og mældi út hvern krók og kima. Verslunin góða er merkt Bónussvíninu í bak og fyrir. Heitir þetta ekki að hætta sér í gin ljónsins, og að köttur sé kominn í ból bjarnar?

olav@frettabladid.is
klemens@frettabladid.is

## Til hvers er Alþingi?

**NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK**
**Í DAG** | Lýðræði

Ísland er ekki lýðveldi. Ísland er flokksveldi. Íslenska þjóðin býr ekki við þingræði. Hún býr við flokksræði – þegar best lætur. Dags daglega býr hún við ráðherravald og ofríki fárra forystumanna í stjórnmálaflokkum. Og það sem verra er: íslensk þjóð er ekki lengur sjálfstæð og frjáls. Eins og Göran Persson sagði á dögunum: skuldugur maður er ekki frjáls. Frelsi krefst fjárhagslegs sjálfstæðis. Íslenska þjóðin er svo rígbundin í skuldafjötra að hún getur sig varla hrært. Ábyrgð á því ber ríkisstjórnin – og endanlega Alþingi. Þess vegna er nú óhjákvæmilegt að varpa fram þessari spurningu: Til hvers er Alþingi? Til hvers kjósum við þing?

Við kjósum flokk, ekki fólk, ekki einstaklinga, heldur flokk sem hefur raðað frambjóðendum á lista. Stundum eftir einhvers konar innbyrðis prófkjör sem byggjast á ríg, klíkuskap, peningum og smölun. Nær ómögulegt er að hafa áhrif á framboðslista. Reglur um útstrikanir eru svo haldlitlar að þær hafa reynst gagnslausar.

Flokkinn kjósum við væntanlega vegna stefnuskrár. En við henni er strax sleginn varnagli. Flokkarnir segjast „ganga óbundnir til kosninga“. Í því felst að við höfum ekki hugmynd um hvernig ríkisstjórn verður mynduð. Við kjósum ekki ríkisstjórn. Við höfum ekkert um það að segja á hvaða grundvelli hún mun starfa. Að loknum kosningum setjast formenn saman, oftast tveir, og ákveða að mynda stjórn. Á grundvelli einhvers konar „stjórnarsáttmála“ sem er svo almennt orðaður að hann er nánast marklaus – eða að túlka má hann og toga í allar áttir. Einu sinni var meira að segja talað um „heiðursmannasamkomulag“ – þótt það gleymdist reyndar að til þess þarf heiðursmenn.

Nú setjast „þjóðkjörnir fulltrúar“ á löggjafarþing undir formerkjum nýrrar ríkisstjórnar, þar sem starfað skal samkvæmt þrískiptingu valdsins. En það stendur nú bara í stjórnarskrá. Og sjá – á þessu löggjafarþingi situr framkvæmdavaldið í heiðurssæti – andspænis öðrum þingmönnum! Það skal ekki fara á milli mála hverjir ráða hér! Ég veit ekki um neitt annað þjóðþing þar sem fulltrúar framkvæmdavalds eru taldir rétthærri öðrum þingmönnum. Enda er nú hlýðnast. Á augabragði breytast þingmenn stjórnarflokkanna í auðsveipa afgreiðslumenn. Ekki er ýkja langt síðan ung þingkona greiddi atkvæði gegn eigin skoðunum „af því að hún er í liðinu“. Það gengur meira að segja svo langt að frumvarp stjórnarþingmanns fæst ekki rætt „af því að ríkisstjórnin er með annað frumvarp um sama efni í undirbúningi“. Nefndarformenn fá fyrirmæli um að svæfa málið. Og gera það. Skýrt dæmi er frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur um eftirlaunaósómann – sem enn skal gilda, ofurlítið mildaður, en gildir samt. Hér bregst forseti Alþingis algerlega og forsætisnefnd sem ber að tryggja full réttindi allra þingmanna. Þingmenn stjórnarflokka skulu hlýða. Stjórnarandstaðan fær að hrópa og kalla og nöldra, nema hvað. Á hana er tæpast hlustað, enda ræður hún engu. Svona hefur þetta gengið áratugum saman, sama hvaða flokkar hafa myndað stjórn. Og samt eiga þingmenn ekki að hlýða öðru en samvisku sinni.

Nú er meira að segja svo langt gengið að framkvæmdavaldið hefur ekki látið sér nægja að kúga löggjafarþingið, heldur líka skipað ættingja sína og vini í dómarasæti. Dómsvaldið skal einnig lúta því.

Ráðherravald er hér miklu meira en í nágrannalöndum okkar. Annar munur er þar einnig. Þar er sums staðar algengt að ráðherrar séu valdir utan þings. Annars staðar víkja þeir af þingi sem gegna ráðherradómi. Þar bera ráðherrar ábyrgð. Og segja af sér ef þeir bregðast trausti, – og einnig vegna afglapa embættismanna er undir þá heyra. Ekki hér.

Hér telja stjórnmálamenn sig geta gegnt hvaða ráðherraembætti sem er. Talin er hefð fyrir lögfræðikunnáttu dómsmálaráðherra, en ekki minnst á neitt sambærilegt fyrir önnur ráðuneyti. Hér er ekki heldur gert ráð fyrir að stjórnmálaleiðtogar eigi framtíðarsýn. Ekki einu sinni nú er um það rætt, hvernig þjóðfélag við ætlum að byggja. Kannski væri ástæða til að rifja upp einkunnarorð frönsku byltingarinnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag.

Til hvers er Alþingi? Til hvers kjósum við þing?

*Höfundur er rithöfundur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands.*

## Breytt frístundakort

**UMRÆÐA**
Sólvey Tómasdóttir skrifar um frístundakort

**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

Allir hafa eitthvað gott til málanna að leggja. Það gerði Framsóknarflokkurinn með innleiðingu frístundakortsins fyrir tveimur árum. Megintilgangur þeirra er að auðvelda börnum og unglingum í Reykjavík að sinna uppbyggilegu frístundastarfi óháð hefnahag foreldra. Þverpólítísk sátt ríkti um innleiðingu kortanna, enda mikilvægt að öll börn eigi möguleika til að nýta frístíma sinn með sem bestum hætti.

Nokkurrar mótsagnar gætti þó við útfærslu frístundakortsins. Þrátt fyrir að Íþrótta- og tómstundasvið hefði um nokkurt skeið staðið að metnaðarfullri uppbyggingu frístundaheimila áttu foreldrar þess ekki kost að greiða fyrir þau með frístundakortinu. Frístundaheimilin hafa þó frá fyrstu tíð uppfyllt allar þær kröfur sem gerðar eru til fullgildra aðila að frístundakortinu.

Í frístundaheimilum ÍTR eru börn á aldrinum 6-9 ára kynnt fyrir fjölbreyttu og uppbyggjandi frístundastarfi, auk þess sem þar er markvisst unnið að því að þroska félags- og samskiptafærni barna. Starfið er faglegt og metnaðarfull og uppfyllir öll þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir notkun kortsins frá upphafi.

Á fyrstu árum í grunnskóla taka börn út mikinn þroska, sem m.a. felst í að þróa með sér áhugamál til framtíðar og skipta frístundaheimilin þá sköpum. Margir foreldrar kjósa að bíða með að setja börn sín í aðrar frístundir og hafa því ekki getað nýtt frístundakortið yfir höfuð.

Vinstri grænn hafa alla tíð lagt áherslu á að til að frístundakortin virki sem raunverulegt jöfnunartæki, verði frístundaheimilin að vera þar valkostur. Nú, þegar efnahagsástandið krefst endurskoðunar á útgjöldum margra fjölskyldna, er brýnna en nokkru sinni að foreldrar hafi fullt frelsi til að ráðstafa frístundakortinu í þær tómstundir sem þeir telja að nýtist börnum sínum best.

Það er því mikið fagnaðarefni, að Íþrótta- og tómstundaráð hafi loks fallist á þessi sjónarmið og samþykkt tillögu okkar Vinstri grænna að reglur um frístundakortið verði endurskoðaðar þannig að foreldrar geti greitt fyrir frístundaheimili með frístundakortinu ef þau svo kjósa.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Vinstri grænna*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**Við ætlum að koma til móts við viðskiptavini okkar og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla! - Verið velkomin.**

**Opið virka daga 10-18, í dag, sunnudag 13-17, Þorláksmessu 23. des. 10-23, aðfangadag 24. des. 10-12.**

**Full búð af glæsilegum húsgögnum og gjafavöru!**

HEIMA HÚSIÐ

mood heima

Ordvegi

BÚUM BETUR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# Landsins

## Úrvals kartöflur frá Frakklandi

## Frábært úrval af kryddjurtum...


Rauður perlulaukur


Reyktur hvítlaukur

Rauðlaukur

Laukur

Salatlaukur

Hvítlaukur

Skallotlaukur


Hvítur perlulaukur

**Drekaávöxtur**
Aðeins aldinkjötið er borðað á drekaávextinum, bragðið er frekar milt og minnir á peru. Hann er oftast borðaður ferskur og er þá bestur kældur bæði í ávaxtasalöt, eftirrétti og hristinga.

**Ramboutan**
Ramboutans eru mjög sæt á bragðið og minna á vínber bæði bragð og áferð. Ramboutan er gjarnan borðaður ferskur. Hann er afhýddur og kemur þá í ljós hvítt aldin sem minnir á auga eða stóra perlu.

**Trétómatur**
Skinnið er beiskt og óætt, en aldinkjötið er sætt og minnir jafnvel á melónu eða plómu. Hann er góður einn og sér eða í sultur og eftirrétti

**Ferskar fíkjur**
Ferskar fíkjur eru með milt sætt bragð með fullt af litlum fræjum og hafa því kornótta áferð.Hægt er að borða alla fíkjuna hráa en oftast er hún skorin í tvennt og aldinið borðað. Ferskar fíkjur eru oft notaðar í ávaxta og grænmetissalöt eða í eftirrétti.

Gildir á meðan birgðir endast.

# mesta úrval
## af ávöxtum og grænmeti

*Ferskt með flugi!*

Bergmynta

gras Flat steinselja

Bláber

Blæjuber

Trönuber

Jarðarber

Rifsber

Hindber

Brómber

Kirsuber

Portabello sveppir

Shitake sveppir

Eringi sveppir

Heksen sveppir

Íslenskir sveppir

Enoki sveppir

Beach garic sveppir

Móætis sveppir

**Ástríðu ávöxtur**
Ástríðualdin hefur sterkt súrsætt bragð, en því þroskaðri – krumpaðri sem ávöxturinn er því sætari. Ástríðualdin er oftast borðað ferskt. Það er algengt í alls konar ávaxtadrykki, hristinga, ávaxtasalöt, eftirrétti, ofaná ostakökur og aðrar kökur, sósur o.fl.

**Granatepli**
Granatepli hafa sætt, ferskt og svalandi bragð. Þegar granateplin eru afhýdd koma í ljós klasar af rauðum "kornum", með ljósum stein í miðjunni, umlukin ljósum berki. Hvorki hýðið né börkurinn eru borðuð, einungis rauðu kornin sem eru sjálft aldinið.

**Broddmelóna**
Einungis aldinið er borðað, ekki er hægt að afhýða ávöxtinn svo hann er skorinn í tvennt eða í sneiðar. Bragðið er milt, vatns- og hlaupkennt, minnir á agúrku með smá sítruskeim

**Stjörnuávöxtur**
Ávöxturinn er allur ætur. Bragðinu er best lýst sem blöndu af sítrónu, epli og ananas og hefur því létt súr/sætan keim.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# Bók um forsetann prýdd stolnum fjöðrum?

**UMRÆÐAN**
Ástþór Magnússon skrifar um bók um forseta Íslands

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

Í nýútkominni bók um forseta er sagt að forsetinn hafi tekið að brjósti sér kjörorð mitt í forsetakosningum og „virkjað Bessastaði“.

Ég geri hér alvarlega athugasemd enda hefur Ólafur Ragnar Grímsson gersamlega brugðist friðarsinnum sem vildu sjá forseta Íslands sem boðbera friðar á alþjóðavettvangi og Ísland sem miðstöð friðar og lýðræðisþróunar. Forsetinn dró mig og aðra á asnaeyrunum í fjölda ára og hafði að engu fjölda áskorana um að virkja Bessastaði.

Forsetinn hefur svikið kosningaloforðin gefin í beinum sjónvarpsumræðum í aðdraganda forsetakjörs 1996 um að beita sér í friðarmálum. Þegar ég hef gengið á fund forsetans um þessi mál hefur hann farið undan í flæmingi og í besta falli svarað með kurteislegu froðusnakki. Bréfum mínum og áskorunum Friðar 2000 um að leggja friðarmálum lið hefur ekki verið svarað. Þá neitaði forsetinn að leggja okkur lið að koma hér á fót alþjóðlegum friðarháskóla þar sem m.a. yrði þróað beint lýðræði, þrátt fyrir víðtækan erlendan stuðning við hugmyndina m.a. úr búðum Sameinuðu þjóðanna. Í skjalasafni forsetaembættisins ættu einnig að finnast viðvaranir okkar frá 2001 gegn því að Íslendingar styðji stríðsáætlanir Bush Bandaríkjaforseta. Forsetinn þagði þunnu hljóði meðan tugþúsundir voru drepnir og limlestir með stuðningi íslensku þjóðarinnar. Þá minni ég á að fyrsta embættisverk Ólafs Ragnars Grímssonar var að sæma hershöfðingjann á Keflavíkurflugvelli fálkaorðunni. Fráleitt er að halda því fram að forsetinn hafi tekið að brjósti sér mín kjörorð. Ég ósk opinberrar afsökunar frá höfundi bókarinnar, Guðjóni Friðrikssyni, á slíkri nauðgun á mínum baráttumálum.

Rúmum 12 árum eftir forsetakjörið erum við enn á byrjunarreit.

Herstöðin á Keflavíkurflugvelli sem gæti orðið miðstöð alþjóðlegrar friðargæslu er að mestu ónýtt. Óheillakrákan sem náði forsetaembættinu með blekkingum og situr nú fjórða kjörtímabilið á Bessastöðum hefur eytt dýrmætum tíma í stuðning við fjárglæframenn sem stunduðu áhlaup á rótgróin íslensk fyrirtæki, þar á meðal óskabarn þjóðarinnar, til að strippa út öllu verðmætu í eina stærstu Ponsí svikamyllu heims. Þrátt fyrir að aðferðir slíkra fjármálaskúrka séu ekki nýjar af nálinni, lagði hámenntaður prófessorinn embætti forseta Íslands að veði.

Þjóðin situr eftir með sárt ennið og sviðna jörð.

Úr því að ég er að tjá mig um þessa bók er rétt að vekja athygli á því að í hana vantar gersamlega kaflana um moldvörpustarfsemi forsetans og hans stuðningsmanna. Mín fyrstu kynni af þeim óheiðarleika var í aðdraganda forsetakosninganna 1996, þegar ÓRG í eigin persónu rakkaði mig niður við útlendinga. Þar sem þarna á meðal voru aðilar sem við báðir þekktum bárust mér fregnir af þessu. Þá kom til mín fólk sem var að heyra þann rógburð frá starfsmönnum á framboðsskrifstofu ÓRG við Hverfisgötu, að ég hefði hagnast á vopnasmygli. Við seinni forsetakjör létu moldvörpur forsetans sitt ekki eftir liggja.

Kosningabaráttan

2004 hófst með grátsöng frá Ísafirði um að grunnskólabörn yrðu af skólaferðalagi ef ég færi í framboð vegna þess gífurlega kostnaðar sem myndi leggjast á sveitarfélagið að lýðurinn fengi að mæta í skólana þar að kjósa. Upphaf ársins 2008 sló þó öll fyrri met þegar fjölmiðlar í eigu stuðningsmanna forsetans voru nýttir dag eftir dag til að hylla forsetann og grafa undan hugsanlegum mótframboðum. Síðan kórónað með því að draga oddvita yfirkjörstjórnar Norður á skjáinn til að telja þjóðinni trú um það að það væri nauðgun á lýðræðinu ef mótframboð bærist gegn forsetanum.

*Höfundur bauð sig fram til forseta Íslands 1996 og 2004.*

Tryggvi Ólafsson og Gunnella
árita bækur sínar,
sunnudaginn 21. desember frá kl 14–16

Gunnella

Tryggvi Ólafsson

LISTMUNASALA fold
Opið er í Galleríi Fold á Rauðarárstíg
alla daga fram að jólum til kl. 22,
opið á Þorláksmessu til kl. 23
Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is
Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

**Veiðiflugur Íslands**
Sannkölluð biblía fluguveiðimanna og hnýtara
**Verð aðeins 3.995**

**Danvise**
Langvinsælasti fluguhnýtingavæsinn á markaðnum árum saman.
**Fullt verð 11.995 – Jólatilboð aðeins 8.995**

**Sage Launch fluguveiðisett**
Góð fluguveiðistöng í fjórum hlutum ásamt hjóli og línu. Hólkur fylgir
**Verð aðeins 39.900**

**Mad derhúfa með ljósi**
Frábærar derhúfur með innbyggðu ljósi í skyggninu. Þægilegt í myrkrinu
**Verð aðeins 3.995**

**Scientific Anglers fluguveiðisett**
Góð fluguveiðisett frá þessum virta framleiðanda. Henta byrjendum sem lengra komnum.
**Verð aðeins 19.995**

**Gerviandasett**
12 stokkendur. Blýsökkur og bönd fylgja. Góður poki undir allt settið fylgir með.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**

**Scierra tvíhendusett**
Trúlega mest keypta tvíhendusettið á markaðnum. Vönduð stöng, hjól, skotlína og kastkennsla á DVD á frábæru verði.
**Fullt verð 54.900 – Jólatilboð aðeins 45.995**

**Buffalo River verðmætahólf**
Lítill öryggisskápur fyrir skotfæri eða verðmætin á heimilinu
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**

**Scierra fleece samfestingur.**
Hlýr og góður samfestingur undir veiðigallann, skíðagallann og í alla útivist.
**Verð aðeins 12.995**

**Simms Freestone dömu vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur með kvensniði ásamt sterkum Simms skóm.
**Fullt verð 44.800 – Jólatilboð aðeins 34.900**

**Simms L2 Gore tex vöðlupakki**
Vandaðar Simms Gore-tex vöðlur ásamt Simms skóm.
**Fullt verð 56.800 – Jólatilboð aðeins 45.800**

**DAM öndunarvöðlur með stígvélum**
Þriggja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum
**Verð aðeins 29.995**

**Ron Thompson vöðlupakki**
Vandaðar neoprenvöðlur ásamt vatnsheldum veiðijakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990 – Jólatilboð aðeins 21.995**

**Gæsa- og andaflautur**
Úrval af flautum fyrir skotveiðimanninn í fjölskyldunni.
Verð aðeins frá 2.995

**Outers hreinsisett**
Úrval hreinsisetta fyrir haglabyssur og riffla. Skotveiðimenn aðstoða þig við valið.
**Verð aðeins frá 3.995**

**Gunslick hreinsistöð**
Þarfaþing fyrir skotveiðimanninn til smáviðhalds og hreinsunar skotvopna
**Verð aðeins 16.995**

**Ameristep rúllubagginn**
Vinsælasta felubirgið í gæsaveiðina. Rúmar vel 2 veiðimenn.
**Verð aðeins 19.995**

**Cass Creek kalltæki**
Vinsæl kalltæki og æfingatæki fyrir skotveiðimenn. Gæsa- og andahljóð
**Verð aðeins 3.995**

**Nikko Stirling tvífótur**
Traustur, stillanlegur tvífótur fyrir riffla. Frábært jólatilboðsverð
**Fullt verð 16.995 – Jólatilboð aðeins 11.895**

**Norconia sjónaukar**
Gott úrval vandaðra sjónauka frá þessum virta framleiðanda
**Verð aðeins frá 16.995**

**Champion leirdúfukastarar**
Kröftugir kastarar fyrir 2 dúfur.
**Verð aðeins 7.995.**
**Einnig ódýrir handkastarar á 3.995**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ

**Veiðibúðin á netinu**
**veidimadurinn.is**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050**
**sportbudin.is**

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410**
**veidihornid.is**

# Mjúkar jólagjafir

Tempur heilsuinniskór - Allar stærðir

**Aðeins kr. 7.700,-**

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI

TEMPUR®

## Jólagjafir sem allir elska....

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~

Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 221.176,-

Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-

www.betrabak.is

# Hlýjar jólagjafir

Quilts of Denmark - Gæsadúnsæng

**Aðeins kr. 13.520,-**

QUILTS OF DENMARK
www.QOD.dk
make your day

Heitasta jólagjöfin!
Gæsadúnsæng
á frábæru jólatilboði !

## ....og allir vilja fá

**TempraKON®** hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



**TempraKON®** dúnsokkar
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 5.900,-

**TEMPUR** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur

Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur

Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**www.betrabak.is**

***Opnunartímar um jól:***
Sun. 21. des. frá kl. 13-19
Mán. 22. des. frá kl. 10-22
Þri. 23. des. frá kl. 10-23
Mið. 24. des. frá kl. 10-12
Lau. 27. des. frá kl. 10-16
Mán. 29. des. frá kl. 10-18
Þri. 30. des. frá kl. 10-18

# Þjáningin er mjólkurkýr

**Steinar Bragi Guðmundsson rithöfundur hefur vakið mikla athygli fyrir skáldsögu sína Konur. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Steinar Bragi um togstreituna við skriftirnar, hliðarferil í steppdansi, grímulaust vald og gagnlegar samræður við verur af öðrum heimi.**

„Mér finnst aldrei nægjanlega mikið sagt í samræðum, það bjagast allt, kemur illa út,“ segir Steinar Bragi, eins og hann vilji vara blaðamann við að gera sér ekki of miklar væntingar í upphafi spjalls. Augun eru límd á tebolla sem hann hrærir í án afláts í nokkrar mínútur. „Ég er ekki sérstaklega góður í að færa hugsanir mínar í orð í töluðu máli, það er kannski ein helsta ástæðan fyrir því að ég fór upphaflega að skrifa.“

Klukkan er að ganga ellefu á fimmtudagskvöldi, fannfergi úti og Steinar Bragi farinn að sýna þreytumerki eftir þeytinginn á milli bæjarhluta við kynningu á sinni fimmtu skáldsögu, Konum. Þetta er saga um unga konu sem snýr aftur til Íslands eftir nokkurra ára dvöl erlendis og reynir að raða saman brotunum í lífi sínu í samfélagi sem hún kemst að að hefur gjörbreyst. Smám saman fær hún á tilfinninguna að verið sé að leiða hana í gildru.

Bókin hefur skýra skírskotun í atburði líðandi stundar; á káputexta segir að hún varpi ljósi á íslenska þjóð eins og hún sé nákvæmlega núna.

„Ég skrifaði þessa bók reyndar fyrir nokkrum árum, tók mér hlé og lauk við hana rétt áður en hún kom út. Ég er að sumu leyti heppinn að samtíminn uppfyllir allt það sem þessi bók lofaði. Þegar hún var skrifuð var valdið ekki búið að taka ofan grímuna; þetta var enn á frumstiginu, þegar við vorum öll saman í baráttunni og allir fengu sinn skerf af hamingjunni.

Það hefur núna breyst. Kerfið er hrunið og það er sterk almenn tilfinning að það séu nokkrar klíkur að togast á um þetta hræ sem er íslenska efnahagskerfið. Þeir hafa varla fyrir því að hylja þetta, þess vegna segi ég að valdið sé orðið grímulaust.“

**ÓGEÐFELLD REYNSLA SJÁLFS MÍN BAK VIÐ BÓKINA** „Þetta var eins og að rífa úr sér æxli sem var samgróið hjartanu,“ segir Steinar Bragi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hvert skref kvöl og pína

Þetta er óyggjandi sú skáldsaga Steinars Braga sem bestar viðtökur hefur hlotið og bókarýnar keppast við að hlaða hana lofi. Sjálfur segist Steinar Bragi ekki hafa haft á tilfinningunni þegar hann skrifaði bókina að hún myndi falla í kramið.

„Þetta var eins og að rífa úr sér æxli sem var samgróið hjartanu,“ segir hann. „Hvert einasta skref í vinnslu bókarinnar var hrein og klár pína. Það er ógeðfelld reynsla sjálfs mín á bak við þetta og úrvinnslan var erfið.“

Hann segist ekki finna fyrir „kaþarsis“ eða hreinsun, þegar hann skrifar; hann eigi í heldur ógeðsblendnu sambandi við skriftir. „Ég hef alltaf haft sterklega á tilfinningunni að ég sé að fást við rangt form, þess vegna á ég í átakamiklu sambandi við tungumálið og formið. Ég hefði átt að verða steppdansari finnst mér, það hefði fært mér milliliðalausa gleði í hvert sinn sem ég steppaði – þá myndi ég hverfa inn í listræna gjörninginn og gleyma sjálfum mér.

Þegar ég skrifa finnst mér eins ég sé að leita inn í sjálfan mig og þenja mig út í hvern kima hugsunarinnar og tilfinninganna. Ég finn ekki beinlínis hamingjuna í skriftunum. Kannski einhvern tíma á eftir þegar verkið er farið að fjarlægjast mig. En ég á frekar erfitt með að finna til einhverrar sjálfsánægju þegar kemur að skriftum.“

### Að næra þjáninguna

Hann líkir þessu við að vera klofinn í tvennt í gegnum miðjuna, sem hann kveðst ávallt hafa haft sterkt á tilfinningunni að eigi við um sig. „Mér finnst ég í eigin lífi, í öllu sem ég geri, vera bæði viðfang og gerandi; mér finnst ég ekki hafa fundið skotheldar forsendur fyrir mínu sjálfi, ég er stöðugt að renna út í sandinn, leysast upp í ólíkar persónur.

> Í stað þess að gangast á hólm við sjálfan sig af heiðarleika og útrýma vandamálinu – eins og þeir sem eru ekki listamenn geta kannski leyft sér – fara listamenn að líta á vandamálið sem mjólkurkúna; eitthvað sem sér þeim fyrir starfa.

Það er til fólk sem segir að ég hafi persónu, að ég sé nokkurn veginn eins milli daga og vikna og ára. Sjálfur hef ég mjög óljósa tilfinningu fyrir því, eins og kannski margir listamenn í mismiklum mæli. Kannski erum við stöðugt að reyna að sviðsetja þessar mörgu persónur sem eru „ég“, og reyna að finna eitthvað sem getur sameinað þær, til dæmis söguþráð, tesu. Á þann hátt erum við kannski að reyna að nálgast okkur sjálf.

Svo er það þetta próblematíska samband við listir yfirhöfuð, tilfinningin að maður sé stöðugt að næra einhverja þjáningu. Í stað þess að gangast á hólm við sjálfan sig af heiðarleika og útrýma vandamálinu – eins og þeir sem eru ekki listamenn geta kannski leyft sér – fara listamenn að líta á vandamálið sem mjólkurkúna; eintthvað sem sér þeim fyrir starfa. Það er kannski eitthvað bernskutrauma sem hefur eyðilagt líf þitt og grafið um sig alls staðar og maður tekst ekki á við það nema óbeint í verkum sínum. Í öllum sínum verkum það sem eftir er ævinnar. Það er þetta sem mér finnst ógeðslegt við listsköpun. Listin er einhvern veginn allt það sem er stærrra en einstaklingarnir sem veita henni áfram og það er eitthvað sem er óbærilega ópersónulegt við alla listsköpun.“

### Forsíðufrétt á hverjum degi

En hvers vegna konur? Af hverju kýs Steinar Bragi að sökkva sér ofan í kvenleikann? „Kannski af því að persónulega reynslan á bak við bókina hefur með konur að gera. En ég lyfti því upp í eitthvað almennara lögmál eða geri tilraun til að skilja það. En þetta var ekki tilraun til að skrifa forframað lesendabréf um kynin og stöðu kynjanna í nútímanum.“

Engu síður megi líta á bókina sem kraftmikið og ögrandi innlegg í umræðuna um stöðu og hlutskipti kynjanna. „Já, ég blaðaði í bókinni um daginn og rakst á setninguna um að fjórðungi kvenna er á einhverjum tímapunkti ævi sinnar nauðgað. Þetta er sú tölfræði sem helstu sérfræðingar styðjast við. Þetta eru sláandi tölur sem eiga við konur og hvernig þær eru beittar ofbeldi af öllum gerðum. Þetta gæti í raun verið forsíðufrétt á hverjum einasta degi ársins. Krafan um breytingar á þessu ætti að vera risavaxin.“

Mannvonska er algengt stef í bókum Steinars Braga. „Mér finnst ekki vera neitt sem heitir illt í náttúrunni, í hinu náttúrulega fyrirkomulagi. Dýr eru ekki ill, rándýr eru ekki ill. Menn geta hins vegar verið feikilega illir, sérstaklega þegar þeir styðjast við hugmyndafræði, sem bjagar allan veruleika, náttúruna eða eitthvað sem getur verið lífræn dýnamík í samfélaginu. Þeir troða módelunum sínum á heiminn.

Þetta er kannski sér-karllegt, ég veit það ekki; kannski hafa konur aldrei haft vald til að troða sínum módelum að. En þessi módel karlmanna eru valdbeiting og yfirleitt enda þau í illsku eða í réttlætingu á illsku. Það birtist í öfgum eins og útrýmingarbúðunum – eða hruni líkt og því sem reið yfir íslenskt samfélag.“

### Kem að betra gagni annars staðar

Steinar Bragi hefur búið erlendis undanfarin misseri en frá því hann kom heim fyrir jól hefur hann blandað sér í þjóðmálaumræðuna, skrifað greinar, mótmælt og kallað eftir kosningum. Hann segir það ekki brenna á sér að vera um kyrrt til að fylgja baráttunni eftir. Nei, ég held að ég komi að miklu betra gagni annars staðar. Minn styrkur, ef hann er einhvers staðar, liggur ekki í að vera í líkamanum að berja í veggi Landsbankans, þar sem þeir eru sýnilegir, heldur frekar að reyna að fanga það sem er að gerast með mínum hætti. Ég held ég hljóti að gera það betur.“

Steinar kveðst að mörgu leyti sáttur við íslenskt samfélag, hans hæfileiki felist hins vegar í að koma auga á það sem fer úrskeiðis. „Að sumu leyti hef ég sérhæft mig í því. Ég leita á mið þar sem eitthvað hefur brugðist; þar er merking að fæðast, þar eru að verða breytingar. Við vitum ekkert hvert þær leiða en það er auðvitað nauðsynlegt að losna við hugmyndafræði sem er orðin föst í sessi og einráð, hefur nýtt alla möguleika sína og er nú orðin innrotin. Þá verður að sparka henni burt því hún hvílir á þjóðfélaginu eins og mara, á nýsköpun og hugsjónum á borð við réttlæti. Þetta er kerfi sem er búið að ganga sér til húðar, við verðum að sameinast og losa okkar við það.

Þá getum við búið í haginn fyrir nýjar öfgar en við höfum tíu til tuttugu ár fram að því.“

### Brýtur af sér formin

Steinar Bragi vinnur nú að þremur bókum sem hann gerir ráð fyrir að komi út á næstu fimm árum. Hann heldur til Bandaríkjanna fyrir áramót en hefur hug á að fara bráðlega til Suður-Ameríku, á fund við shamen-andalækni, fá hjá honum ofskynjunarlyf „og eiga í gagnlegum samræðum við verur af öðrum heimi“.

„Ég naut líkama míns lengi vel framan af, æfði karate þegar ég var tólf ára og spilaði fótbolta með Fylki fram að átján ára aldri. En ég fann mig ekki í hópíþróttum, hefði kannski orðið góður tennisleikari. Nú er ég hins vegar að reyna að brjóta af mér öll föst form; ég er búinn að flýja allt sem til er í heiminum. Nú á ég bara eftir að brjótast út úr líkamanum. Þegar það tekst þá sný ég ábyggilega ekkert aftur.“

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

desember 2008

Súkkulaði-pavlova Sonju B. Guðfinnsdóttur

## Gersemar fyrir augað

Konfektgerð í nærri aldarfjórðung

## Sívinsælt sælgæti

Kaka að hætti Svandísar Kristiansen

## Rjómaostahringur með rifsberjum

# Ábœtisréttir

Uppskriftir að eftirréttum sem gleðja um jólin

KRÆSINGAR MEÐ DÖNSKU ÍVAFI MATREIÐSLUBÓK MÁNAÐARINS
LJÚFFENGUR MARENGSFRÓMAS VINSÆLL BRAGÐBÆTIR Í DESERTA

## FREISTANDI ÆVINTÝRI

**Hrefna Sigurjónsdóttir**

Punkturinn yfir i-ið í hverri veislu er eftirréttur. Hvort sem aðalrétturinn hittir í mark eða ekki þá má bjarga ýmsu með góðum eftirrétti. Eða eins og máltækið segir, allt er gott sem endar vel.

Þegar kemur að því að útbúa eftirrétt er fjölbreytnin mikil. Fyrst ber að leiða hugann að því hvers konar áhrifum maður vill ná fram. Er hugmyndin að ljúka hátíðinni með heitri og bragðmikilli böku þar sem fyllt er í magahólfin með rjóma eða á að vekja bragðlaukana til lífsins með fersku sorbet?

Þéttar kökur úr dökku súkkulaði, flauelsmjúkur rjómaís með brakandi stökkum sælgætisbitum, ferskir ávextir með smá sætindum eða volg ávaxtabaka og tilheyrandi. Allt bráðnar þetta í munni og sælutilfinningin hríslast um líkamann þegar slaknar á taugum og skynfærin þenjast.

Ljóst er að úrvalið er mikið í ævintýraheimi eftirréttanna og ekki að furða að Hans og Gréta hafi látið glepjast af sælgætishúsi nornarinnar forðum daga. Litríkt og ilmandi sætmeti er ómótstæðilegt og er það kannski það sem allir góðir eftirréttir eiga sameiginlegt – þeir eru sætir. Að vísu missætir en sætir þó.

Gaman getur verið að blanda saman sætu og beittu, súru bragði eins og til dæmis lime og sítrónu við mjúkan rjóma eða rjómaost og slettu af sykri. Key lime ostakakan, sem ég fékk eitt sinn á Flórída, líður mér seint úr minni. Þar ríkti fullkomið jafnvægi hins léttsúra ávaxtar og sætrar rjómaostsblöndunnar. Tiramisú-kakan sem ég fékk á veitingastað í Róm var líka ógleymanleg og brostu Pino-bræðurnir í kampinn þegar ég óaði, ummaði og stundi af nautn.

Oftast gildir þó að best er að borða eftirrétti skynsamlega svo hin undursamlega vellíðan umbreytist ekki í flökurleika. Í raun kristallast togstreita freistinganna í góðum eftirrétti. Þú mátt fá þér smá og njóta til fulls en ef þú ferð yfir strikið þá gæti þér hefnst fyrir.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

E Eftirréttur · Til hátíðabrigða · Hvunndags/til hátíðabrigða · Sætindi · Kökur

**matur** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

Auðvelt og fljótlegt er að búa til jóladagsbombuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# BOMBA Á JÓLADAG

Jóladagsbomba Maríu Níelsdóttur er ómissandi í árlegt fjölskylduboð sem haldið er á jóladag en einnig vinsæl sem eftirréttur allt árið um kring. Auðvelt og fljótlegt er að búa bombuna til.

**Nammi namm!**

Þessi uppskrift kemur héðan og þaðan. Ég hef sett hana saman eftir mínu höfði úr nokkrum réttum," segir María Níelsdóttir, sem gefur uppskrift að sykursætri jóladagsbombu úr makkarónum, marengs, rjóma, ávöxtum og súkkulaði.

María býr bombuna til allt árið sem eftirrétt en heitið dregur hún af fjölskyldujóladagsboði Maríu og systur hennar þar sem jóladagsbomban þykir ómissandi.

„Rétturinn er mjög auðveldur og maður er fljótur að gera hann," segir María og bendir á að mjög gott sé að útbúa makkarónurnar, rjómann og marengsinn aðeins áður en berin og kremið eru sett á.

En fær maður ekki sykursjokk? „Nei, ekki þegar maður er búinn að byggja sig upp með konfekti og smákökum allan desember," segir María hlæjandi og bætir við að fyrir mikla sælkera sé hægt að brytja kókosbollur í rjómann eða hafa sælgæti ofan á með berjunum og ávöxtunum. - sg

María og Anna Margrét, dóttir hennar, hlakka til að gæða sér á bombunni.

### JÓLADAGSBOMBA

**150 g makkarónur**
**½ l rjómi**
**púðursykurmarengs**
**ber/ávextir**
**krem**

*Kremjið makkarónur (um það bil 150 g) í botn á móti eða skál, bleytið upp með ananassafa. Setjið ½ lítra af þeyttum rjóma ofan á. Brytjið púðursykurmarengs ofan í rjómann. Hægt er að kaupa púðursykurmarengs eða baka (þeytið vel 4 eggjahvítur og 2 dl púðursykur og bakið í 40 mínútur við 100-120° C). Setjið jarðarber, bláber, vínber, banana og fleira ofan á. Hellið kremi óreglulega yfir.*

**KREM**
**4 eggjarauður**
**50 g flórsykur**
**80 g súkkulaði (suðusúkkulaði eða með appelsínubragði)**
**40 g smjör**

*Þeytið eggjarauður og flórsykur vel saman. Bræðið súkkulaði og smjör saman yfir vatnsbaði og hrærið varlega út í hina blönduna.*

*Í staðinn fyrir krem má eins bræða 100 g súkkulaði og hella yfir.*

## MATREIÐSLUBÓKIN

### *Af Bestu lyst 3*

Af bestu lyst 3 er þriðja bókin í þessum flokki eftir Nönnu Rögnvaldardóttur. Fyrri bækurnar hafa notið mikilla vinsælda og er nú verið að endurprenta fyrstu bókina vegna mikillar eftirspurnar.




Í matreiðslubókinni er að finna uppskriftir að nýjum og nútímalegum réttum sem jafnframt eru hollir og einfaldir.

Meðal þess sem finna má í bókinni eru uppskriftir að hægelduðum kryddjurtalaxi, fylltum kjúklingabringum, baunabuffi með heitu tómatsalati og hollum og girnilegum brauðum og kökum, auk fjölda annarra heilsusamlegra sælkerarétta.

Hverri uppskrift fylgja upplýsingar um næringargildi réttarins, meðal annars um hitaeiningar, fitumagn og magn mettaðrar fitu, próteina og kolvetna.

VERSLUN SÆLKERANS

## *Café Konditori Copenhagen*

Café Konditori Copenhagen sérhæfir sig í tertu- og kökugerð og býður upp á hinar ýmsu kræsingar sem margar eru með dönsku ívafi. Bakaríið var stofnað árið 1997 af þeim Tine Buur Hansen og Þormari Þorbergssyni en er nú í eigu Arnars Snæs Rafnssonar.

„Okkar sérstaða er fyrst og fremst að bjóða upp á mikið úrval af ferskum rjómatertum og hér gengur fólk að þeim vísum. Auk þess erum við með rjómasmástykki, danska kransakökubita og svo auðvitað allt sem heitir vínarbrauð í bland við rúnstykki, dönsk rúgbrauð og fleira," segir Arnar. „Fyrir jólin gerum við svo alltaf Ris á l´amande sem fólk getur pantað og sótt dagana fyrir jól en það er hátíðareftirréttur sem er mörgum að skapi. Þá eru Tonka-trufflur sérlega vinsælar fyrir jólin, ásamt piparkökum, lagtertum og sykurhúðuðum hnetum."

Í bakaríinu að Suðurlandsbraut 4a er líka boðið upp á súpu, létta rétti og smurbrauð í hádeginu en þar er auk þess mikið úrval af alls kyns sérvöru og má þar nefna brauðolíur, pestó, marmelaði, sultur og smurosta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 40% af allri jólavöru

3 fyrir 2 af öllum matarstellum

öðruvísi jól í Pier

Kúlutré
var 4.990.- nú 1.194.-

Borðskreytingar
Glæsilegt úrval!

Vorum að fá margar tegundir af knöllum.
Skemmtilegt á veisluborðið!

Stórt fiðrildi
var 1.190.-
nú 714.-

kúlur með doppum
3 í pakka var 1.290.-
nú 774.-

fugl var 490.-
nú 294.-

Knöll
9 í pakka var 990.-
nú 594.-

Röndóttar keilur
4 í pakka var 1.190.-
nú 774.-

Jólatré úr málmi,
47 cm hátt
með bjöllum
var 3.990.-
nú 2394.-

the PIER

## Framandi jólavara á góðu verði

opið til kl. 22 öll kvöld til jóla!
aðfangadag opið frá 9 til 12

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

1. Vanillan er unnin úr fræbelgjum vanillujurtarinnar sem vex meðal annars í Mexíkó.

2. Vanillan er eitt vinsælasta bragðefnið í eftirrétti og ís.

3. Stangirnar má nota aftur og aftur í matargerð.

4. Fræbelgir vanillujurtarinnar eru lagðir í bleyti og svo þurrkaðir í hálft ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

HRÁEFNIÐ: **Vanilla**

# Ilmandi og mjúk

Vanilluilmur og -bragð fellur flestum í geð. Vanillan er unnin úr vanillujurt og svörtu vanillustangirnar sem við þekkjum eru þurrkaðir fræbelgir jurtarinnar.

Vanillujurtin vex í Mexíkó á Kyrrahafseyjum og á Madagaskar. Astekar eru taldir hafa notað vanillu í súkkulaðidrykki en vanillujurtin barst til Evrópu með spænskum landkönnuðum snemma á sautjándu öld og er nafnið dregið af spænska orðinu vainilla. Vanillan fór að ryðja sér til rúms í íslenskri matargerð á átjándu til nítjándu öld og þá í eftirréttum eins og ís. Er vanillan eitt vinsælasta bragðefnið í íslenskum ís.

Vanilla er dýrt krydd vegna þess hve vinnsla þess er tímafrek en um hálft ár líður frá því að fræbelgir vanillujurtarinnar eru tíndir og þangað til þeir eru tilbúnir til notkunar í matargerð. Stangirnar má setja beint út í til dæmis grauta og búðinga og að matreiðslu lokinni má þvo stangirnar og nota aftur ef þær eru geymdar í loftþéttu íláti. Einnig má skafa innan úr þeim fræin og nota þau.

Vanilludropar geta komið í staðinn fyrir vanillustangir í matargerð en þeir innihalda ekki ekta vanillu og jafnast engan veginn á við hana í gæðum. Vanillusykur keyptur í búðum er flórsykur sem er yfirleitt bragðbættur með gervivanillu. Hægt er að búa til vanillusykur heima með því að stinga vanillustöngum ofan í krukku með flórsykri og loka vel. - rat

# BINDUR KREM, FRÓMAS OG HLAUP

Matarlím er mikið notað í ábætisrétti því það bindur krem, frómas og hlaup og kemur í veg fyrir að það renni út.

Matarlím er bragðlaust hleypiefni sem oftast er í blaðformi. Við notkun eru blöðin fyrst mýkt í köldu vatni um stund en síðan undin og sett í lítinn pott ásamt einni skeið af vatni eða öðrum vökva á móti hverju blaði. Síðan eru þau brædd í vatnsbaði. Þegar ávaxtasafi er notaður í það sem á að hleypa er hægt að hita hann og bræða matarlímið í honum.

Ef þykkja á eggjahræru eða rjómablandað krem má matarlímið ekki vera heitara en um 37 gráður þegar því er hellt í mjórri bunu út í skálina og nauðsynlegt er að hræra vel í á meðan. - gun

Matarlím er mikið notað í eftirrétti.

NORDICPHOTOS/GETTY

# fyrir Sólin

**Blandari** MMB 2000
600 W. Hægt að mylja ísmola.
Bikar úr gleri. Tekur 1,75 lítra.
**Jólaverð: 10.900 kr. stgr.**

**Matvinnsluvél** MK 55100
800 W. 3,8 lítra skál.
Með 1,5 lítra blandara.
**Jólaverð: 13.900 kr. stgr.**

**Töfrasproti** MQ 5B100
280 W. Hljóðlátur og þægilegur í notkun.
**Jólaverð: 4.600 kr. stgr.**

**Ryksuga** VS 01E1800
1800 W. Virkilega þrífandi hrífandi.
**Jólaverð: 15.900 kr. stgr.**

iittala

**iittala pottar og pönnur á 15% afslætti til jóla.**
Eru úr 18/10 ryðfríu stáli, hafa margfaldan botn og mikla hitaleiðni.
Ganga á öll helluborð.

ATARNA

**SIEMENS**

**Espressó-kaffivél** TK 52002
Alsjálfvirk kaffivél sem malar baunir og býr til ýmsa kaffidrykki.
**Jólaverð: 86.900 kr. stgr.**

**Þvottavél** WM 12A162DN
Tekur 5 kg. 1200 sn./mín. Orkuflokkur A.
**Jólaverð: 114.900 kr. stgr.**

**Þurrkari** WT 44E102DN
Tekur 7 kg. Gufuþétting, enginn barki.
**Jólaverð: 129.900 kr. stgr.**

Stór og lítil heimilistæki,
símtæki og ljós í miklu úrvali.
Sjáið jólatilboðin á
**www.sminor.is**

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## Í ELDHÚSKRÓKNUM



**RAUÐ** og jólaleg glerskál með gull-laufblöðum hentar vel til að bera fram smákökur. Fæst í Tiger á 400 krónur.

**JÓLAÖLIÐ** mætti bera fram í þessari grænu akrýlkönnu sem fæst í Byggt og búið og kostar 2.499 krónur.

**KÖKUFORM** sem sameinar kosti hefðbundinna springforma og sílikonforma. Botninn er gerður úr postulíni en hliðarnar úr sílikoni. Fæst í Kokku á 3.450 krónur.

**BAKKI** frá Alessi með gullmynstri sem gert er eftir torginu í Feneyjum. Fáanlegt í Mirale á 35.100 krónur.

**Hindberjasósa er höfð með réttinum en hana er tiltölulega auðvelt að búa til svo úr verði ljúffeng sósa.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Gott orð fer af ris á l´amande að hætti Ingvars Helga Guðmundssonar matreiðslumeistara.**

# *Ilmandi* ábætisréttur

Ris á l´amande er einn af eftirlætis ábætisréttum landsmanna um jólin. Ingvar Helgi Guðmundsson finnst best að bragðbæta hann með ilmandi kanilstöngum.

Mér finnst best að sjóða kanilstangir með hrísgrjónunum til að framkalla nett kanilbragð. Við það verður fyllingin líka meiri og betri og rétturinn gómsætari," segir Ingvar Helgi Guðmundsson, matreiðslumeistari og eigandi Salatbarsins, um sína útfærslu af eftirréttinum ris á l´amande sem gott orðspor fer af.

„Sumir kjósa að sjóða vanillustangir með réttinum en kanillinn ljær honum miklu meiri dýpt að mínu mati. Svo er þetta kælt og blandað saman við stífþeyttan rjóma," útskýrir Ingvar og segir að notkun á kanil megi rekja til Þýskalands. „Þjóðverjar nota meira börkinn af kaniltrénu á meðan við Íslendingar þekkjum bara kanilsykurinn sem vinsælt er að strá út á grautinn. Segja má að með kanilstöngunum séum við enn frekar að nálgast grjónagrautinn."

Hann bætir við að tilvalið sé að búa til ris á l´amande eftir Þorláksmessu til að fá góðan ilm í húsakynnin að skötuveislu lokinni. „Þá myndast nefnilega góð kanillykt á heimilinu sem slær á ýldufnykinn sem fylgir skötunni," segir hann og hlær. - rve

**Ingvar segir heillaráð að sjóða kanilstangir með grjónunum.**

E

## RIS A L´AMANDE MEÐ HINDBERJASÓSU

### HRÍSGRJÓNA-ÁBÆTIR

**2 dl grautar-grjón (Pudding Rice)**
**4 dl vatn**
**6 dl mjólk**
**3 stk kanilstangir**
**30 g smjör**
**2 tsk. salt**
**4 msk. sykur**
**2 tsk. vanilludropar**
**½ rjómi, þeyttur**
**150 g flórsykur**
**vanilludropar eða vanillusykur eftir smekk**

*Sjóðið grjón í vatni með kanilstöngum þar til að þykknar. Bætið síðan mjólk saman við, lækkið hitann og sjóðið þar til grjón eru orðin lin og grautur þykkur. Kælið grjón. Athugið að gott er að gera þetta deginum áður.*

*Bætið þeyttum rjóma og flórsykri saman við grjón og hrærið vel saman með sleif. Setjið vanilludropa eða vanillusykur út í eftir smekk.*

### HINDBERJA-SÓSA

**100 g flórsykur**
**1 dl vatn**
**100 g hindber, fersk eða frosin**
**1 tsk. sítrónusafi**

*Blandið öllu saman í matvinnsluvél (blender) og maukið vel saman.*

KEA

# HAMBORGAR-HRYGGURINN BESTUR

KEA-hamborgarhryggurinn og Húsavíkurhangikjötið fóru glæsilega með sigur af hólmi í bragðkönnun DV í ár.
Úrslitin koma ekki á óvart.
Undir hatti Norðlenska eru eingöngu gæðamerki sem tryggja landsmönnum framúrskarandi hátíðarmat.
Gleðileg jól.

ENNEMM / SÍA / NM36425

NORÐLENSKA

KEA GOÐI BAUTA BÚRIÐ

# Peugeot, skoðaður til 2038

JÓNSSON & LE'MACKS • jlis • SÍA

» Peugeot framleiddi sína fyrstu piparkvörn 1840. Verkið í kvörnunum er ennþá það áreiðanlegasta á markaðinum og ástæðan fyrir því að Peugeot býður 30 ára ábyrgð. Peugeot kvarnir fást hjá: Kokku á Laugavegi 47, Duka Kringlunni, Tekk Company Bæjarlind 14-16 í Kópavogi, Pottum og Prikum á Strandgötu 25 á Akureyri og Cabo við Hafnargötu 23 í Keflavík. Svo er auðvitað hægt að kaupa þær á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Svandís fékk uppskrift að kökunni fyrir þremur árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góður hringur þegar tilefni gefst

Rjómaostakaka Svandísar Kristiansen, húsfreyju og hárgreiðslukonu, hentar á jólaborð vegna bragðgæða og fegurðar. Rifsber úr garðinum gegna lykilhlutverki.

„Ég geri ráð fyrir þessari köku þegar ég tek rifsberin inn á haustin," segir Svandís Kristiansen, húsfreyja og hárgreiðslukona, um rjómaosthring með rifsberjum sem hún kveðst gjarnan eiga í frysti og bera á borð þegar tilefni gefist, ekki síst í aðdraganda jóla. Hún segir berjauppskeruna í haust hafa verið slíka að annað eins hafi ekki sést. „Sú var tíð að ég setti álpappír yfir greinarnar til að fuglarnir færu ekki í berin en nú var ekki þörf á því. Þeir fengu að borða nægju sína."

„Auðvitað höfum við skipt einhverjum tegundum út svona af og til, en af hverju að breyta til ef hlutirnir virka vel," spyr Guðrún Ína.

Hnetusmjörskonfekt, marsipanbrauð og piparmyntukúlur eru meðal þess góðgætis sem hefur fengið að halda sér og segir Guðrún Ína gott að geta gripið til molanna þegar gesti ber að garði. „Þá þarf ekkert endilega að borða á jólunum, heldur er gott að eiga þá með kaffinu."

- rve

## KONFEKT MEÐ HNETUSMJÖRI, PIPARMYNTU OG MARSIPANI

### HNETUSMJÖRSKONFEKT

**3 msk. hnetusmjör**
**½ stk. núggat (½ stórt stykki)**
**250 g kókosmjöl (um það bil)**
**300 g Rice Crispies (um það bil)**
**200 g flórsykur (um það bil)**
**suðusúkkulaði**

*Bræðið hnetusmjör og núggat saman í potti. Bætið síðan kókosmjöli, Rice Crispies og flórsykri út í eftir smekk, þó mest af Rice Crispies. Setjið í lítil konfektbrérform með teskeið á meðan blandan er heit. Bræðið suðusúkkulaði og setjið yfir eftir að blandan er komin í formið. Geymið í frysti.*

### PIPARMYNTUKÚLUR

**3 stk. eggjahvítur**
**flórsykur**
**piparmyntudropar, eftir smekk**

*Hrærið saman í hrærivél með hnoðara eggjahvítum og flórsykri þar til blandan er orðin þétt í sér og laus frá skál. Bætið piparmyntudropum í deig eftir smekk. Auðvelt á að vera að móta kúlur úr deiginu.*

*Ef ekki eru gerðar kúlur strax er deig vafið inn í rakan klút til að koma í veg fyrir að það þorni. Mótið kúlur og setjið á bökunarplötu. Látið standa þar til deig hefur þornað hæfilega (um það bil ein klukkustund). Bræðið suðusúkkulaði og hjúpið kúlur með því. Geymið í frysti.*

### MARSIPANBRAUÐ

**100 g af möndlum, pekanhnetum eða heslihnetum**
**1 stór krukka kokkteilber**
**150 til 200 g döðlur, gráfíkjur eða rúsínur**
**5-7 msk. af koníaki, sherry, Grand Mariner eða púrtvíni eftir smekk**

*Blandið hráefni að ofan daginn áður en gera á brauð. Látið standa í ísskáp yfir nótt. Setjið allt í matvinnsluvél og maukið.*

Hnetursmjör, núggat og Rice Crispies er meginuppistaðan í þessum molum sem sniðugt er að setja í litrík bréf.

Konfektgerð er bæði auðveld og fljótleg.

**Vinkonurnar Guðrún Brynja og Guðrún Ína hafa staðið saman í konfektgerð fyrir hver jól í næstum aldarfjórðung. Börnin hafa á ýmsum aldursskeiðum aðstoðað þær og svo hafa karlarnir auðvitað gætt sér á framleiðslunni.**

## PUNKTURINN YFIR I-IÐ

Um jól er ómissandi að njóta eftirrétta í enda máltíðar, en ábætisréttir eru fremur nýtilkomnir í sögu vestrænnar matarmenningar. Fyrir tíma sykuriðnaðar, og áður en fólki af millistétt fjölgaði til muna á 20. öldinni, voru sætindi aðeins á borðum hefðarfólks, eða í hæsta máta afar sjaldséð góðgæti á stórhátíðum. Eftir því sem sykur varð ódýrari og auðfengnari þróaðist gerð ábætisrétta hratt, og vinsældir þeirra sömuleiðis. Eftirréttir kallast víða um heim dessertar. Orðið er myndað úr frönsku máltæki sem merkir „að hreinsa af borðinu", enda hugsaðir sem lokaréttur í enda máltíðar, þegar annað hefur verið tekið af borðum. Algengir eftirréttir eru tertur, smákökur, sætindi, ávextir, hnetur, ís og búðingar. Nú til dags eru ábætisréttir gjarnan bornir fram sem smáréttir eða aðalréttir. Mörg veitingahús veraldar sérhæfa sig í ábætisréttum og vinsælt er að njóta eftirrétta og tertna án þess að heil máltíð fylgi.

*Fletjið marsipan út og smyrjið núggati yfir og að lokum fyllingu. Rúllið upp og skerið í mátulega stórar lengjur. Hjúpið síðan með súkkulaði og látið stífna í ísskáp.*

*Fallegt er að skreyta brauðin til dæmis með grænum marsipanlaufblöðum og rauðum kokkteilberjum og strá flórsykri yfir, eða bræða hvítt súkkulaði (Odensedropa) og sprauta yfir þau.*

Ástbjörg Ýr Gunnarsdóttir býr til ljúffenga eftirrétti á hátíðarborðið. Marengs- og frómasbombuna segir hún sérstaklega sæta og góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ljúffengur marengsfrómas

Frómas hefur löngum tilheyrt hátíðarborðinu. Ástbjörg Ýr bjó til bragðgóðan snúning á þennan eftirrétt og bætti sætum marengs við ljúffengan frómasinn.

Hátíðarbomban, eins og ég kalla hana, er mjúkur marengs með ananasfrómas ofan á. Mjög sætur og góður eftirréttur," segir Ástbjörg Ýr Gunnarsdóttir matgæðingur.

Ástbjörg, sem er mjög liðtæk í eldhúsinu, segir hátíðarbombuna einfalda í framkvæmd en betra sé að hafa tímann fyrir sér. „Það er mjög auðvelt að gera þennan rétt, en það þarf að baka marengsinn í tvo tíma og láta hann svo kólna inni í ofninum. Frómasinn þarf svo helst að vera í kæli yfir nótt, svo þetta er smá ferli en mjög auðvelt."

Um áramótin hefur Ástbjörg boðið fjölskyldunni til veislu og hafa réttirnir á borðum nálgast hátt á annan tug. „Ég hef boðið til áramótaveislu núna síðustu þrenn áramót og bý til mismunandi rétti. Ég tek þá bestu réttina frá árinu áður og bæti svo alltaf einhverju nýju við. Ég mun prufukeyra bombuna í afmæli bróður míns og þá verður ákveðið hvort hún ratar á áramótaborðið." - rat

E

## HÁTÍÐARBOMBA MEÐ MARENGS OG FRÓMAS

**MARENGS**
**6 stk. egg**
**375 g sykur**
**1 tsk. edik**
**½ tsk. vanilludropar**
**¼ tsk. salt**

*Þeytið eggjahvítur og bætið rest saman við. Þeytið þar til sykur er uppleystur og marengs orðinn stífur. Bakað við 100° C í tvo tíma og látið kólna í ofni.*

**FRÓMAS**
**3 stk. egg**
**100 g sykur**
**3 stk. matarlímsblöð**
**250 g ananaskurl**
**½ l rjómi**
**sítrónusafi**

*Þeytið egg og sykur í ljósa froðu. Bætið ananas út í. Bræðið matarlím (áður lagt í bleyti í köldu vatni) í sítrónusafa og hellið varlega saman við. Þeytið rjóma og bætið út í með sleif ásamt 1 dl af ananassafa (úr dós). Látið stífna í kæli yfir nótt.*

*Hvolfið marengs eins heillegum og hægt er ofan í skál og smyrjið frómas ofan á. Skreytið með ananas og súkkulaðispæni.*

habitat
Holtagörðum og Akureyri

# Nýjar vörur
## – 40% afsláttur

VORUM AÐ TAKA UPP SENDINGU

Allar jólavörur með 60% afslætti

STUB BASM IÐJAN

Holtagörðum og Akureyri

**ALLT AÐ**
# 40% AFSLÁTTUR

**Barnahúsgögn, ljós, lampar, stólar, leikföng, fatnaður, meðgöngufatnaður og margs konar smávara. Fallegar og vandaðar vörur í jólapakkann.**

**Nýr haust- og jólafatnaður með 10% afslætti.**

**www.stubbasmidjan.is**

Stubbasmiðjan er spennandi verslun sem sérhæfir sig í húsgögnum og alhliða lausnum fyrir barnaherbergi.

Opið til kl. 22 til jóla og til kl. 23 á Þorláksmessu í Habitat og Stubbasmiðjunni!

**Jólasveinar** um helgina í Holtagörðum kl. **15–16**

Upplifðu ævintýri innandyra

ENNEMM / SÍA / NM35474

# Gjafir sem gagn er að

Ímynd hins besta í blandara.

VERÐ **29.900**

**KitchenAid**

Drottning brauðristanna.

VERÐ **37.900**

Meiriháttar matreiðsluvél.

VERÐ **47.900**

Vöfflujárn með CoolReach handföngum.

VERÐ **59.900**

Gerir þykkar vöfflur sem auðvelt er að baka með fyllingu.

**Matreiðslubók á íslensku með 150 uppskriftum fylgir**

**TILBOÐ**

**20% AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ **69.920**

FULLT VERÐ **87.500**

KitchenAid KSM150 ***Hvít***

## Grænmetiskvörn fylgir tilboði

*Sneiðir eða rífur stökkt grænmeti, harða ávexti og harðan ost.*

## KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

**Saeco**

## *Frábær jólatilboð á betri kaffivélum*

**Saeco Incanto Deluxe**
Sjálfvirk 1200 w kaffivél með Digital skjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 300g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.

**HÁTÍÐARVERÐ**

**79.990**

FULLT VERÐ **139.900**

**Saeco Talea Touch**
Sjálfvirk 1300 w kaffivél með Digital snertiskjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 250g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.

**HÁTÍÐARVERÐ**

**89.990**

FULLT VERÐ **159.900**

***MEÐ SNERTISKJÁ***

**Denon AVR1509**
5 rása heimabíómagnari með iPod samhæfni og 1080P gegnumstreymi í gegnum HDMI 1.3a

VERÐ **79.900**

**Denon DCD 1500**
SACD og CD spilari. Alpha Processing. Tryggir nákvæma umbreytingu Digital í Analog hljóð.

VERÐ **159.900**

**Denon DP29F**
Sjálfvirkur Vinyl plötuspilari. Beltisdrif. 33 1/3 og 45 rpm. Wow og flutter: 0,15%. MM pickup fylgir.

VERÐ **19.900**



**Denon PMA500**
2 x 45w (8 ohm), 2 x 70w (4 ohm) magnari. 100khz tíðnisvörun fyrir DVD-Audio og SACD. Source-Direct hnappur. ofl.

VERÐ **49.900**

**DENON**

**Denon DVD1940**
DVD spilari með 1080p upscaling. Dolby Digital & DTS. HDMI með HDCP Digital Video. 480p/720p/1080i/1080p. HDMI. Tengi gullhúðuð.

VERÐ **58.900**

**Denon S102**
2.1. Dolby Virtual heimabíó. Útvarps- og heimabíómagnari. DVD spilari með 1080P Upscaling. HDMI. iPod Denon Dock tengi. 2 x 50w hátalarar.

VERÐ **229.900**

**TOSHIBA**

*Flaggskipin frá Toshiba*

*LCD með DVD*

**22"**

**Toshiba 22DV555DG**
22" LCD breiðtjald með DivX DVD spilara. Dýnamísk baklýsing 1000:1. Upplausn: 1680 x 1050.

**37"**

**Toshiba 37Z3030**
37" LCD breiðtjald. Active Vision 100hz. Upplausn: 1920x1080p. FULL HD. Skerpa: 9000:1. xvYCC Broad Color Space. Innb. Digital móttakari. 3x HDMI ofl.

**42"**

**Toshiba 42XV555DG**
42" LCD breiðtjald. Active Vision 100hz. Upplausn: 1920x1080p. FULL HD. Skerpa: 9000:1. Innb. Digital móttakari. 3x HDMI ofl.

**40"**

**Sá þynnsti á markaðnum**
IF hönnunarverðlaunin 2008

**Toshiba Regza 40ZF355**
40" LCD breiðtjald. Active Vision. Upplausn: 1920x1080p. FULL HD 100hz. Skerpa: 30000:1. Svartími: 6ms. 3x HDMI ofl.

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# GLÆSILEG NÝ JÓLATILBOÐ

## GLÆSILEGUR NÝR 4BLS BÆKLINGUR

**25% LÆKKUN**
ALLT AÐ 25% LÆKKUN Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**OPIÐ Í DAG FRÁ 10-19**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

**OPNUNARTÍMAR**
Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

**TÖLVUTEK**

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Kannski eru jólasveinarnir með galdralykil

Jólasveinarnir, jólamatur og jólagjafir voru leikskólabörnunum á leikskólanum Dvergasteini, sem *Sigríður Björg Tómasdóttir* tók tali, mjög hugleikin. Þau voru öll sammála um það að desember væri mjög skemmtilegur mánuður.

## Tómas Atlason, þriggja ára

**Setur þú skóinn út í glugga?** Já og ég fékk einu sinni límmiða á gluggann og mynd af Askasleiki.

**Eru jólasveinarnir góðir?** Já og stórir og feitir. Þeir eru prakkarar, maðurinn í Stundinni okkar segir að þeir skelli hurðum og kíki inn um glugga og alls konar. Í jólasveinabókinni er Kertasníkir með nebbann út í loftið.

**Hvað heitir mamma þeirra?** Grýla og hún flengir þá með vendi. Góða Grýla er til en vonda Grýla er dauð.

**Áttu uppáhaldsjólasvein?** Hann heitir Ketkrókur. Jólasveinarnir eru þrettán og þeir klifra upp vegginn til að setja í skóinn. Ef við krakkarnir erum óþekk þá þýðir það að við fáum ekkert í skóinn nema kartöflu.

**Hvað langar þig í í jólagjöf?** Ég vil fá svona stóran jólasvein, kannski Hurðaskell.

**Hvað gerist svo á jólunum?** Við borðum mat; hangikjöt, hreindýrakjöt, lambakjöt og nautakjöt.

## Sara Björk Ragnarsdóttir, fimm ára

**Veistu hvers vegna við höldum upp á jólin?** Já, Jesú á afmæli.

**Hlakkar þú til jólanna?** Já. Og það er skemmtilegast að fá pakka. Í fyrra fékk ég risastóran pakka með póníhestum til að greiða. En ég á fimm dúkkur, því ég er fimm ára.

**Áttu uppáhaldsjólasvein?** Mér finnst Hurðaskellir skemmtilegastur, það er svo fyndið þegar hann skellir hurðum.

**Hefurðu séð jólasvein** Já, um daginn. Þá fór ég í Kaupþing þar sem pabbi er að vinna og það komu þrír jólasveinar og voru að syngja jólalög. Og við fengum kakó og vorum líka að mála piparkökur. Og svo fengum við alls konar girnilegan mat, jólamat og sparimat.

**En hefurðu séð jólasvein setja í skóinn hjá þér?** Nei, ég má ekki vera vakandi þegar hann kemur, þá fæ ég ekkert í skóinn.

**Hvernig kemst hann inn til að setja í skóinn?** Ég veit það ekki, kannski er hann með galdralykil. Pabbi segir að hann komi í gegnum dyrnar þegar hann setur í skóinn, það er betra fyrir hann en að fara í gegnum gluggann.

## Elísabet Narda Santos, fjögurra ára

**Hvaða jólasveinn finnst þér skemmtilegastur?** Stúfur, hann er skemmtilegastur. Mér finnast pönnur nefnilega svo skemmtilegar. Hann heldur á pönnu í bókinni um jólasveinana.

**Hvað ætlar þú að borða um jólin?** Ég ætla að borða rjúpu og hangikjöt heima hjá ömmu og afa. Ég er stundum hjá þeim um jólin en stundum erum við bara að spjalla heima. Það er svo gaman hjá mér um jólin. Svo verð ég líka annars staðar, á veitingastað. Mér finnst skemmtilegast um jólin að vera á veitingastað, fá pakka og borða jólalegan mat.

**Hvað langar þig í í jólagjöf?** Ég veit það ekki. Einu sinni komu pabbi og mamma með jólagjöf til mín. Og ég vissi ekki hvað var inni í gjöfinni en svo opnaði ég hana og í henni var skiptiborð fyrir dúkkurnar. Það var líka bað í skiptiborðinu. Það þurfti að setja borðið saman og pabbi minn gerði það. Núna geymi ég það alltaf inni í skáp og líka eldhúsið mitt.

**Ferðu á jólaball?** Já, í leikskólanum og á sunnudeginum í hinu árinu fer ég á jólaball að dansa í kringum jólatré með ömmu, það er gaman.

**Gaf jólasveinninn þér eitthvað í skóinn?** Já, bangsa og mandarínu. Ég hef aldrei fengið kartöflu, þegar börnin eru óþekk þá fá þau kartöflu. Ég er alltaf þæg í desember, þá er svo gaman. Mér finnst svo skemmtilegt að leika mér í snjónum, ég reyndi að búa til snjókarl áðan með vinum mínum en við gátum það bara alls ekki.

## Gríma Valsdóttir, þriggja ára

**Hefur þú séð jólasvein?** Já, ég var í afmæli einu sinni og þá kom jólasveinn í afmælið. Hann gaf okkur nammi því hann var á ferð og sá að við vorum í afmæli og að okkur vantaði nammi. Jólasveinarnir gefa okkur eitthvað fallegt í skóinn en ef krakkar eru óþekkir í desember þá fá þeir kartöflu í skóinn eða ekki neitt.

**Áttu uppáhaldsjólalag?** Bráðum koma blessuð jólin.

**Hvað langar þig í í jólagjöf?** Mig langar í prinsessubók, spólu með hundinum og sjóræningja Dóru-mynd. Það er besta myndin mín.

**Hvað er skemmtilegast um jólin?** Bara allt, þá er svo gaman í einn dag. Allir fá pakka og sumir eiga afmæli þá en bara sumir.

## Halldór Orri Jónsson, fjögurra ára

**Af hverju höldum við upp á jólin?** Af því að einu sinni var kona með barn í maganum og það var Jesúbarnið og svo var það alveg að fara að fæðast. Ég er ekki viss, fæðist það kannski núna? Ég held að það fæðist núna.

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?** Það er Stekkjastaur. Sko Stekkjastaur sem klifrar alltaf á staurum, ekki sá sem sýgur ærnar. Grýla mamma þeirra, hún flengir jólasveinana, ef þeir skella hurðinni og borða allan matinn.

**Hafa jólasveinarnir gefið þér eitthvað í skóinn?** Já, alls konar dót, ég fékk svamp og hann breytist í þvottapoka í baðinu. Svo fékk ég sápu sem breytist í lit.

**Langar þig að fá eitthvað í jólagjöf?** Já, svona stóran slöngudreka sem nær alveg upp á vegg, en ekki alla leið upp í geiminn.

## Brynja Jóhannsdóttir, þriggja ára

**Hvað gaf jólasveinninn þér í skóinn?** Hann gaf mér pakka og í honum var rauð bók, ég man ekki hvað hún er um. En veistu hvað, á morgun kemur Hurðaskellir. Í bókinni sem við vorum að lesa áðan var Hurðaskellir að skella hurðum og hann skellti svo fast að hann gat ekki opnað hana aftur.

**Veistu hvað gerist á jólunum?**

Já, við fáum jólamat og hann heitir hangikjöt. Svo held ég að ég fái Karíus og Baktus-mynd, Kung Fu Panda-mynd og Dóru-mynd.

**Áttu uppáhaldsjólalag?**

Það heitir Í skóginum stóð kofi einn. Það er mjög gaman að syngja það.

## Sölvi Sturluson, þriggja ára

**Hvað langar þig í í jólagjöf?** Ég vil fá stóran dreka sem er samt ekki til í alvörunni. Ég vil fá dreka sem er svartur og getur haft eldinn út og líka inn.

**Veistu af hverju við höldum upp á jólin?** Nei. En einu sinni fórum við í kirkju og þá lærðum við eitthvað um Jesú.

**Hafa jólasveinarnir gefið þér eitthvað í skóinn?** Já alls konar, ég fékk dreka og pleymókall í morgun.

**Veistu hvernig þeir komast inn til að setja í skóinn?** Þeir klifra upp á rörin sem eru á húsunum, opna gluggann og setja gjöf í skóinn. Einu sinni þegar ég var í rúminu mínu sofandi þá kom Stekkjastaur og hann bara hoppaði upp á þak og renndi sér niður strompinn og gaf mér gjöf.

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

**LOGITECH Z-E3**
2 kraftmiklir 40W hátalarar og öflugt bassabox
**19.990**

**CASIO EX-Z19**
9.1 MP myndavél með 3x zoom, 2.6" skjá, hágæða hreyfimyndataka
**27.990**

**OPIÐ LENGUR FRAM AÐ JÓLUM**
21.DES FRÁ 10:00 TIL 22:00
22.DES FRÁ 09:00 TIL 22:00
23.DES FRÁ 09:00 TIL 23:00

**ASUS X51L-AP108A**
1.86GHz Intel Pentium T2390 • 2GB minni 160GB harður diskur • 15.4" skjár • Intel GMA X3100 skjákort • Windows Vista Home Basic
**99.990**

**STEELSERIES QCK+**
Efnis músamotta fyrir leikja-spilarann, stærð 450mm x 400mm
**2.990**

**MINNISKORT Í MYNDAVÉLINA Í MIKLU ÚRVALI**
1GB-2GB-4GB-8GB

**SENNHEISER RS 120**
Þráðlaus þægileg heyrnartól með hleðslustand og hleðslubatteríum
**11.990**

**ICYBOX 303**
Flottur og stílhreinn spilari sem spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði
**19.990**

**3010HW MARGMIÐLUNARSPILARI**
Taktu upp uppáhalds efnið þitt með IcyBox M-3010HW Fullkomin HD margmiðlunarspilari með Time shift upptökumöguleika, kortalesara, USB Uplink og þráðlausu neti. Keyrir skrár af heimaneti. HDMI og SPDIF tengi
**44.990**

**LOGITECH MX518**
Logitech MX518 Optical leikja-mús með fullt af flýtihnöppum
**7.990**

**MSI ATI RADEON R4670**
512MB GDDR3 PCI-Ex 16x skjákort, DVI, HDTV, HDCP, HDMI, DirectX 10
**17.990**

**ABIGS DVP570S**
Glæsilegur HD margmiðlunar-spilari sem spilar alla helstu staðla
**34.990**

**22" PHILIPS 220SW9FB**
22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x 1050 upplausn, 5ms, 1000:1
**44.990**

**LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI**
PC - PS3 - PS2 - PSP - XBOX

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG FRÁ KL.10.00-20.00

1554

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
30% afsláttur 1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG..

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
523 kr./kg. MERKT VERÐ 872 KR./KG.

30% AFSLÁTTUR

UNGNAUTAHAKK 1085 kr./kg.
MERKT VERÐ 1549 KR./KG.

30% AFSLÁTTUR

UNGNAUTAHAMBORGARAR
559 kr. MERKT VERÐ 798 KR./KG.

598

ÍSLANDSGRÍS GRÍSAPURUSTEIK
598 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS GRÍSAHAKK
539 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR./KG.

989

F.O KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
989 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

798

F.O. KÆST OG SÖLTUÐ TINDASKATA
798 kr./kg.

998

N.F SALTFISKUR ÚTVATNAÐUR
BEINLAUS M/ROÐI 998 kr./kg.

298

BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR
900g 298 kr.

498

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.

698

ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.

498

N.F. HÁKARL
100g 498 kr.
FRÁ BJARNARHÖFN

289

MJÓLKU HÁTÍÐARFETAOSTUR
250g 289 kr.

79

ES orkudrykkur
250ml 79 kr.
*Sama innihald.*
*Bara ódýrari!*

698

MJÓLKU HÁTÍÐARSKYRTERTA
600g 698 kr.

ALLIR BESTU NÓAMOLARINIR
Í EINUM KASSA.

1598

NÓA KONFEKT 650g
1598 kr.

3998

DAGVAKTIN DVD-DISKAR
3998 kr.

498

TE & KAFFI
JÓLAKAFFIÐ 400g
MALAÐ EÐA BAUNIR
498 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGUR 10.00-20.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

# TILBOÐIN GILDA TIL SUNNUDAGS

## SS JÓLAKJÖTIÐ MEÐ 30% AFSLÆTTI

30% AFSLÁTTUR

HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
**1574 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2248 KR./KG.

30% AFSLÁTTUR

SS HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
**2141 kr./kg.**
MERKT VERÐ 3058 KR./KG.

30% AFSLÁTTUR

SS GRÍSA HAMBORGARHRYGGUR
**1315 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

25% AFSLÁTTUR

KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
**1424 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

VINSÆLASTI HRYGGUR LANDSINS

30% AFSLÁTTUR

HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
**1329 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR.

Ali

HAMBORGAR-HRYGGUR
**30%**
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN

30% AFSLÁTTUR

HAMBORGARHRYGGUR ÚRB.
**1749 kr./kg.** MERKT VERÐ 2498 KR.

30% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS SVÍNA-HAMBORGARHRYGGUR
**1329 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

**129 kr. stk**

NÝBAKAÐ BAGUETTE ALLA DAGA Í BÓNUS

40% AFSLÁTTUR

FJALLA HANGILÆRI ÚRBEINAÐ **1798 kr./kg.** MERKT VERÐ 2998 KR./KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGUR 10.00-20.00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

†

**Kristín Sigríður Halldórsdóttir**

Kæru vinir og vandamenn.
Um leið og við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar viljum við þakka ykkur fyrir allan þann stuðning og umhyggju sem þið sýnduð Kristínu dóttur okkar. Einnig viljum við þakka allan þann hlýhug og vináttu sem þið sýnduð okkur á erfiðum tímum.

**Innilegar kveðjur,**

**Hanne Hintze** **Halldór Sigurðsson**
**og fjölskylda.**

†

*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Ólöf Guðmundsdóttir (Lóa)**

Sóltúni 2, áður Gullteig 29, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 9. desember. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns Jarðarförin hefur farið fram.

**Heiður Sæmundsdóttir** **Sixten Holmberg**
**Fríður Hlín Sæmundsdóttir** **Hávarður Emilsson**
**Friðjón Sæmundsson** **Kristín Benediktsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Innilegt þakklæti fyrir auðsýnda samúð og velvilja við fráfall og útför eiginmanns míns, föður okkar og afa,*

**Gunnars Matthíassonar**

Grenimel 25, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa Karitas - hjúkrunarþjónustu fyrir frábæran stuðning og aðstoð.

**Theodóra Ólafsdóttir**
**Ingibjörg Þóra Gunnarsdóttir**
**Elín Kristín Gunnarsdóttir**
**Dóra Björk Guðjónsdóttir** **Þorvaldur Hrafn Ingvason**

†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Jónasdóttir**

frá Flateyri, áður Ásvallagötu 49,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. desember klukkan 15.00. Jarðsett verður í Flateyrarkirkjugarði þann 27. desember.

**Helgi Sv. Sigurðsson**
**María Sigurðardóttir** **Böðvar Gíslason**
**Gísli Árni Böðvarsson** **Hekla Guðrún Böðvarsdóttir**
**Harpa Þuríður Böðvarsdóttir** **Torfi Hjörvar Björnsson**
**Sigrún Perla Böðvarsdóttir** **Olav Veigar Davíðsson**
**Sigurður Björn Torfason** **Baldur Böðvar Torfason**

†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Hólmfríður Helgadóttir**

Auðbrekku, Hörgárdal,

lést á sjúkrahúsi Akureyrar 18. desember, útförin verður að Möðruvöllum í Hörgárdal laugardaginn 27. desember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Bernharð Arnarson** **Þórdís Þórisdóttir**
**Bergvin Þórir, Anna Ágústa, Ísak Óli og**
**Karin Telma Bernharðsbörn**
**Helgi Sigurjónsson** **Sigríður Ketilsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

**SAMUEL L. JACKSON ER FIMMTUGUR Í DAG.**

*„Það fara ekki allir í bíó til að láta breyta lífi sínu.“*

***Leikarinn Samuel L. Jackson hefur leikið í myndum á borð við Pulp Fiction sem að margra mati þykir standa upp úr í kvikmyndasögunni. Hann hefur einnig tekið að sér hlutverk í myndum eins og xXx þar sem hann lék á móti Vin Diesel.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. DESEMBER ÁRIÐ 1945

## *Ný brú yfir Ölfusá vígð*

Fyrirrennari Ölfusárbrúar sem nú stendur eyðilagðist árið 1944. Óhappið varð þegar mjólkurbíll með annan í togi ók út á brúna en vegna þunga bílanna slitnaði strengur í brúnni. Bílarnir enduðu báðir í ánni en mannbjörg varð.

Smíði þeirrar brúar hófst árið 1891 og var hún vígð sama ár. Tryggvi Gunnarsson og Vaughan & Dymond gerðu tilboð í verkið sem hljóðaði upp á 66.000 krónur. Vinnan við brúna gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig en í upphafi verks drukknaði maður sem fór út á ána á efnispramma sem hvolfdi. Einnig kom í ljós þegar stöplar brúarinnar höfðu verið steyptir að þeir voru ekki nógu háir. Hæstu klakastykkin á veturna gætu rekist upp undir brúna. Stöplarnir voru því hækkaðir. Burðarstangir reyndust einnig of langar svo taka þurfti þær í sundur og sjóða saman aftur. Vígsla brúarinnar fór svo fram um haust 1891. Hún gegndi hlutverki sínu í 53 ár þangað til óhappið varð árið 1944.
Nýja brúin sem nú stendur var eins og áður sagði vígð 21. desember 1945 og þjónar hún enn tilgangi sínum.

**JÓLAGJÖF FRÁ SKÁTUM** Erling Jóhannesson heldur utan um það verkefni skátahreyfingarinnar að færa fólki friðarlogann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKÁTAHREYFINGIN:** FÆRIR FRIÐARLOGANN TIL HEIMILANNA

# Ljós sem lifað hefur mörg stríð

„Í dag gefst fólki í fyrsta skipti tækifæri á að fá friðarlogann heim til sín,“ segir Erling Jóhannesson, skáti í sérverkefnum, sem stýrir því verkefni skátahreyfingarinnar að færa friðarlogann inn á heimilin.

Saga logans er löng en hann er kveiktur af lifandi ljósi sem logar í fæðingarkirkju Krists í Betlehem. Hvað hann hefur logað þar lengi er ekki vitað en elstu heimildir þar sem hans er getið eru frá tímum krossfaranna rétt eftir árið 1000 e. Kr.

„Árið 1986 sendi útvarpsstöð í Austurríki ungan skáta af stað að sækja ljósið til Betlehem og tendra það í Austurríki. Þaðan hefur sá siður að tendra hann í kirkjum síðan dreifst í gegnum skátahreyfinguna um allan heim. Loginn kom hingað til lands árið 2001.“

Loganum hefur því í sjö ár verið dreift í kirkjur víða um land hér á Íslandi á aðventunni. Árið um kring er loginn í varðveislu nunnanna í Sankti Jósefsspítala þar sem þess er gætt að hann slokkni ekki. Í dag verður hægt að fá ljósið í flestum kirkjum landsins og svo við inngang Smáralindar og Kringlunnar í Reykjavík.

„Fólk kemur þá með lugtir eða útikerti með sér sem hægt er að byrgja og færir logann heim. Það er enginn skaði skeður þótt loginn slokkni hjá hverjum og einum, þá er bara hægt að koma og sækja sér hann aftur. Fólk getur klippt ofan af kókdollu og sett kerti í botninn svo ég rifji upp gömul skátaráð. Þannig er hægt að bera logann heim og færa hann þar á öruggt eldfæri eins og olíulampa.“

Erling segir þá hugmynd að færa fólki friðarlogann heim löngu orðna tímabæra. Ef ekki núna þá hvenær? Hann segir þetta litla jólagjöf frá skátahreyfingunni og gaman að vera milliliður í slíku verkefni.

„Allir kveikja á kertum yfir jólin og fólk hefur hvert sinn háttinn á. En um leið og þú kveikir á kerti með einhverri athöfn eða hugleiðingu þá setur þú það í stærra samhengi en það sem við erum öll að upplifa þessa daga. Þetta ljós er orðið langlíft og hefur lifað mörg stríð og stærri hörmungar en við erum að horfa upp á núna.“

Nánar má fræðast um friðarlogann á www.fridarloginn.is. **heida@frettabladid.is**

www.andlat.is

Andlát.is er vefur til að aðstoða fólk þegar andlát ber að höndum og vettvangur til að koma á framfæri tilkynningum, minningargreinum og kveðjum.

AFMÆLI

**GÍSLI SNÆR ERLINGSSON** kvikmyndagerðarmaður er 44 ára í dag.

**JANE FONDA** leikkona er 71 árs í dag.

**Gullbrúðkaup**

**Hjónin Ástvaldur Kristmundsson og Ellen Júlía Sveinsdóttir,**

til heimilis að Berjaríma 8 Reykjavík, eiga 50 ára brúðkaupsafmæli í dag, 21. desember.

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

MÁ HENGJA Á VEGG

**Philips MC235B**
Míkró SAMSTÆÐA með 20w magnara, Dynamic Bass Boost (dýpri hljómur), Digital Sound Control, útvarpi með stöðvam., Aux inn og heyrnartolst., vekjara og svefnrofa. Rafdrifið lok á spilara. Spilar CD, CD-R/RW.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MÁ HENGJA Á VEGG

**Philips MCD288**
Míkró DVD DivX HLJÓMTÆKI me› 100w RD-klassa MS magnara, fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, 2 hátölurum og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi me› stö›vam., Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB tengi, Aux inn og heyrnartólstengi.

VERÐ **49.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MEÐ DVD SPILARA OG BASSABOXI

**Philips MCM772**
Hágæða 2x100w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, FM/LW útvarpi, USB tengi, vönduðum viðarhátölurum ofl.

PHILIPS
EÐAL HLJÓMGÆÐI

VERÐ **99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

19" LCD

**Philips 19PFL3403**
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.

TILBOÐ **64.995**
FULLT VERÐ 84.995

22" LCD

**Philips 22PFL3403**
22" LCD BREIÐTJALD með 1680x1050 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.

VERÐ **99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**United TVD7056**
19" LCD BREIÐTJALD með innb. DVD SPILARA, 1440x900 punkta uppl., 500:1 skerpa, Nicam Stereó, Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-, VGA tengi textatav. ofl. **12v og 220v**.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ 69.995

**Panasonic TX26LM70F**
26" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio, Backlight Control, 2 x Scart, 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnatólstengi, textavarpi ofl.

VERÐ **119.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HTS3164**
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 300w Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, Dolby Prologic II , Stereo , DTS, FM útvarpi, USB 2.0, HDMI, 1080p uppscaling ofl.

TILBOÐ **47.995**
FULLT VERÐ 49.995

Panasonic
INNBYGGÐ iPOD VAGGA

**Panasonic SCPT460**
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með minnum, innb. iPod vöggu ofl.

VERÐ **64.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

MÁ HENGJA Á VEGG

**Philips HTS8100**
HEIMABÍÓKERFI með Ambisound Surround, fjölkerfa DVD með Progressive Scan, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, DCDI, Soft dome tweeters, DoubleBASS, Smart Surround, útvarpi með minnum, 1 hát. og bassaboxi, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, USB, Aux inn og Digital Coaxal in ofl.

DALI

MARG VERÐLAUNAÐIR HÁGÆÐA HÁTALARAR

**Kenwood KRFV5300D**
5x100w Dolby Digital/DTS HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, RDS útvarpi með minnum, Pure Audio Mode, Active EQ, Midnight Mode, 3 AV inng./3 Audio inng., 3 Composite inng. og 2 útg., 3 Digital inng., 1 Coax og 2 Optical, 5.1 Analogue inng. ofl.

KENWOOD

VERÐ **49.995**
FRÁBÆRT VERÐ

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

TILBOÐ **169.995**
FULLT VERÐ 199.995

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VIÐ STÆKKUM
fiskbúðina

KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
HNEFAÞYKKUR SALTFISKUR
STÓR JÓLAHUMAR
FISKISÚPA HAFBERG

Veljum íslenskt

Opið alla helgina
laugardag 10-18
sunnudag 12-18

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
sun. 21/12 þrjár sýningar, uppselt
**Uppselt í desember!**

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
**Frumsýning 26. desember**
lau. 27/12 örfá sæti laus
sun. 28/12 örfá sæti laus

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
**Sala hafin á sýningar í janúar**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
**Sýningar í janúar komnar í sölu**

Kardemommubærinn
Sértilboð á gjafakortum til áramóta.

Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla
www.leikhusid.is

GEFUM GÓÐAR STUNDIR

NOKKUR ORÐ
**Þórunn Elísabet Bogadóttir**

# Þegar jólin koma

Á þessum fjórða og síðasta sunnudegi í aðventu er nánast ómögulegt að skrifa um nokkuð annað en jólin. Einhvern veginn finnst manni hálf óviðeigandi að skrifa um kreppu og mótmæli eða kvarta og kveina yfir einhverju, þó að af mörgu slíku sé að taka. Á jólunum á einhvern veginn allt að vera svo gott, þó svo að þannig sé það alls ekki í raun og veru. Alveg eins og heimilin þurfa að vera hrein og bein þurfum við að láta þannig líka. Eins og allt sé í himnalagi. En það er svo sem ekkert að því að einbeita sér að hinu góða og fallega, svona rétt yfir bláhátíðina. Við Íslendingar eigum enga þakkargjörðarhátíð, þó að sum okkar hafi tekið upp hina amerísku hefð á síðustu árum. Upptaka sumra þessara bandarísku hátíða hefur farið í taugarnar á mér, til hvers að halda upp á hrekkjavöku þegar við eigum öskudag, eða Valentínusardaginn þegar við eigum bónda- og konudag? Mér finnst annað gilda um þakkargjörðarhátíð. Það er einfaldlega frábært konsept að halda hátíðlegan dag þar sem þakkað er fyrir það góða í lífinu og það sem skiptir mestu máli. Hjá flestum held ég að það séu fjölskylda og vinir, en ekki peningar og hlutir.

Reyndar gegna jólin svolítið þessu hlutverki hjá okkur. Og þótt þetta virðist hálf vonlaust þá getum við samt þakkað fyrir og munað eftir öllu þessu fallega og góða. Eftir áramót getum við svo, og verðum, haldið áfram að takast á við leiðindin og erfiðleikana. En nú er kominn tími á smá pásu.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes

**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell

**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# Áritanir í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Nýtt upphaf!

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

**Skífan Kringlunni sunnudagur 21. des**

17:00 **Páll óskar** - áritar og tekur lagið

100% ÍSLENSKT

## GEFÐU GÓÐA ÍSLENSKA JÓLAGJÖF SEM GLEÐUR



SAMBÍÓIN

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND

★★★★ EMPIRE

THE DAY THE EARTH STOOD STILL — KLUKKAN TIFAR OG ÞEGAR HÚN STÖÐVAST ER TÍMA OKKAR Á JÖRÐINNI LOKIÐ!

CITY OF EMBER

twilight

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| YES MAN Forsýning | kl. 8 DIGITAL | 7 |
| YES MAN Forsýning | kl. 8 | VIP |
| BOLTI 3-D Forsýning m/ísl. tali | kl. 4 DIGITAL 3D | L |
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6 - 8:10 - 10:20D | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 10:20 | |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 - 2D - 3:30 - 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 síð sýn | L |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
| YES MAN Forsýning | kl. 10:20 | 7 |
| BOLTI 3-D Forsýning m/ísl. tali | kl. 6 DIGITAL 3D | L |
| BOLTI 3-D Forsýning m/Ensku tali | kl. 8 DIGITAL 3D | L |
| TWILIGHT | kl. 5:50D - 8:10D - 10:30D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2D - 4D | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| BOLT Forsýning m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| YES MEN Forsýning | kl. 8 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| TWILIGHT síð sýn | kl. 8 | 12 |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 2 - 6 (kr.500) | L |
| TRAITOR | kl. 10:30 síð sýn | 12 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| YES MEN Forsýning | kl. 8 | 7 |
| BOLTI Forsýning m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 10:20 | 16 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| YES MEN Forsýning | kl. 8 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| ZACK AND MIRI... | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| NICK AND NORAH'S | kl. 10:20 | L |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 2 - 6 (kr.500) | L |

SparBíó 550kr

NÝTT Í BÍÓ!

★★★★ "FRÆLGÓÐ SPENNUMYND" V.J.V./TOPP5.IS/FBL

HÖRKUSPENNANDI MYND ÚR SMIÐJU LUC BESSON

LIAM NEESON TAKEN

ÞEIR HAFA RÆNT DÓTTUR HANS. HANN MUN ELTA ÞÁ UPPI. HANN MUN FINNA ÞÁ OG HANN MUN DREPA ÞÁ. 16

KEANU REEVES — TAL — EKKERT GETUR UNDIRBÚIÐ ÞIG FYRIR THE DAY THE EARTH STOOD STILL ★★★ - S.V., MBL — KLUKKAN TIFAR. ÞEGAR HÚN STÖÐVAST ER TÍMA OKKAR Á JÖRÐINNI LOKIÐ! 12 LÚXUS

Vince Vaughn Reese Witherspoon FOUR CHRISTMASES — SPRENGHLÆGILEG GAMANMYND SEM KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAP — ★★★ - S.V., MBL 7

ÞÚ MUNT ALDREI TRÚA ÞVÍ HVERNIG ÞETTA ENDAR! SAW V 16

★★★★ - TOMMI, KVIKMYNDIR.IS — ★★★ - S.V., MBL — ZACK AND MIRI MAKE A PORNO 16

★★★★ - Þ.Þ., DV — ★★★★ - D.Ó.J., KVIKMYNDIR.COM — QUANTUM OF SOLACE — ★★★★ V.J.V., TOPP5.IS/FBL 12

AÐEINS 500 kr. — IGOR TALAR ÍSLENSKU! IGOR L

REYKJAVÍK-ROTTERDAM 14

APPALOOSA 16

| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 1 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| | 5% | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ! | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 - 5.40 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | L |

5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 6 | 12 |

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

"Frælgóð spennumynd" ★★★★ V.J.V - Topp5.is/FBL — TAKEN

LEIKURINN HELDUR ÁFRAM... SAW V

Vaughn Witherspoon — SPRENGHLÆGILEG GAMANMYND SEM KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAP — ★★★ S.V – MBL. — FOUR CHRISTMASES

500 kr í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

MADAGASCAR 2 — ÍSLENSKT TAL

BOLTI — FORSÝND Í DAG

| SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| BOLT 3D - FORSÝNING | kl. 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 – ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 3 og 5 | L |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM


# Harðjaxlinn Liam Neeson

Spennutryllirinn Taken kemur úr framleiðslu Frakkans Luc Besson, sem hefur á innan við áratug orðið framleiðslukóngur í Frakklandi með annan fótinn í þriðjung mynda sem framleiddar eru þar. Auk þess að framleiða þessa er Besson annar handritshöfundur myndarinnar á móti Robert Mark Kamen, sem m.a. skrifaði Transporter- og The Karate Kid-myndirnar. Pierre Morel er við stjórnvölinn en hann leikstýrði District B13 í framleiðslu Bessons.

Taken fjallar um Bryan Mills sem fer til Frakklands til að endurheimta dóttur sína úr klóm mannræningja. Mills komst í samband við ræningja dóttur sinnar og gaf þeim séns á að láta hana af hendi ella myndi hann leita þá uppi, sækja dóttur sína og drepa þá.

Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af hefndarmyndum. Allt frá Marvin Lee-myndinni Point Blank, Bronson-myndarinnar Death Wish til Payback með Mel Gibson. Flestallar hefndarmyndir sem koma í dag fara snemma útaf laginu og verða bitlausar þegar að endanum er komið. Besson og Kamen tapa sér aldrei í einhverri vellu og volæði í Taken og vita upp á hár hvernig góð hefndarmynd á að vera uppbyggð. Þeir félagar taka sér nægan tíma í að byggja upp söguna í kringum Mills og um leið og dóttir hans er numin á brott hefst stanslaus hasar.

Liam Neeson er frábær í hlutverki Mills og passar einstaklega vel í það, enda hefur hann ekki beinlínis verið að leika þessa dæmigerða harðjaxla sem Bruce Willis og Jason Statham hafa leikið. Frakkinn Xander Berkeley er góður í hlutverki yfirmanns innan frönsku lögreglunnar. Ef það er eitthvað hægt að setja út á leikarahóp myndarinnar er það Maggie Grace, sem leikur dóttur Mills.

Taken kom mér í opna skjöldu af því Besson hefur ekki beinlínis verið í essinu sínu upp á síðkastið, með Transporter-myndirnar og hvað þá Taxi-myndirnar. Taken er hreint út sagt þrælgóð spennumynd.

**KVIKMYNDIR**

**Taken**

Leikstjóri: Pierre Morel. Aðalhlutverk: Liam Neeson.

★★★★

Þrælgóð spennumynd.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 21. desember**

### Tónleikar

**20.00** Guðbjörg Sandholt mezzosópran og Matthildur Anna Gísladóttir verða með tónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Á efnisskránni eru jólalög úr ýmsum áttum.

**21.00** Kammerhópurinn Camerarctica verður með tónleika í Garðakirkju Álftanesi, þar sem flutt verða verk eftir Mozart og Hoffmeister.

**21.00** Síðustu Trúnótónleikar ársins verða á Café Rósenberg við Klapparstíg. Þar koma fram Tómas R. Einarsson ásamt hljómsveit og söngkonunni Ragnheiði Gröndal.

**23.00** Árstíðir spila á Dillon Sportbar við Trönuhraun í Hafnarfirði.

**23.00** Hljómsveitirnar The Cure for Nurvis og Stoner Band verða á Dillon Rockbar við Laugaveg.

### Dagskrá

Fjölbreytt fjölskyldudagskrá í Þjóðmenningarhúsinu. Aðgangur er ókeypis. Dagskrána má finna á www.thjodmenning.is.

### Upplestur

**16.00** Ólafur Gunnarsson, Óskar Árni Óskarsson, Úlfar Þormóðsson og Ólafur Haukur Símonarson lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum í Gljúfrasteini - húsi skáldsins, Mosfellsbæ. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Sigur Rós á lista með Beyoncé og Coldplay

Með suð í eyrum við spilum endalaust, nýjasta plata Sigur Rósar, er í tíunda sæti á árslista bandaríska tímaritsins Entertainment Weekley yfir bestu plötur ársins.

Sigur Rós er í ansi góðum félagsskap á lista gagnrýnandans Leah Greenblatt. Meðal sessunauta þeirra á topp tíu-listanum er plata strákanna í Coldplay, Viva La Vida, og breiðskífa söngdívunnar Beyoncé. Aðrir á listanum eru meðal annars plötur frá rapparanum Lil Wayne og söngkonunum Erykuh Badu og Robyn auk Santogold.

Greenplatt segir í umsögn sinni að meðlimir Sigur Rósar séu af öðrum heimi þótt þeir séu opinberlega frá Íslandi. Hann hrósar þeim í hástert og segir þá hafa náð fullkomnum tökum á tónlistarsköpun sinni. Greenblatt segir litlu skipta þó Sigur Rós syngi á íslensku, þeir gætu þess vegna sungið á esperantó, það kæmi ekki að sök og myndi ekki hafa nein áhrif á mátt tónlistar þeirra.

**Í GÓÐUM HÓPI** Sigur Rós eru í hópi með Coldplay og Beyoncé á topplista bandaríska tímaritsins EW sem gefið er út undir merkjum fjölmiðlarisans CNN.

Sigur Rós er eina sveitin sem ekki syngur á ensku á listanum en í sætinu fyrir neðan þá er til að mynda rappdiskur Lil Wayne, Carter III. Coldplay hreppir sjötta sætið á listanum með plötu sína Viva La Vida og Beyoncé er í öðru sæti með diskinn I Am ... Sasha Fierce. Plata Brooklyn-sveitarinnar TV on the Radio, Dear Science, var valin besta plata ársins af Leah Greenblatt.

**- fgg**


TILBOÐSVERÐ — SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

650 kr. KL.4 BORGARBÍÓ

650 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 HÁSKÓLABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ

650 kr. KL.4 HÁSKÓLABÍÓ

500 kr. KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ

50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

FORSÝNDAR Í DAG

JIM CARREY — ONE WORD CAN CHANGE EVERYTHING. YES MAN

BOLTI

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó

Vince Vaughn — ATH. SÝND KL.2 — SPRENGHLÆGILEG GAMANMYND SEM KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAP

Reese Witherspoon — FOUR CHRISTMASES

MADAGASCAR 2 — ATH. SÝND KL.2

LAUGARÁSBÍÓ 500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

GRUNDIG

**Grundig MUSICBOY50**
Mjög vandað ÚTVARP með FM og langbylgju. Fyrir 220v og rafhlöður.

**VERÐ ▶ 4.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Dantax

**Dantax RR303SV**
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi ofl.

**VERÐ ▶ 7.990**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS
DVD VIDEO

**Philips DVP3120**
Fjölkerfa DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 11.990**
FULLT VERÐ kr. 13.990

Lenco AUDIO-VIDEO

**Lenco DF711W**
7" LCD STAFRÆNN MYNDARAMMI með 480x234 upplausn, USB tengi og SD, MMC, MS og XD kortalesara.

**VERÐ ▶ 14.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Laus framhlið og hulstur fylgir!

Panasonic

**Panasonic CQC1465**
4x50w BÍLTÆKI með MP3/WMA CD spilara, FM/AM/LW RDS útvarpi með 24 stöðva minni, tengi fyrir MP-3 spilara, Fader-, Balance-, bassa- og diskantstilli og 1xRCA útg.

**TILBOÐ ▶ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 16.990

JBL

**JBL ONSTAGE MICRO**
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.

2 LITIR HVÍTT SVART

NÝTT FYRIR iPOD

Ath. iPod fylgir ekki.

**VERÐ ▶ 21.990**
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS

**Olympus FE20**
Digital myndavél með 8 milljóna punkta uppl., 3x Optical Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5 LCD skjá, Face Detection, Digital Image Stabilisation, hreyfimyndatöku með hljóði, USB 2.0 ofl. Tekur xD og MicroSD kort.

**VERÐ ▶ 22.990**
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST EINNIG MEÐ 8GB MINNI Á KR. 29.990

SanDisk MP3

**SanDisk FUZE4GB**
4GB Sansa Fuze MP3 SPILARI með 1.9" LCD litaskjá, FM útvarpi, Diktafóni með innb. míkrafóni. Tekur microSD kort. Spilar Videó, tónlist og ljósmyndir.

**TILBOÐ ▶ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 24.990

Blu-ray Disc

PHILIPS FJÖLKERFA BLU-RAY SPILARI

**Philips BDP7100**
Fjölkerfa Blu-Ray SPILARI með DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíóhljóm, High Definition 1080p @ 24fps, DVD uppskölun í 1080p í gegnum HDMI. Digital Coax út. 8 rása analogue útg. ofl.

**TILBOÐ ▶ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990

OLYMPUS

**Olympus E420DZKIT**
Fislétt Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta uppl., Live View, Supersonic Wave Filter, TruePic III, 2 linsum: 14 - 42mm (35mm: 28 - 84mm) og 40 - 150mm (35mm: 80 - 300mm), Face Detection, USB 2.0, 2,5" LCD skjá ofl. Notar CompactFlash og xD kort.

**TILBOÐ ▶ 94.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990

ÓTRÚLEGA TÆR HLJÓMUR

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

Má hengja á vegg.



PHILIPS

**Philips HTS8100**
HEIMABÍÓ með Ambisound Surround, fjölkerfa DVD SPILARA með Progressive Scan, Dolby Digital,DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, DCDI, Soft dome tweeters, DoubleBASS, Smart Surround, útvarp með minnum,1 hát. og bassaboxi, ofl.

**TILBOÐ ▶ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

Hisense ÓDÝRT

**Hisense LCD1933EU**
19" LCD SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, birtustigi 300, 800:1 skerpu, 5ms svartíma, textavarpi, heyrnartóls-, RCA-, VGA-, Scart-, SVHS-, HDMI tengi ofl.

**VERÐ ▶ 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

**Panasonic TX32LM70F**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, textavarpi ofl.

**VERÐ ▶ 129.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortal., 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, textav. ofl.

**TILBOÐ ▶ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

PHILIPS

**Philips 42PFL5603D**
42" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með full HD 1080, 1920x1080 punkta uppl., 30.000:1 skerpu, Pixel Plus HD, Progressive Scan, stafr. DVBT móttakara, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó, textav. ofl.

**TILBOÐ ▶ 259.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Óryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

## > Kiel í vænlegri stöðu

Kiel vann sinn fimmtánda leik í röð í þýsku úrvalsdeildinni í vetur er liðið lagði nágranna sína í Flensburg á útivelli, 29-37. Kiel er með fjögurra stiga forskot á toppnum og á leik til góða á Lemgo sem er í öðru sæti. Lemgo tapaði mikilvægum stigum er það lá gegn Gummersbach, 31-29. Logi Geirsson skoraði þrjú mörk fyrir Lemgo og Vignir Svavarsson tvö. Róbert Gunnarsson skoraði sex mörk fyrir Gummersbach. Gylfi Gylfason skoraði fjögur mörk fyrir Minden sem vann Göppingen, 29-26. Rhein-Neckar Löwen vann mikilvægan sigur á Magdeburg, 26-25, þar sem Guðjón Valur skoraði þrjú mörk. Einar Hólmgeirsson skoraði svo 6 mörk fyrir Grosswallstadt sem vann Wetzlar, 32-34.

# sport

sport@frettabladid.is

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON:** TEKUR VIÐ SEM ÞJÁLFARI HJÁ GOG Í DANMÖRKU NÆSTA SUMAR

## *Það er alveg svakalega gaman að þjálfa*

Guðmundur Guðmundsson skrifaði í gær undir samning við danska úrvalsdeildarfélagið GOG sem þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson leika með. Guðmundur mun þjálfa landsliðið áfram til ársins 2012 samhliða starfi sínu hjá danska liðinu.

„Ég mun skrifa undir þriggja ára samning," sagði kampakátur Guðmundur Guðmundsson þar sem hann var staddur í Danmörku að fara yfir samninginn sem hann býst við að skrifa undir í dag.

„Þetta kom upp fyrir svona tæpum mánuði. Grosswallstadt fylgdi svo í kjölfarið og það var mjög erfitt að gera upp á milli þessara tilboða. Eftir að hafa vegið og metið málið í smá tíma ákvað ég að taka þessu tilboði frá GOG sem mér líst rosalega vel á. Þetta er spennandi félag með mikla hefð. Handboltinn í Danmörku er líka mjög góður og mikið fjallað um hann," sagði Guðmundur en það spilaði einnig inn í ákvörðun hans að forráðamenn GOG voru ekki að setja sig á móti því að hann stýrði íslenska landsliðinu

áfram. „Þeir voru mjög jákvæðir fyrir því strax frá upphafi. Ég lagði mikla áherslu á að fá að halda áfram með landsliðið þar sem eru spennandi tímar fram undan. Það hefði verið erfiðara að gera það hjá Grosswallstadt," sagði Guðmundur.

Það hefur mikið breyst í lífi Guðmundar síðustu misserin en hann var í raun hættur þjálfun þegar hann kom HSÍ til bjargar og tók við landsliðinu á nýjan leik. Nokkrum mánuðum síðar er hann búinn að vinna til verðlauna á Ólympíuleikunum og búinn að taka ákvörðun um að gera handboltann að sínu aðalstarfi á nýjan leik.

„Maður á aldrei að segja aldrei í lífinu. Ég fann það strax í vor hvað ég hafði svakalega gaman að þjálfuninni. Þetta var bara svo gaman og má kannski segja að ég sé búinn að finna ánægjuna í handboltanum á nýjan leik. Þess utan er ég bara kominn með nýja lífssýn. Ég hef þroskast mikið síðustu fjögur ár og tel mig vera betri þjálfara nú en ég var áður," sagði Guðmundur.

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| BLACKBURN ROVERS - STOKE CITY | 3-0 |
| 1-0 Benni McCarthy (8.), 2-0 Jason Roberts (17.), 3-0 Benni McCarthy (26.). | |
| BOLTON WANDERERS - PORTSMOUTH | 2-1 |
| 1-0 Matthew Taylor (0.), 1-0 Matthew Taylor (0.), 2-0 Ricardo Gardner (2.), 2-1 Peter Crouch (19.). | |
| FULHAM - MIDDLESBROUGH | 3-0 |
| 1-0 Jimmy Bullard (39.), 2-0 Danny Murphy (53.), 3-0 Clint Dempsey (58.). | |
| HULL CITY - SUNDERLAND | 1-4 |
| 0-1 Steed Malbranque (9.), 1-1 Nick Barmby (18.), 1-2 Kieran Richardson (77.), 1-3 Kenwyne Jones (83.), 1-4 Djibril Cissé (90.) | |
| WEST HAM - ASTON VILLA | 0-1 |
| 0-1 Lucas Neill, sjálfsmark (78.) | |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **17** | **11** | **5** | **1** | **26-11** | **38** |
| Chelsea | 17 | 11 | 4 | 2 | 36-7 | 37 |
| Aston Villa | 18 | 10 | 4 | 4 | 30-20 | 34 |
| **Man. United** | **16** | **9** | **5** | **2** | **27-10** | **32** |
| **Arsenal** | **17** | **9** | **3** | **5** | **29-20** | **30** |
| Hull City | 18 | 7 | 6 | 5 | 27-31 | 27 |
| **Everton** | **17** | **7** | **4** | **6** | **23-25** | **25** |
| Fulham | 17 | 6 | 6 | 5 | 16-12 | 24 |
| **Bolton** | **18** | **7** | **2** | **9** | **22-24** | **23** |
| Portsmouth | 18 | 6 | 5 | 7 | 20-28 | 23 |
| **Wigan Athletic** | **17** | **6** | **4** | **7** | **21-20** | **22** |
| Sunderland | 18 | 6 | 3 | 9 | 21-26 | 21 |
| **Middlesbrough** | **18** | **5** | **5** | **8** | **17-27** | **20** |
| Stoke City | 18 | 5 | 5 | 8 | 17-30 | 20 |
| **Newcastle** | **17** | **4** | **7** | **6** | **22-24** | **19** |
| Tottenham | 17 | 5 | 4 | 8 | 19-21 | 19 |
| **West Ham** | **18** | **5** | **4** | **9** | **18-26** | **19** |
| Manchester City | 17 | 5 | 3 | 9 | 30-25 | 18 |
| **Blackburn** | **18** | **4** | **4** | **10** | **20-34** | **16** |
| WBA | 17 | 3 | 3 | 11 | 12-32 | 12 |

# Getur orðið heimsklassaleikmaður

**Hinn 18 ára gamli Aron Pálmarsson skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við stærsta handboltalið heims, Þýskalandsmeistara Kiel. Hann gengur í raðir félagsins næsta sumar. Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, segir að Aron eigi ótrúlega bjarta framtíð fyrir sér og geti orðið heimsklassaleikmaður til langs tíma.**

**HANDBOLTI** Draumur Arons Pálmarssonar varð að veruleika í gær þegar hann setti nafn sitt á fjögurra ára samning við Þýskalandsmeistara Kiel. Baráttan um þjónustu þessa einhvers efnilegasta handboltamanns heims er þar með formlega lokið. Aron mun klára tímabilið með FH hér heima og heldur síðan utan til Kiel næsta sumar.

„Mér líður alveg fáránlega vel. Síðustu dagar hafa bara verið eins og í ævintýri. Það er ekkert leiðinlegt að vera búinn að skrifa undir samning við Kiel," sagði Aron afar kátur við Fréttablaðið í gær en hann var þá staddur í Campushalle í Flensburg þar sem hann sá væntanlega liðsfélaga sína skella Flensburg í nágrannaslag.

Aron mun leika í treyju númer 4 hjá Kiel líkt og hann gerir með FH en númerið 4 er hálfgert fjölskyldunúmer enda lék faðir Arons, Pálmar Sigurðsson, ætíð í treyju númer 4 er hann spilaði með Haukum í körfubolta á sínum tíma.

„Ég fer út næsta sumar og það stóð aldrei til að ég færi eitthvað fyrr til félagsins. Ég er búinn að fá æfingaprógramm hjá félaginu svo ég mæti sterkur til leiks.

Markmiðið er bara að koma sér í liðið hjá félaginu en ég mun berjast um miðjustöðuna við Norðmanninn Borge Lund og svo getur Karabatic reyndar líka spilað á miðjunni," sagði Aron sem fer einn utan til Þýskalands. „Það er ekki nema ég verði búinn að finna mér kærustu. Hver veit?" sagði Aron léttur að lokum.

Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, var afar kátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir sigurinn á Flensburg í gær. Hann hefur mikla trú á Aroni.

„Við ætlum að byggja hann upp og hann verður vonandi mikilvægur leikmaður í framtíðinni hjá okkur. Hann mun spila með okkur strax næsta vetur. Þó svo hann sé ungur hefur hann hæfileika til þess að spila í leikjum eins og gegn Flensburg," sagði Alfreð sem telur Aron klárlega vera eitt mesta efnið í handboltaheiminum í dag.

„Hann er einn af þrem efnilegustu leikmönnum heims. Hann á ótrúlega bjarta framtíð fyrir sér."

Það er mikill heiður að fá samning við stórlið eins og Kiel sem kaupir bara bestu leikmenn heims.

„Kiel kaupir bara þá bestu sem eru á markaðnum. Aron er mun þroskaðri handboltamaður en aldurinn gefur til kynna. Hann getur orðið frábær handboltamaður ef hann heldur rétt á spilunum. Það eiga eftir að koma erfiðir tímar hjá honum líka og margir handboltamenn hafa lent í vandræðum á sinni fyrstu leiktíð í þýsku úrvalsdeildinni. Hann á framtíðina fyrir sér og getur orðið heimsklassaleikmaður til langs tíma," sagði Alfreð sem ákvað að fá Aron til félagsins fyrir um fjórum mánuðum síðan.

**henry@frettabladid.is**

**DRAUMURINN AÐ RÆTAST** Aron setur hér nafn sitt á samninginn með Alfreð Gíslason þjálfara sér við hlið. MYND/LIVING SPORTS

**FJÖLSKYLDAN MEÐ Í FÖR** Aron sést hér með föður sínum Pálmari Sigurðssyni, systur sinni Svölu og móður sinni Arndísi Heiðu Einarsdóttur. MYND/LIVING SPORTS

**HEITUR HEIÐAR** Heiðar Helguson skoraði tvö mörk fyrir QPR í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Heiðar Helguson heitur:

## Búinn að finna markaskóna

**FÓTBOLTI** Dalvíkingurinn Heiðar Helguson skoraði tvö mörk fyrir QPR þegar liðið lagði Preston, 3-2, í ensku 1. deildinni í gær. Heiðar lék þess utan allan leikinn og virðist vera að finna sitt fyrra form hjá nýju félagi.

Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry sem gerði jafntefli við Ispwich, 2-2. Aron Einar lék allan leikinn.

Jóhannes Karl Guðjónsson og félagar í Burnley skelltu Bristol City, 2-1, og var Jóhannes Karl í byrjunarliði Burnley en var skipt af velli á 55. mínútu.

Reading er komið í annað sæti deildarinnar eftir sigur á Birmingham, 3-1. Ívar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading og Brynjar Björn Gunnarsson kom inn af bekknum í síðari hálfleik.

Burnley er í fjórða sæti deildarinnar, QPR í því níunda en Coventry er í fjórtánda sæti. **- hbg**

Grétar Rafn vann Íslendingaslaginn gegn Hermanni og Sam Allardyce byrjaði með látum hjá Blackburn:

# Bolton skoraði tvö á fyrstu þrem mínútunum

**FÓTBOLTI** Bolton vann góðan sigur á Portsmouth á heimavelli sínum í gær. Ótrúleg byrjun Bolton lagði grunninn að sigrinum en Bolton skoraði tvö mörk á fyrstu þrem mínútum leiksins. Gary Megson, stjóri Bolton, hrósaði Matt Taylor í hástert eftir leikinn en Taylor fór afar illa með Hermann Hreiðarsson í fyrsta markinu.

„Mér er ekkert sérstaklega vel við að auglýsa fólk en ef enska landsliðið er að leita að manni í vandræðastöður þá er hægt að gera margt vitlausara en skoða Matt. Hann leggur á sig mikla vinnu í hverjum leik og frammistaðan hans í dag var til eftirbreytni," sagði Megson sáttur.

Tony Adams, stjóri Portsmouth, var með Hermann í byrjunarliðinu annan leikinn í röð. Adams var ekki sáttur við sitt lið.

„Við vorum ekki tilbúnir í þennan slag og vorum hreinlega ekki mættir til leiks í upphafi. Þetta var alveg skelfilegt," sagði Adams.

Sam Allardyce, nýráðinn stjóri Blackburn, lét það ekki trufla sig að framherjinn Roque Santa Cruz hafi farið fram á að vera seldur á föstudag. Hann gat þess utan ekki spilað í gær gegn Stoke vegna meiðsla. Benni McCarthy kom inn í hans stað, skoraði tvö mörk.

„Ég er ekkert að spá í Santa Cruz núna. Leikurinn og stigin þrjú er það sem mestu skiptir. Hvað varðar McCarthy þá var hann frábær og óheppinn að skora ekki þrennu," sagði Allaryce sem lét vel í sér heyra á hliðarlínunni í leiknum.

Tony Pulis, stjóri Stoke, var æfur út í varnarmenn sína. „Jólin komu snemma hjá Sam í ár. Ég held að Blackburn hafi þrisvar komist í teiginn hjá okkur og skoraði í öll skiptin." **- hbg**

**TÆKLING** Grétar Rafn tæklar hér Niko Kranjcar í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Snjórinn er kominn í fjöllin!

**Rossignol skíðapakkar 20% afsláttur**
Skíðadeildin er í Glæsibæ

**Rossignol brettapakkar 20% afsláttur**
Brettadeildin er í Kringlunni

**Skíða- og brettafatnaður frá Helly Hansen, Columbia og Sessions 30% afsláttur**

ÍSLENSKA SÍA.IS UTI 44550 12.2008

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

# Okkar mest seldu bækur á hálfvirði

sparaðu 50%

Aðeins **940**kr. áður 1.880 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **2.995**kr. áður 5.990 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **1.495**kr. áður 2.990 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **1.995**kr. áður 3.990 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **2.440**kr. áður 4.880 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **2.345**kr. áður 4.690 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **2.440**kr. áður 4.880 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **1.880**kr. áður 3.760 kr.

sparaðu 50%

Aðeins **2.345**kr. áður 4.690 kr.

**Office1**

**Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður**

Tilboðin gilda frá 21.12.08 til og með 24.12.08. Til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar nýti sér tilboðin til innkaupa fyrir eigin verslanir má hver og einn viðskiptavinur aðeins versla þrjár bækur af einstaka titli.

# ÖLL
## SPIL OG PÚSL

3 FYRIR 2

Verð:
3.720kr.

Verð:
5.999kr.

Verð:
990kr.

Verð:
4.959kr.

Verð:
990kr.

Verð:
1.190kr.

Verð:
1.440kr. .

Verð:
2.140kr.

Verð:
2.999kr.

Verð:
1.195kr.

Verð:
995kr.

Verð:
6.990kr.

HTHT

**Office1**

**Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður**

Tilboðin gilda til og með 24. des 2008.

# dagskrá

**> Demi Moore**

„Ef maður er sjálfum sér trúr og heldur ótrauður áfram þá með tímanum fær maður það sem maður á skilið.“ Moore fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Ghost sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FRÆÐIST UM HIV

# *Stephen Fry um HIV*

Heimildarmyndir eru yfirleitt ekki efstar á óskalistanum yfir sjónvarpsefni sem ég horfi á. Þó þykja mér þær oft áhugaverðar og skemmtilegar. Hins vegar virðist hugsunarlaust óefni á borð við America's next top model hafa vinninginn yfir fræðsluefni þegar ég sest í sófann eftir langan vinnudag.

Þegar „ekkert“ er í sjónvarpinu hefst fjarstýringarbrunið, oft grípa mig þá heimildarmyndir um dýr og náttúru á Animal Planet og Nat Geo Wild. Húsbóndinn er hrifnari af þáttum sem fjalla um byggingu risastórra flugmóðurskipa og sprengingar háhýsa.

Ein var þó heimildarmyndin sem greip mig strax og ég sá hver það var sem fyrir henni stóð. Stephen Fry hefur lengi verið ein af mínum uppáhaldspersónum í heiminum. Hann var óborganlegur sem þjónninn Jeeves í þáttunum Jeeves og Wooster en hann hlaut alveg sérstakan virðingarsess hjá mér þegar ég las bókina hans Making history. Síðan þá hef ég reynt að horfa á allt sem Stephen Fry kemur við. Þannig sá ég fyrir nokkrum árum heimildarmynd hans um þunglyndi og maníu, sem leikarinn er sjálfur haldinn, og var yfir mig hrifin. Fry er ekki bara sjarmerandi og áhugaverður, hann er líka með eindæmum fyndinn á kaldhæðinn breskan hátt. Ég var því mjög glöð að sjá á dagskrá Sjónvarpsins heimildarmyndina HIV and me, þar sem Fry kynnir sér sögu og stöðu eyðni í heiminum. Í þættinum sagði hann frá eigin reynslu en Stephen Fry er samkynhneigður og hefur misst marga vini úr eyðni. Hann ræddi við marga sem sýktir eru af veirunni. Sumir voru langt leiddir af sjúkdómnum, aðrir lifðu ágætu lífi og héldu veirunni í skefjum með lyfjum. Hann fjallaði um efnið frá mörgum sjónarhornum og áhorfandinn fékk að heyra margar sorglegar sögur. Sú áhrifaríkasta var líklega af unga manninum sem kom í partí þar sem fyrir voru nokkrir HIV-smitaðir samkynhneigðir menn og bað um „gjöfina“.

## EKKI MISSA AF

▶ **15.30 Arsenal - Liverpool** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader** SKJÁREINN

▶ **20.25 Sjáðu** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.25 Jól á Hótel Rivera** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15 60 mínútur** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar Í** nætur-garði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi ogSigga ligga lá.
**10.35 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**10.45 Danni** (2:4) (e)
**11.15 Hrúturinn Hreinn**
**11.25 Systkini í skíðaferð** (e)
**12.45 Annað líf Ástþórs** Heimildarmynd eftir Þorstein Jónsson um Ástþór Skúlason bónda á Rauðasandi og líf hans eftir að hann lamaðist í slysi. (e)
**13.55 Stephen Fry: HIV og ég** (2:2)(e)
**15.00 Martin læknir** (6:7) (e)
**15.50 BANG og veraldarsagan** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Latibær** (e)
**17.50 Stundin okkar**
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Leyndardómar Scoresbysunds** Íslensk heimildarmynd þar sem farið er með Þór Jakobssyni hafísfræðingi um Scoresbysund á Grænlandi.
**20.20 Sommer** (Sommer) (8:10)
▶**21.25 Jól á Hótel Riviera** (Christmas at the Riviera) Bresk sjónvarpsmynd frá 2007. Aðstoðarhótelstjóra á hóteli við sjávarsíðuna er falið að sjá um reksturinn yfir jólahátíðina og það gengur á ýmsu.
**23.00 Tveggja vikna fyrirvari** (Two Weeks Notice) (e)
**00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Who Framed Roger Rabbit**
**10.00 Ghost**
**12.05 Prime**
**14.00 An Officer and a Gentelman**
**16.00 Who Framed Roger Rabbit**
**18.00 Ghost** Sam og Molly elska hvort annað af öllu hjarta og eru ákaflega hamingjusöm. Sam er myrtur en ást hans á Molly nær út yfir gröf og dauða.
**20.05 Prime**
**22.00 The Fog**
**00.00 Thelma and Louise**
**02.05 Back in the Day**
**04.00 The Fog**
**06.00 I'ts a Boy Girl Thing**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Hlaupin og Jesús og Jósefína.
**08.00 Algjör Sveppi** Galdrabókin, Kalli á þakinu, Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Afram! og Könnuðurinn Dóra.
**10.10 Adventures of Jimmy Neutron**
**10.35 Land Before Time XI. Invasion of the Tinysauruses**
**12.00 Sjálfstætt fólk**
**12.30 Neighbours**
**12.50 Neighbours**
**13.10 Neighbours**
**13.30 Neighbours**
**13.50 Neighbours**
**14.15 The Big Bang Theory** (3:17)
**14.40 Logi í beinni**
**15.55 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:10)
**16.30 The Daily Show. Global Editio**
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.10 Mannamál**
**19.55 Sjálfstætt fólk** (14:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
**20.40 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**21.25 Mad Men** (1:13)
▶**22.15 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.00 Blue Murder** (4:4) Breskur sakamálaþáttur um metnaðargjörnu rannsóknarkonuna Janine Lewis sem þarf að samræma starfið og móðurhlutverkið.
**00.15 Prison Break** (12:22)
**01.00 Journeyman** (10:13)
**01.45 Mannamál**
**02.30 Red Eye**
**04.00 Country of My Skull**
**05.40 The Daily Show. Global Edition**
**06.05 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**08.35 Spænski boltinn** Útsending frá leik Real Madrid og Valencia.
**10.15 Man. Utd - LDU Quito** Bein útsending frá úrslitaleiknum í heimsmeistarakeppni félagsliða.
**12.20 Chevron World Challange** Útsending frá Chevron World Challange mótinu í golfi.
**14.30 Man. Utd - LDU Quito**
**16.10 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.
**17.00 The Science of Golf** Í þessum þætti er farið yfir hvernig kylfingar nú til dags eiga að æfa til að halda sér í góðri þjálfun.
**17.25 Meistaradeild Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.
**17.55 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Villarreal - Barcelona.
**20.00 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**20.30 NFL deildin NFL Gameday** Hver umferð í NFL deildinni er skoðuð.
**21.00 NFL deildin** Bein útsending frá leik Minnesota og Atlanta.
**00.00 Chevron World Challenge** Útsending frá Chevron World Challange mótinu í golfi.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.50 Enska 1. deildin** Útsending frá leik Birmingham og Reading.
**09.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Aston Villa.
**11.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Stoke.
**12.50 Premier League World 2008/09** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**13.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik WBA og Man. City.
▶**15.30 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá stórleik Arsenal og Liverpool.
**18.00 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Tottenham.
**20.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool.
**22.30 4 4 2**
**23.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Portsmouth.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**13.35 Vörutorg**
**14.35 Dr. Phil** (e)
**15.20 Dr. Phil** (e)
**16.05 Dr. Phil** (e)
**16.50 Innlit / Útlit** (13:14) (e)
**17.40 What I Like About You** (22:22)
**18.10 Frasier** (22:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma um útvarpssálfræðinginn Frasier Crane. (e)
**18.35 The Bachelor** (3:10) Raunveruleikaþáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (35:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶**20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (18:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum.
**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (19:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Olivia Benson aðstoðar við rannsókn á nauðgunarmáli þar sem hálfbróðir hennar liggur undir grun. Hann er á flótta og nú þarf Olivia að gera upp á milli vinnunnar og fjölskyldunnar.
**21.50 Dexter** (6:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Dexter grunar að Miguel viti hvernig hann starfar og ákveður að leggja fyrir hann gildru. Rita er rekin úr vinnunni og Debra heldur að hún eigi óbeina aðild að morði sem tengist rannsókn hennar.
**22.40 CSI. Miami** (12:21) (e)
**23.30 Sugar Rush** (6:10)
**00.00 The Dead Zone**(1:12) (e)
**00.50 Vörutorg**
**01.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# JÓLAHÁTÍÐ – JÓLAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG

**Sunnudaginn 21. Desember kl. 17**

Snillingarnir Ómar og Óskar Guðjónssynir skemmta. Léttar veitingar.

Galleri BORG

**Uppboðsverkin verða sýnd í Gallerí Borg, SKIPHOLTI 35, laugardag kl. 13 til 17 og sunnudag frá kl. 13 til 16**

Galleri BORG

*Skiptholti 35 • 105 Reykjavík • Sími: 511 7010 • petur@galleriborg.is*

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.15
### Mad Men - nýtt

Það gerist örsjaldan að fram kemur þáttaröð sem slær öllum öðrum við og setur ný viðmið. Mad Men er ein slíkra þáttaraða. Hún hefur nú þegar sópað að sér fjölda verðlauna og var valin besta þáttaröðin bæði á Golden Globe og Emmy-verðlaunahátíðunum. Mad Men er eftir einn aðalhöfund Sopranos og gerist snemma á 7. áratugnum í New York, nánar tiltekið á Madison Avenue þar sem þá var miðstöð bandaríska auglýsingabransans. Samkeppnin er hörð og óvægin, stíllinn settur ofar öllu og yfirborðsmennskan alger. Á þessum tíma var karlaveldið allsráðandi, hrokinn og sjálfsdýrkunin dyggð og þeir náðu lengst sem best kunnu að svíkja og pretta. Hlutverk kvenna var skýrt; þær voru húsmæður, einkaritarar eða hjákonur.
Leikarar: Vincent Kartheiser, John Slattery, Elizabeth Moss og January Jones.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Sjálfstætt fólk
### Stöð 2 kl. 19.55

Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Þátturinn er sá farsælasti í sögu Edduverðlaunanna en hann hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðaun og alls sex sinnum verið tilnefndur. Gestur hans að þessu sinni er Sæmundur Pálsson, öðru nafni Sæmi Rokk.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Himintungl
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Háteigskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Jólatónleikar frá Íslandi
**14.00** Jólatónleikar frá Austurríki
**15.00** Jólatónleikar frá Finnlandi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Hinn mikli módernisti, hvar er hann nú?
**17.00** Jólatónleikar frá Danmörku
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Jólatónleikar frá Tékklandi
**20.00** Jólatónleikar frá Noregi
**21.00** Jólatónleikar frá Ungverjalandi
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Jólatónleikar frá Svíþjóð
**23.05** Jólatónleikar frá Póllandi
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (81:260)
**16.25 Hollyoaks** (82:260)
**16.50 Hollyoaks** (83:260)
**17.15 Hollyoaks** (84:260)
**17.40 Hollyoaks** (85:260)
**18.00 Seinfeld** (9:24)
**18.25 Seinfeld** (10:24)
**18.50 Seinfeld** (19:24)
**19.15 Seinfeld** (20:24)
**19.40 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**20.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**20.50 Punk'd** (16:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél.
**21.15 Justice** (10:13) Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer(CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.
**22.00 Seinfeld** (9:24)
**23.15 Seinfeld** (20:24)
**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## INN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Grasrótin** Daníel Haukur Arnarsson
**19.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen
**21.00 Sportið mitt** Sigurður Ingi Vilhjálmsson og Sverrir Júlíusson.
**21.30 Himinn og jörð** Sr. Örn Bárður Jónsson.
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.
**23.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir.

## DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Tjenesten classic **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Robin Hood **14.30** Hvem ved det! **15.00** Cirkusrevyen 2007 **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Vores jul **18.30** Nissernes Ø **19.00** Drama juleklip - et kig i DR's gemmer **20.00** TV Avisen **20.10** SportNyt **20.15** I Spy **21.45** Jul med Nik & Jay **22.30** En skygge af tvivl **00.00** En sag for Frost

## NRK 1

**09.40** V-cup skiskyting **11.10** Sport i dag **11.30** V-cup alpint **12.30** Sport i dag **12.40** V-cup hopp **14.30** V-cup skiskyting **15.50** V-cup langrenn **16.30** Åpen himmel **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Superjulevangeliet **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Julekonsert med Sissel og The Mormon Tabernacle Choir **20.15** Jane Austen. Northanger Abbey **21.45** Eventyr i landskap **22.10** Kveldsnytt **22.25** Poirot **00.00** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **00.30** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**11.10** Vinterstudion **11.40** Alpint **12.35** Vinterstudion **13.10** Skidskytte **14.40** Vinterstudion **15.10** Längdskidor **16.00** Ridsport **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Oväntat besök **17.45** Julkalendern **18.00** Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19,00** Solens mat **19.30** Sportspegeln **20.00** Åkalla **20.45** VeteranTV **21.15** Autism i nytt ljus **21.45** Carin 21.30 **22.15** Brottskod. Försvunnen **22.55** Nästan en ambassad **23.25** Sändningar från SVT24

## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Tíundi var Bjöggi gamli,
sleiktur svaka gæ.
Teinóttur í miðbænum
við alla sagði hæ.

Fótbolta- og lista-
og kranakóngurinn,
rann með allt á rassgatið
aftur í annað sinn.

## HIN HLIÐIN PÉTUR GAUTUR SVAVARSSON MYNDLISTARMAÐUR

# *Leiðinlegt að standa í biðröð*

**Hvað er að frétta?** Ég er nýbúinn að opna aðventusýningu á vinnustofunni sem er á horni Njálsgötu og Snorrabrautar. Er þar á hverjum degi til jóla og tek á móti gestum og gangandi frá klukkan 16-18.

**Augnlitur:** Grænn.

**Starf:** Listmálari.

**Fjölskylduhagir:** Eiginkona, tveir strákar, menntaskólamær og Golden Retrievertíkin Sunna.

**Hvaðan ertu?** Reykjavík. Ættaður frá Ölkeldu í Staðarsveit, því algjör „öllari".

**Ertu hjátrúarfullur?** Jebb, þoli t.d. alls ekki svarta ketti.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Frasier, Little Britain, Catherine Tate Show.

**Uppáhaldsmaturinn:** Rjúpur og öll villibráð.

**Fallegasti staðurinn:** Tvímælalaust útsýnið úr pottinum mínum í sveitinni. Uppland Hafnarfjarðar er líka í miklu uppáhaldi hjá mér og tíkinni.

**iPod eða geislaspilari:** iPod.

**Hvað er skemmtilegast?** Hitta góða og skemmtilega vini.

**Hvað er leiðinlegast?** Það allra leiðinlegasta í heimi er að rífast, og að standa í biðröð.

**Helsti veikleiki:** Segi hlutina stundum í stað þess að þegja...

**Helsti kostur:** Fljótur að gleyma...

**Helsta afrek:** Hiklaust börnin mín. Og síðan örfá málverk.

**Mestu vonbrigðin?** Þegar mér hefur tekist að klúðra einhverju hrikalegu, sem er alltaf að gerast.

**Hver er draumurinn?** Að lifa á listinni og að sjá börnin mín dafna.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Einar Örn, Karl Pétur, Anna í Sjáðu, Bjössi, Lolla og Össi, viltu fleiri?

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Kommar, smásálir og allar þvingaðir.

**Hvað er mikilvægast?** Heilsan, fjölskyldan og stöðugleiki.

# Réttur er settur

Tökur á spennuþáttaröðinni Réttur eru hafnar og ganga að sögn Magnúsar Viðar Sigurðssonar, framleiðanda, mjög vel. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu eru lögfræðingar í aðalhlutverki í þáttunum og fara tökur í dómsal fram í héraðsdómi Reykjanes. „Við fengum góðfúslegt leyfi hjá forsvarsmönnum hússins að fá að taka upp þegar ekkert væri að gerast í sölunum," segir Magnús. Hugsað er fyrir hverju smáatriði í þáttunum og fengu aðstandendur Réttar meðal annars afnot af dómaraskikkjum frá félagi Laganema, Orator. Fjöldi lögfræðinga hefur jafnframt komið að gerð handritsins, lesið það yfir og stílfært svo að það sé í takt við íslenskt réttarkerfi. Og til að glæða þættina enn raunverulegri blæ mun einn virtasti lögfræðingur landsins, Helgi Jóhannesson, leika lítið hlutverk í þáttunum. „Já, hann setti það sem skilyrði þegar hann las yfir handritið," segir Magnús í léttum dúr. Sýningar á Rétti hefjast á Stöð 2 í janúar. -fgg

**LEIKUR LÍTIÐ HLUTVERK** Helgi Jóhannesson, lögfræðingur, leikur lítið hlutverk í Rétti.

**AÐALSTJARNAN** Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikur aðalhlutverkið í þáttunum sem hefja göngu sína í janúar á Stöð 2.

25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta

Opið í dag frá kl.13-16
Mikið úrval!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

FORLAGIÐ VÍSIR.IS

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS
VINNINGSHAFAR

**Bækur frá Forlaginu**
Birna Jóna Magnúsdóttir Bakkastaðir 13
Björk Guðmundsdóttir Mávatjörn 14
Helgi Magnússon Þrastarási 71a
Inga Agnarsdóttir Hofsvallagata 22
Miriam Thorarensen Skarðshlíð 12e
Pétur Hjálmarsson Borgarási 2, Flúðum
Sigurður Þórir Þórisson Grundartanga 14
Sigurrós Ósk Karlsdóttir Berjarima 22
Steingrímur Þorgeirsson Hafraholti 44
Sváfnir Hermannsson Engjahjalli 25
Valgerður H. Rúnarsdóttir Gullengi 17
Viktor Pétursson Logafold 50

**Bíókort frá Sambíóunum**
Anína Marín Thorstensen Efstahlíð 33
Anna Garðarsdóttir Álftamýri 54
Áslaug Hallvarðsdóttir Leirutangi 17b
Benjamin Liam Finze Framnesvegur 1
Hafþór Theodórsson Engjasel 67
Helena Rut Baldursdóttir Aratúni 38
Kristján Carlsson Granz Tunguvegur 10
Kristján Óðinn Unnarsson Kambahrauni 26
Margrét Gunnarsdóttir Rauðarárstíg 36
Olga Helgadóttir Blöndubakki 5
Svanhvít J. Jóhannsdóttir Þórufell 18
Tómas Kristjánsson Skógarás 3

**Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu**
Björg Lárusdóttir Hólaberg 34
Halldór Jóhannesson Viðarrima 44

Taktu þátt á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24.
Opið alla virka daga frá klukkan 8-17.

## NORDICA HILTON: DÝRASTA SVÍTAN PÖNTUÐ FYRIR ÁRAMÓTIN

# Allar flottustu svíturnar upppantaðar um áramótin

Allar dýrustu svítur Reykjavíkur eru upppantaðar yfir áramótin. Fréttablaðið hafði samband við hótelstjóra fjögurra frægustu hótela höfuðborgarinnar og alls staðar var sama sagan; hvergi var hægt að panta svítu á gamlárskvöld, þær væru upppantaðar.

Þessi lauslega könnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að dýrasta svítan er á Hilton Nordica-hótel við Suðurlandsbraut. Nóttin þar kostar litlar 125 þúsund. Að sögn Ingólfs Haraldssonar hótelstjóra hefur hún þegar verið pöntuð um áramótin. Nordica Hilton býður reyndar upp á tvær minni svítur og nóttin í þeim kostar 55 þúsund. Þær eru báðar fráteknar yfir áramótin. Ingólfur segir þó að aðeins minna sé um pantanir þetta árið heldur en í fyrra. „Þá vorum við smekkfull en nú er bara fullt," segir Ingólfur sem reiknar með því að um 350 gestir ætli sér að vakna á nýju ári við ljúfan umferðarnið frá Suðurlandsbrautinni.

Sama var upp á teningnum hjá Eiríki Inga Friðgeirssyni, hótelstjóra Hótels Holts. Hann var reyndar ekki búinn að ganga frá öllum pöntunum á stóru svítunum en sagði regluna einfaldlega þá að þær væru fullsetnar yfir áramótin. Eiríkur segir að flestir gestir dveljist í fjóra daga og stærsti hluti þeirra fari heim á nýársdag. „Flugeldarnir eru stærsta aðdráttaraflið," segir Eiríkur.

Vinsælasta hótel þeirra sem vilja njóta lífsins í miðborginni er án nokkurs vafa 101 Hotel. Þar fengust þær upplýsingar að báðar svítur hótelsins væru uppteknar yfir áramótin; annars vegar glæsileg íbúðarsvíta þar sem nóttin er verðlögð á 111 þúsund og hins vegar svíta með svölum en næturgisting þar kostar rúmar 83 þúsund krónur.

Hótel Saga hefur notið mikilla vinsælda meðal erlendra gesta sem koma hingað til lands yfir áramótin. Kristján Daníelsson hótelstjóri segir að allar svíturnar séu uppbókaðar. Þar sé stolt hótelsins, Forsetasvítan, engin undantekning en nóttin þar kostar 75 þúsund krónur. Auk þess hefur hótelið yfir að ráða átta minni svítum. Þær eru þegar pakkaðar. „Við erum með smá dagskrá fyrir gestina á gamlárskvöld. Gestirnir fá sér að borða í Súlnasal og svo á miðnætti fer fólk upp á Grillið, fær sér kokkteil og snittur og horfir á flugeldana," segir Kristján. freyrgigja@frettabladid.is

**ALLT BÓKAÐ** Allar flottustu svíturnar í Reykjavík eru upppantaðar um áramótin. Ingólfur Haraldsson, hótelstjóri á Nordica Hilton, þarf að sjá til þess að sá sem greiðir 125 þúsund krónur fyrir nóttina í forsetasvítunni verði ánægður með dvölina.

# Alþýðukona leggur útrásarforsetann

„Jú, jú, þetta eru nánast landráð. Og ég vona að forsetinn fyrirgefi mér þetta," segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, rithöfundur og sjónvarpsmaður. Og bætir við: „En það er í takt við tíðarandann að alþýðukona leggi útrásarforsetann."

Nú er bardaginn um bóksöluna að ná hámarki. Og bókaútgefendur eru ánægðir, sala bóka fer fram úr björtustu vonum og stefnir í að Arnaldur Indriðason slái enn eitt metið og fari jafnvel yfir 30 þúsund seld eintök. Og sala bókar Sigmundar um Magneu Guðmundsdóttur, óþekktu alþýðukonuna, hefur farið fram úr björtustu vonum og er mest selda ævisagan. Saga af forseta eftir Guðjón Friðriksson er í öðru sæti – óvænt. Útgefandinn Pétur Már Ólafsson hjá Veröld er kátur. „Við þóttum býsna djörf að prenta 5.000 eintök af Magneu í upphafi en viðtökurnar hafa verið langt umfram væntingar; mest selda ævisagan, besta ævisagan að mati starfsfólks bókaverslana – og í dag kemur hressileg viðbótarprentun á lager." Pétur Már dregur ekki úr því að bjart sé yfir Veröldinni. Og upplýsir að Auðn Yrsu Sigurðardóttur sé á fljúgandi siglingu. „Við létum prenta risaupplag af Auðninni fyrr í haust, 10.000 eintök, og þótti óðsmanns æði. En… við fengum nú fyrir helgina myndarlega viðbót á lager úr Odda, enda fyrsta prentun á þrotum. Það stefnir því í algjört met hjá Yrsu og ætti bókin að seljast í um 13.000 eintökum." - jbg

**SIGMUNDUR OG MAGNEA** Sigmundur segir það í takt við tímann að alþýðukona leggi útrásarforsetann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fúnheit útsala er hafin

## 20-60%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

OPIÐ TIL KL. 22
OPIÐ AÐFANGADAG KL. 10-13

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar

## *Ömurleg jól*

Ömurlegustu jól sem ég hef lifað voru árið 1993. Ég var nýfráskilinn og nýfluttur inn í íbúðarkytru í miðborginni. Megnið af hafurtaskinu mínu var því ýmist enn í kössum eða hjá minni fyrrverandi. Kringumstæður mínar höfðu verið þannig að lítið hafði farið fyrir jólaskapinu hjá mér á aðventunni og ofan á það var ég staurblankur. Af þeim sökum ákvað ég að gera ekkert úr jólunum, heldur herja þess í stað á fjölskylduboðin yfir bláhátíðarnar og halda svo áfram með líf mitt eins og ekkert hefði í skorist. Hins vegar gekk einhver pest þessi jól þannig að mamma lagðist í bælið og boðinu á jóladag var aflýst. Þar sem ég átti ekki í nein önnur hús að venda var ég því einn heima í hálfkaraðri og óskreyttri íbúð. Ég sauð mér frosna ýsu sem ég átti og át hana með kartöflum og smjöri. Það var jólasteikin mín.

**ÉG HEF** alloft orðið niðurdreginn um dagana, en aldrei hefur annað eins svartnættisþunglyndi með sjálfsvorkunn og algjöru vonleysi hellst yfir mig og þennan jóladag. Samt var ekkert við kringumstæðurnar í sjálfu sér sem hefði átt að gera mig dapran. Ýsa er góður matur og húsnæði manns er alla jafna ekki skreytt í hólf og gólf. Ef þetta hefði verið virkur dagur í janúar hefði ekki verið nein ástæða til að kvarta. En þetta var ekki virkur dagur í janúar heldur jóladagur. Hann á að vera öðruvísi en aðrir dagar ársins.

**ÁSTÆÐA** þess að ég er að rifja þetta upp er sú að ég get ímyndað mér að þessi jól sé svipað ástatt um marga. Jólaskapið hefur eflaust víða átt erfiðara uppdráttar nú en oft áður út af áhyggjum og fjárhagslegu óöryggi. Aðventan kynni að hafa gert ýmsum erfitt um vik að fyllast sama jólaanda og vanalega.

**ÉG VIL** samt skora á þá sem þannig er ástatt fyrir að hunsa ekki jólin með öllu. Það er beinlínis mannskemmandi að gera sér engan dagamun á þessum árstíma. Íburður er óþarfur, jafnvel bara til vansa. Pínulítið greni, kerti, jólakúla, engill eða stjarna ætti ekki að vera neinum ofraun. Ekki heldur dós af jólaöli, súkkulaðimoli, sneið af hreindýrakæfu eða annað sem hver tengir sínum jólum. Það er beinlínis sálartortímandi að gera ekkert til að lyfta sér upp eða lífga upp á umhverfi sitt núna í svartasta skammdeginu.

**ÉG MÆLI** allavega ekki með því.

**GLEÐILEG JÓL.**

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er sunnudagurinn 21. desember, 356. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.25 | 15.30 |
| Akureyri | 11.39 | 13.10 | 14.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*